LE RENDEZ VOUS

*Leita alltaf að besta hráefninu*

Matur Tilboð

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




HEILSA & HREYFING

*Fer heljarstökk milli húsþaka*

Sérblað um heilsu og hreyfingu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**Slógu í gegn í Köben**

Helga Ólafsdóttir fatahönnuður, Gunni og Kolla hjá Andersen & Lauth gera það gott í Kaupmannahöfn.

**sirkus** FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. september 2007 — 242. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



**Mikill missir**

Tólf ára gamalli myndavél ljósmyndarans Áslaugar Snorradóttur stolið.

FÓLK 46

**Malodor**

„Þar sem ráð af þessu tagi reynast vel gegn kakkalökkum liggur beint við að spreyja á húsnæðisleysingja líka," skrifar Einar Már Jónsson um undraefnið Malodor.

UMRÆÐAN 24

**Syngur fyrir Pavarotti**



Kristján Jóhannsson tileinkar stórtenórnum lag á tónleikum sínum á sunnudag.

FÓLK 46

**Í mál við Fram?**



Valdimar Þórsson gæti orðið annar handknattleikskappinn á skömmum tíma sem fer með málefni sín og Fram fyrir almenna dómstóla.

ÍÞRÓTTIR 41

## VEÐRIÐ Í DAG




**Vestlæg átt -** með úrkomu um mest allt land í morgunsárið, en styttir upp austanlands síðdegis. Hlýtt um allt land.

VEÐUR 4




# Samkeppni að mestu horfin af fiskmarkaði

**Fiskisaga sögð hafa sjötíu prósenta hlutdeild á fiskmarkaði hérlendis. Formaður Neytendasamtakanna telur samþjöppunina óhagstæða fyrir neytendur.**

**NEYTENDAMÁL** Samkeppniseftirlitið á að rannsaka samþjöppunina á fiskmarkaðnum því hún er óhagstæð fyrir neytendur, segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, um fyrirtækið Fiskisögu sem talið er ráðandi á fiskmarkaðanum á höfuðborgarsvæðinu.

Fiskisaga rekur tíu af þeim fimmtán eða sextán fiskbúðum sem eru á höfuðborgarsvæðinu. Jóhannes segir undarlegt að Samkeppniseftirlitið hafi enn ekki rannsakað þessa miklu samþjöppun. Haukur Víðisson, framkvæmdastjóri Fiskisögu, segir að fyrirtækið sé með um sjötíu prósenta markaðshlutdeild á innanlandsmarkaðnum, að meðtöldu systurfyrirtækinu Sjófiski, sem selur fisk til skóla, mötuneyta og veitingastaða. Eiríkur Auðunn Auðunsson, fisksali í Kópavogi, segir að samkeppnin á fiskmarkaðnum sé að mestu leyti horfin. Haukur neitar þessu og segir það ljóst að enn sé samkeppni á fiskmarkaðnum.

Haukur segir að Fiskisaga sé að reyna að lyfta fiskbúðum á hærra plan og gera þær að sælkeraverslunum. Hann telur þróunina á fiskmarkaðnum vera til góðs.

Samkvæmt könnun ASÍ frá því í janúar var Fiskisaga með hæsta fiskverðið í tólf af fimmtán tilfellum. Eiríkur segir að fólk sé farið að átta sig á þessu og versli því í auknum mæli við aðra en Fiskisögu: hann segir sölu hafa aukist í fiskbúðinni sinni um 120 prósent á milli ára. Hann segir samþjöppunina ekki hafa skilað sér til neytenda. **- ifv/kóþ /** **sjá síðu 4**



**BRUGÐIÐ Á LEIK FYRIR STÝRIVAXTAÁKVÖRÐUN** Þórhallur Jósepsson, fréttamaður Útvarps, og Davíð Oddsson Seðlabankastjóri brugðu á leik áður en kynnt var ákvörðun Seðlabankans um óbreytta stýrivexti í gærmorgun. Þórhallur lætur sem hann skenki Davíð úr „pelanum", en svo er nefnt stafrænt upptökutæki það sem útvarpsmenn nota og minnir óneitanlega á áfengispela. Fjallað er nánar um fund Seðlabankans á síðu 22 í blaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Háskóli Íslands hefur ekki pláss fyrir 1.300 ára furusneið:

# Ævagömul þjóðargjöf á hrakhólum

**SAFNAMÁL** „Flakkið á furusneiðinni sýnir vel meinlega stöðu sýningamála þegar kemur að náttúrufræði," segir Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Furusneiðin sem um ræðir var gjöf ríkisstjórnar Bandaríkjanna til íslensku þjóðarinnar árið 1985 og þykir hún hinn mesti kjörgripur. Á sínum tíma var því ákveðið að Náttúrufræðistofnun Íslands fengi sneiðina til umráða – þegar stofnunin fengi húsnæði þar sem hægt væri að hýsa hana með sómasamlegum hætti. Þar til yrði hún í Háskólabíói. Síðan hafa liðið 22 ár.

Nýverið tilkynnti Háskóli Íslands að ekkert pláss væri lengur fyrir furuna innan skólans. Var þá ákveðið að Náttúrufræðistofnun Íslands tæki sneiðina til sín. „Náttúrufræðistofnun hefur séð um sýningarsalinn í Hlemmi. Ekki var þó hægt að setja hana upp þar enda aðgengi slæmt og sýningarsvæðið aðeins tvö lítil herbergi," útskýrir Hilmar.

Var þá ákveðið gamla furan færi í nýstofnað Náttúruminjasafn Íslands. „Sú stofnun er aðeins ein skrifstofa og einn maður," útskýrir Hilmar enn. Hann segir vilyrði ekki hafa fengist til að reisa Náttúruminjasafn og því útséð enn um framtíðarstað þessa merka grips. Náttúrufræðistofa Kópavogs geymi því furuna um þessar mundir. **- kdk**



**Í GEGNUM SÖGUNA** Merkir atburðir Íslandssögunnar eru merktir á árhringina. Ekki er vitað hvenær sneiðin kemst á safn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**SPAUGSTOFAN** Ætla að fá ýmsa til að leika og aðstoða við þættina í vetur.

Breytingar á Spaugstofunni:

# Gestaleikarar í hverri viku

**SJÓNVARP** Spaugstofumenn ætla að fá málsmetandi fólk til liðs við sig í þáttunum í vetur. Þetta staðfesti Örn Árnason, einn Spaugstofumanna, í samtali við Fréttablaðið.

„Við erum með óskalista en ég vil helst ekki gefa upp hverjir eru á honum," sagði Örn. Hann bætti þó við að úrvalslið leikara hefði tekið vel í að aðstoða við að skrifa og leika í þáttaröð vetrarins. Þá útilokaði Örn ekki að þeim sem yrðu mest í umræðunni hverju sinni myndi bregða fyrir í eigin persónu í þáttunum. **- fgg /** **sjá síðu 46**

Veltumet slegið í Kauphöll:

# Glitnir fór yfir 500 milljarða

**VIÐSKIPTI Heildarvelta með hlutabréf í Glitni er komin yfir 500 milljarða króna það sem af er ári og er það í fyrsta skipti sem slíkt gerist hjá Kauphallarfélagi. Til samanburðar var heildarvelta allra hlutabréfa í Kauphöll Íslands 554 milljarðar króna árið 2003.**

**Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, bendir á að markaðsvirði Glitnis sé um 427 milljarðar og því hafi hvert hlutabréf í bankanum skipt um hendur að minnsta kosti einu sinni á árinu.**

**Hreyfingar stórra hluthafa í Glitni skýra einkum mikla veltu með hlutabréf félagsins frá áramótum.** **- eþa /** **sjá bls. 22**

Þriðja algengasta dánarorsök:

# Sjálfsvígum táninga fjölgar

**BANDARÍKIN, AP** Sjálfsvígum meðal bandarískra stúlkna á táningsaldri hefur fjölgað mikið og henging hefur slegið skotvopn út sem algengasta sjálfsvígsaðferðin. Frá þessu greindu yfirvöld vestra í gær.

Sjálfsvígum meðal bandarísks æskufólks á aldrinum 10 til 24 ára fækkaði um 28 prósent á tímabilinu 1990 til 2003, en árið 2004 fjölgaði þeim á ný um 8 prósent. Munaði þar mestu um fjölgun sjálfsvíga meðal stúlkna á aldrinum 10 til 19 ára og drengja á aldrinum 15 til 19 ára.

Sjálfsvíg eru þriðja algengasta dánarorsök ungra Bandaríkjamanna, á eftir bílslysum og morðum. Þó eru sjálfsvígin færri en eitt á hverja 100.000 íbúa. **- aa**

## SPURNING DAGSINS



*Bjarnleifur, er glatt á hjalla í Gladheimum?*

„Þar er alltaf glatt á hjalla.“

Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa heimilað hestamannafélaginu Gusti að nota hesthúsin í Glaðheimum í einn vetur enn áður en þau verða rifin. Bjarnleifur Bjarnleifsson er formaður Gusts.

Umhverfisstofnun mátti ekki leggja hald á ljón sem nú er sýnt í Leifsstöð:

# Lögregla passi eyðimerkurljón

**STJÓRNSÝSLA** Uppstoppað eyðimerkurljón sem flutt var til Íslands í fyrrasumar á að færa úr vörslu Umhverfisstofnunar og koma í hendur lögreglu. Þetta segir umhverfisráðuneytið, sem fékk kæru frá eiganda ljónsins vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar um að leggja hald á það.

Eyðimerkurljón eru á lista yfir dýr í útrýmingarhættu. Þessu ljóni fylgdi útrunnið suður-afrískt leyfi fyrir útflutningi til Bandaríkjanna. Í úrskurðinum segir að Umhverfisstofnun hafi farið út yfir valdsvið sitt með því að taka ljónið. Lögreglan eigi að fá ljónið og rannsaka málið. Eigandinn, sem mun vera uppstoppari og safna sjaldgæfum dýrum, fær því ljónið að minnsta kosti ekki í bráð og líkast til aldrei.



**Í LEIFSSTÖÐ** Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, afhjúpaði í maí í Leifsstöð sýningarkassa með dýrum og afurðum úr dýrum í útrýmingarhættu. MYND/GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON

Umrætt eyðimerkurljón er reyndar í augnablikinu í sýningarkassa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þar hefur það verið frá því þremur dögum fyrir alþingiskosningar í vor. Þá afhjúpaði þáverandi umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, sýningarkassann með ljóninu og fleiri dýrum og afurðum af dýrum í útrýmingarhættu. Tilgangurinn er að vekja athygli á alþjóðlegum samningi um bann við verslun með dýr og plöntur í útrýmingarhættu og með afurðir úr þeim. - gar

Netþjónabú á Íslandi:

# Þrjú fyrirtæki hafa sýnt áhuga

**ORKUMÁL Þrjú fyrirtæki hafa þegar skoðað aðstæður á Íslandi fyrir uppsetningu netþjónabúa og bendir margt til að fyrirtæki með Íslendinga í fararbroddi muni ríða á vaðið, að því er kom fram í ræðu Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra á ráðstefnu um netþjónabú í gær.**

**Fyrirtækin íhuga uppsetningu stórbúa sem þurfa hvert um sig raforku sem nemur 50 til 100 megavöttum innan næstu ára. Raforkuþörf fyrir slíka starfsemi gæti á næstu þremur til fimm árum numið 200 til 250 megavöttum samkvæmt áætlunum iðnaðarráðuneytisins.** - sdg

Dómkirkjuprestakall:

# Sex konur og einn karl sóttu um embætti

**TRÚMÁL** Sex konur og einn karl sóttu um embætti prests í Dómkirkjuprestakalli. Umsækjendur eru sr. Anna Sigríður Pálsdóttir, sr. Ása Björk Ólafsdóttir, sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir, sr. Guðrún Karlsdóttir, dr. theol. Rúnar M. Þorsteinsson, cand. theol. Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, sr. Þórhildur Ólafs.

Ólafur Jóhannsson, formaður Prestafélags Íslands, segir konur skipa rúmlega 27 prósent prestastéttar á Íslandi.

„Að hluta til endurspegla þessar umsóknir ákveðið viðhorf margra presta um að þar sem tveir prestar þjóni saman þá sé annar karl og hinn kona,“ segir Ólafur. - lbb

Notkun jarðefnaeldsneytis:

# Ísland notar langminnst

**ORKUMÁL Íslendingar nota hlutfallslega langminnst af jarðefnaeldsneyti af þeim ríkjum sem falla undir Kyotobókunina samkvæmt nýrri skýrslu Loftslagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna um hvernig draga megi úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda hjá viðkomandi ríkjum. Greint er frá þessu á heimasíðu Samtaka atvinnulífsins.**

**Hlutur Íslands er einungis 27,5% af heildarorkunotkun þjóðarinnar þar sem að hér er einungis notuð endurnýjanleg orka til raforkuframleiðslu og til upphitunar.**

**Írland er með hæsta hlutfall notkunar jarðefnaeldsneytis eða 98 prósent. Meðaltalið hjá ESB eru tæp 80 prósent.** - sdg

# Talin marka nýtt upphaf í Kvosinni

**Húsin sem brunnu við Lækjargötu og Austurstræti verða endurbyggð og bætt. Valin hefur verið tillaga frá arkitektum um uppbyggingu í Kvosinni sem farið verður eftir við gerð deiliskipulags. Vinnu við deiliskipulagið á að ljúka fyrir jól.**

**SKIPULAGSMÁL** Húsin við Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 sem brunnu í apríl verða endurreist í sinni upprunalegu mynd; horft verður til þess hvernig húsin litu út á blómaskeiði sínu við endurbyggingu þeirra. Einni hæð verður hugsanlega bætt við húsið á Lækjargötu 2 og húsið sem stóð við Lækjargötu 4, sem nú er á Árbæjarsafni, verður kannski flutt aftur á sinn upprunalega stað eftir að húsið við Hafnarstræti 20 hefur verið rifið.

Tillaga frá arkitektastofunum Argosi, Gullinsniði og Studio Granda sem meðal annars felur þetta í sér var valin úr sextán tillögum sem bárust í hugmyndasamkeppni sem Reykjavíkurborg efndi til eftir brunann. Dómnefnd sem valdi tillöguna kynnti hana í gær. Tillagan ber heitið Ó borg, mín borg og er sögulegt samhengi og varðveisla sögulegra minja sagt vera forgangsatriði í henni. Hlutar tveggja annarra tillaga sem var skilað inn verða auk þess keyptar og verður líka unnið með þær við gerð nýs deiliskipulags fyrir Kvosina.



**VERÐLAUNATILLAGAN** Í tillögunni er meðal annars gert ráð fyrir að lækurinn sem Lækjargata er nefnd eftir verði endurvakinn á sínum upprunalega stað í steinhleðslustokki eftir götunni og að gangstéttarsvæðið verði breikkað til muna. Trjáröð verði meðfram læknum endilöngum og önnur sólarmegin í Austurstræti, svo Lækjartorg verði umlukið trjám.



**FRÁ KYNNINGUNNI** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, veittu fulltrúum frá arkitektastofunum Argosi, Gullinsniði og Studio Granda viðurkenningu fyrir verðlaunatillögun í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hanna Birna Kristjánsdóttir, meðlimur í dómnefndinni og formaður Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir að borgaryfirvöld vilji að tillagan verði undirstaðan í nýja deiliskipulaginu, „Við féllum algerlega fyrir þessari tillögu. Hún markar nýtt upphaf fyrir þennan elsta bæjarhluta borgarinnar,“ segir Hanna Birna.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segist sannfærður um að tillagan verði öllum Reykvíkingum til sóma, en sama dag og húsin brunnu í apríl sagði hann að þau yrðu endurbyggð. Hanna Birna segist gera ráð fyrir því að vinnu við nýja deiliskipulagið verði lokið fyrir áramót og Vilhjálmur borgarstjóri segist reikna með að framkvæmdir á svæðinu geti hafist fljótlega á næsta ári.

Margrét Harðardóttir, einn af arkitektunum sem teiknuðu verðlaunatillöguna, segist vona að hægt verði að ná sátt um tillöguna því það sé miðbænum fyrir bestu. „Við þurfum að byggja miðbæ Reykjavíkur upp á almennilegan hátt og þessi tillaga miðar að því.“

Hægt er að kynna sér tillöguna betur á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.rvk.is

ingifreyr@frettabladid.is



**MANNEKLA** Kristín stendur vaktina í mötuneytinu og krossar við börnin sem eru í mat.

Mannekla í Hagaskóla:

# Aðstoðarskólastjórinn vinnur í mötuneytinu

**MENNTUN** „Það er óvenjuslæmt að hafa ekki starfsfólk á göngum í 550 barna skóla við upphaf skólaárs,“ segir Kristín Jóhannsdóttir, aðstoðarskólastjóri Hagaskóla.

Enn vantar tvo skólaliða og einn starfsmann í mötuneyti í skólann. „Stjórnendur verða auðvitað að bregðast við þegar ástandið er svona og við höfum gengið í þessi verk sjálf.“ Kristín segir ástandið helst bitna á því starfsfólki sem fyrir er og nemendum.

„Nemendur fá ekki eins mikla gæslu á göngunum og ætti að vera,“ segir Kristín og bendir á að komi upp atvik á göngunum sé öryggi nemenda ekki tryggt þegar ekkert starfsfólk sé til staðar. - lbb

## SUÐURNES

### Brutust inn á völlinn

Fimm ungmenni á aldrinum 16 til 17 ára voru handtekin á fyrrum veitinga- og keilustað á gamla hersvæðinu á Keflavíkurflugvelli í fyrrinótt. Þau eru grunuð um eignaspjöll og fíkniefnaneyslu. Lögreglan á Suðurnesjum tjáir sig ekki um málið.






Óperusöngvarinn Luciano Pavarotti er látinn:

# Einstæð rödd er þögnuð

**ÍTALÍA, AP** „Í dag mun allur heimurinn hlusta á rödd hans á hverri einustu útvarps- og sjónvarpsstöð,“ sagði ítalski tenórinn Placido Domingo um félaga sinn Luciano Pavarotti, sem lést í fyrrinótt. „Og það mun halda áfram,“ bætti Domingo við. „Hann mun aldrei hætta.“

Pavarotti var 71 árs þegar hann lést á heimili sínu í Modena á Ítalíu af völdum krabbameins í brisi, sem hann hafði glímt við frá því á síðasta ári. Hann var lagður aftur inn á sjúkrahús í síðasta mánuði en nú síðustu dagana dvaldi hann heima hjá sér í faðmi fjölskyldunnar.

„Þetta er mjög dapurlegur dagur, og ekki bara fyrir óperuheiminn,“ sagði spænski tenórinn Jose Carreras, sá þriðji af „tenórunum þremur“ – ásamt Pavarotti og Domingo, sem slógu svo rækilega í gegn á síðasta áratug. Rödd Pavarottis þótti nánast einstæð í óperusögunni og hann gerði meira en flestir til að afla óperutónlist vinsælda víða um heim.

„Hann var auðvitað einn stórbrotnasti tenór söngvarans, einn af mikilvægustu söngvurum óperusögunnar,“ sagði Carreras og bætti því við að Pavarotti hefði reynst sér góður vinur og hjálpað sér í gegnum erfið veikindi á sínum tíma.

Pavarotti verður jarðsunginn á morgun í dómkirkjunni í Modena. - gb



**LUCIANO PAVAROTTI** Hans verður sárt saknað í óperuheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ég ætlaði bara að fá mér fiðlu

## Það skiptir máli að spara á réttum stað.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%*.**

Enginn annar íslenskur peningamarkaðssjóður náði yfir 15% á sama tímabili*.

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**



Himinn og haf / SÍA - 9071096

75 ára | spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007 skv. sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

## GENGIÐ 06.09.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,25 | 64,55 |
| Sterlingspund | 130,03 | 130,67 |
| Evra | 87,70 | 88,20 |
| Dönsk króna | 11,776 | 11,844 |
| Norsk króna | 11,102 | 11,168 |
| Sænsk króna | 9,370 | 9,424 |
| Japanskt jen | 0,5577 | 0,5609 |
| SDR | 98,53 | 99,11 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

119,2249

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármagnstekjur Íslendinga á árinu komnar fram úr spám fjármálaráðuneytisins:

# Skatttekjur af fjármagnstekjum aukast

**EFNAHAGSMÁL** Hlutfall fjármagnstekjuskatts í skatttekjum ríkisins jókst um tæp 66 prósent frá árinu 2003 til ársins 2006.

Fjármagnstekjuskattur nam 24 milljörðum króna í fyrra sem var 6,3 prósent af heildarskatttekjum og tryggingagjöldum það árið samkvæmt Vefriti fjármálaráðuneytisins sem kom út í gær.

Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs námu fjármagnstekjur Íslendinga tæplega 209 milljörðum króna sem eru meiri fjármagnstekjur en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu á öllu árinu að því er kemur fram á heimasíðu Samtaka iðnaðarins. Er því spáð að fjármagnstekjur Íslendinga eftir árið geti numið á bilinu 300 til 400 milljörðum króna. Myndi það skila ríkissjóði 30 til 40 milljörðum króna í fjármagnstekjuskatt sem er umtalsverð aukning frá árinu í fyrra.



**ÍSLENSKAR KRÓNUR** Frá árinu 1997 hefur fjármagnstekjuskattur verið tíu prósent.

Af tólf liðum hlutfallslegrar skiptingar skatttekna og tryggingagjalda var fjármagnstekjuskattur sjötti stærsti liðurinn í fyrra. Aðeins einn liður hefur vaxið meira en fjármagnstekjurnar undanfarin fjögur ár: skattar á tekjur og hagnað lögaðila. Þær skatttekjur námu 8,6 prósentum af heildarskatttekjum í fyrra eða 32 milljörðum króna og hafa hækkað um tæplega 69 prósent frá árinu 2003. - sdg

Fiskþurrkun á Akranesi:

## Starfsleyfi ógilt af ráðuneytinu

**STJÓRNSÝSLA** Starfsleyfi Laugafisks á Akranesi hefur verið ógilt af umhverfisráðuneytinu. Ráðuneytið segist ekki hafa valdheimildir til að stöðva starfsemina eins og krafist var í kæru sautján Akurnesinga.

Ráðuneytið telur að Heilbrigðisnefnd Vesturlands hafi ekki gætt þess að leyfa nágrönnunum að koma athugasemdum á framfæri áður en leyfið var veitt. Íbúarnir hafa þegar sent heilbrigðisnefnd bréf þar sem segir að ekki séu til lausnir til að koma í veg fyrir lyktarmengun frá Laugafiski og að þeir muni leita réttar síns verði starfsleyfið endurnýjað. - gar

Hlutafélagavæðing Orkuveitu:

## Starfshópur fari yfir málið

**STJÓRNMÁL** Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær að koma á laggirnar starfshópi um hlutafélagavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórn OR samþykkti á fundi sínum á mánudag að beina því til eigenda sinna, Reykjavíkurborgar, Akranesbæjar og Borgarbyggðar, að breyta fyrirtækinu úr sameignarfyrirtæki í hlutafélag.

Formaður hópsins verður Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs. „Það liggja miklar upplýsingar fyrir um þetta mál en það þarf að huga að þeim álitaefnum sem hafa komið upp í umræðunni um þessa rekstrarformsbreytingu. Við munum einnig fara yfir á hvaða þáttum þarf að vera hægt að taka væntanlegu lagafrumvarpi um málið,“ segir Björn Ingi. - mh

# Ein búð allsráðandi á fiskmarkaðnum

**Fiskisaga rekur nú tíu fiskbúðir á höfuðborgarsvæðinu og systurfyrirtækið Sjófiskur selur að auki til margra mötuneyta og veitingastaða. „Samkeppnin er að mestu farin,“ segir fisksali. „Mjög mikil samþjöppun,“ segja Neytendasamtökin.**

**SAMKEPPNI** „Samkeppnin er að mestu farin. Ég myndi giska á að Fiskisaga væri með 85 til 90 prósent af innanlandsmarkaðnum,“ segir Eiríkur Auðunn Auðunsson, fisksali í Hófgerði í Kópavogi.

Eiríkur er fyrrverandi starfsmaður Fiskisögu – sælkeraverslana með fisk, sem nú skyggja á aðrar fiskbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir að sú hagkvæmni stærðar sem sóst er eftir með stórum rekstrareiningum hafi enn ekki komið fram hjá Fiskisögu. Þar sé verðið þvert á móti hærra en í öðrum búðum.

„Fólk er farið að átta sig á þessu og það skýrir líka söluaukninguna hérna hjá okkur, um 120 prósent milli ára,“ segir Eiríkur.

Eiríkur telur að söluaukning í sinni búð megi ekki síst rekja til þess að Fiskisaga fari gegn sögulegri fiskmenningu Íslendinga.

„Fólk vill ekki borga fyrir huggulega framsetningu þegar það ætlar að kaupa fisk.“ segir hann. „Fólk vill ferskt og gott hráefni sem er unnið á staðnum og persónulega þjónustu. Það er hins vegar búið að slíta hjartað úr búðunum með þeim mönnum sem hurfu á braut þegar Fiskisaga keypti þá út. Kúnnarnir segja okkur að þetta sé eins og að versla í stórmarkaði,“ segir hann.

Gamalreyndur fisksali á Freyjugötu sagðist einungis vita um fjórar til fimm búðir eftir í bænum, sem ekki tilheyra Fiskisögu.

Haukur Víðisson, framkvæmdastjóri Fiskisögu, segir á móti að búðirnar séu minnst fimm til sex, sem séu í samkeppni við tíu verslanir þeirra á höfuðborgarsvæðinu.



**EIRÍKUR FISKSALI MUNDAR HNÍFINN** Segir að hjartað sé slitið úr fiskbúðunum þegar þeim er breytt í fiskisögur.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÖKULL

Hann telur að Fiskisaga sé með um sjötíu prósent af innanlandsmarkaði, þegar talinn er með Sjófiskur, systurfyrirtæki Fiskisögu sem selur til skóla, mötuneyta og veitingastaða.

„En það er klárlega samkeppni á þessum markaði í dag. Það er ekki eins og aðrir séu að deyja út, við útilokum ekki aðra. Við erum bara að reyna að lyfta þessum verslunum á hærra plan og gera þær að sælkeraverslunum. Ég held þetta sé góð þróun. Við erum með matreiðslumenn að vinna vöruna og það er meiri þjónusta við viðskiptavinina. Ungt fólk til dæmis kann að meta að geta gengið að því,“ segir hann. klemens@frettabladid.is

### OFTAST MEÐ HÆSTA VERÐIÐ

Samkvæmt könnun ASÍ frá því í janúar var Fiskisaga með hæsta verð fiskbúða í tólf af fimmtán tilfellum.

Munur á hæsta og lægsta verði var oftast um fjörutíu prósent, en í einu tilfelli var munurinn níutíu prósent.

Fiskverðkönnun ASÍ er árleg. Í síðustu könnun hafði fiskbúðum fækkað talsvert milli ára. Fiskbúðin Vegamót við Nesveg, Fiskbúðin Hafrún í Skipholti, Fiskbúðin Sundlaugavegi, Sjávargallerý við Háaleitisbraut og Fiskbúðin Vör við Höfðabakka, voru allar orðnar að Fiskisögu.



JÓHANNES GUNNARSSON

„Það hefur greinilega orðið mjög mikil samþjöppun á þessum markaði og slík samþjöppun er í langflestum tilvikum óhagstæð neytendum,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

„Samkeppniseftirlitið ætti því að skoða þetta og það er undarlegt að það hafi ekki gert það nú þegar.Þetta er jú hluti matvörumarkaðarins. Ég vænti þess að athugun þeirra á matvörumarkaði nái til þessa geira hans,“ segir Jóhannes.

Tímamótasamingur Odda:

## Oddi prentar tímarit Birtíngs

**VIÐSKIPTI Prentsmiðjan Oddi og Birtíngur gerðu í gær einn stærsta samning um prentun tímarita sem gerður hefur verið hér á landi. Hann felur í sér prentun á öllum tímaritum Birtíngs.**

**Engar upphæðir eru nefndar en Jón Jósafat Björnsson, framkvæmdastjóri Odda, segir þetta slaga hátt í tímamótasamninginn sem fyrirtækið gerði um prentun Símaskrárinnar fyrir um 15 árum. „Þetta er langtímasamningur sem gerir okkur kleift að fjárfesta í tólum og tækjum og þróa ýmsa þjónustu,“ segir hann.** - jab

### LEIÐRÉTTING

Leikkonan Gunnur Schlüter var rangnefnd í grein um kvikmyndina Veðramót í Fréttablaðinu í gær.



**SÆRÐUR** Átökin áttu sér stað á sama tíma og Tony Blair reynir að miðla friði við botn Miðjarðarhafs.

Ráðist inn á Gaza:

## Sex menn falla í bardögum

**PALESTÍNA, AP Ísraelsk hersveit útbúin skriðdrekum og jarðýtum fór inn á suðurhluta Gazasvæðisins í gær til að ráðast á bækistöð herskárra Palestínumanna. Sex Palestínumenn féllu í bardaganum, daginn eftir að ísraelskir stjórnmálaleiðtogar lýstu því yfir að ekki yrði gripið til stórtækra hernaðaraðgerða til að stöðva sprengiflaugasendingar frá Gaza á ísraelska bæi.**

**Átökin áttu sér stað á sama tíma og Tony Blair, sérlegur erindreki stórveldakvartettsins svonefnda sem reynir að miðla friði við botn Miðjarðarhafs, átti viðræður við Mahmoud Abbas, forseta Palestínumanna, í Ramallah á Vesturbakkanum.**

Ungir sjálfstæðismenn:

## Gagnrýna Íslandspóst

**STJÓRNMÁL** Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, segir óviðunandi að ríkisfyrirtækið Íslandspóstur ohf. fari í samkeppni við einkaaðila í sölu á skrifstofuvörum.

Heimdallur telur tímabært að fyrirtækið verði einkavætt líkt og önnur ríkisfyrirtæki sem ekki sé lengur þörf fyrir þar sem virk samkeppni sé fyrir á markaði. - sdg






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Votviðrasamt:** Nú er talsvert um umhleypingar í veðrinu. Í dag verður úrkoma um allt land í fyrstu, en upp úr hádegi fer að birta til austanlands. Þegar líður á kvöldið styttir upp um sunnan og vestanvert landið. Hitastigið er áfram nokkuð hátt, enda berast talsverð hlýindi með haustlægðunum. Á morgun má svo búast við hlýindum og rigningu víða um land en á sunnudag snýst til norðanáttar.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Suðvestan 5-8, rigning og hiti 12-14 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Suðvestan 4-8 m/s.

*» sunnudagur*



Norðan 8-12 víða um land.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C skúrir | London | 23°C léttskýjað | Eindhoven | 19°C skúrir |
| Billund | 18°C skýjað | París | 21°C skúrir | Basel | 19°C skúrir |
| Osló | 19°C rigning | Frankfurt | 19°C léttskýjað | Alicante | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C léttskýjað | Friedrichshafen | 17°C hálfskýjað | Róm | 26°C léttskýjað |
| Gautaborg | 15°C rigning | Berlín | 19°C skúrir | Las Palmas | 23°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Landslið matreiðslumeistara

# MARINERAÐUR SVÍNABÓGUR

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

2 kg svínabógur
6 stk. skalottlaukar
1 stk. hvítlauksgeiri
1 búnt basilíka
4 dl hvítvín
3 1/2 dl tómatsafi
salt og pipar

Hitið bakaraofninn í 150°C. Afhýðið skalottlauka og hvítlauk og saxið smátt ásamt basilíku. Leggið svínabóginn í eldfast fat. Setjið skalottlauk, hvítlauk, hvitvín, tómatsafa og basilíku í fatið með bóginum og eldið í 4 klst. Hækkið hitann í 220°C og steikið í eina klst. til viðbótar. Fylgjast þarf með hvort vökva vanti í fatið síðasta klukkutímann. Kryddið með salti og pipar. Kjötið er tilbúið þegar það losnar auðveldlega frá beininu.


Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

| | VERÐ NÚ | VERÐ ÁÐUR |
|---|---|---|
| Svínahnakki | 899 kr/kg | ~~1.500~~ kr/kg |
| Svínasnitsel | 989 kr/kg | ~~1.659~~ kr/kg |
| Svínagúllas | 989 kr/kg | ~~1.659~~ kr/kg |

**Svínabógur**
úr kjötborði
TILBOÐ 549 kr/kg
Verð áður 648,-



Óðals
**Hamborgarhryggur**
TILBOÐ 999 kr/kg
Verð áður 1.594,-


40% afsláttur við kassa

**Blóðmör**
frosin og ósoðin
TILBOÐ 348 kr/kg.
Merkt verð 580,-

**Lifrapylsa**
frosin og ósoðin
TILBOÐ 382 kr/kg.
Merkt verð 636,-

**New York Style**
– bagel chips




## Spennandi nýjungar
*í Hagkaupum*


**Svínakótilettur**
ferskar
TILBOÐ 899 kr/kg
Verð áður 1.449,-


**Svínalundir**
ferskar
TILBOÐ 1.598 kr/kg
Verð áður 2.392,-


Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

**Svínasíða með puru**
úr kjötborði
TILBOÐ 498 kr/kg
Verð áður 561,-

Gildir til 9. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Er rétt að hlutafélagavæða Orkuveituna?*

| | |
|---|---|
| Já | 30,1% |
| Nei | 69,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Vissir þú að Þingvellir væru ekki á mörkum heimsálfa?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Trúnaðarmaður Arnarfells um aðgerðir Vinnumálastofnunar við Kárahnjúka:

# Hneisa fyrir íslenska alþýðu

**VINNUMARKAÐUR** „Þetta er hneisa fyrir hinn vinnandi mann og íslenska alþýðu. Vinnumálastofnun hefði átt að vinna vinnuna sína og klára málið,“ segir trúnaðarmaður Arnarfells, Björgvin Ómar Hrafnkelsson, um aðgerðir Vinnumálastofnunar í gær.

Í stað þess að stöðva vinnu tveggja fyrirtækja við Hraunveitu Kárahnjúkavirkjunar, eins og boðað hafði verið, settust fulltrúar Vinnumálastofnunar að samningaborði við Arnarfell, yfirverktaka fyrirtækjanna.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, kom tæpum fjórum tímum of síðar og lauk við samningana. Tveir lögregluþjónar biðu átekta á meðan.



**BJÖRGVIN ÓMAR HRAFNKELSSON** Varð fyrir vonbrigðum með aðgerðir Vinnumálastofnunar. MYND/EINAR BEN THORSTEINSSON

Gissur segir að fulltrúar sínir frá Egilsstöðum hafi verið fullfærir um að leiða málið til lykta. Hann hafi bæst í hópinn til halds og trausts, en skrifstofan í Reykjavík hafi átt í tölvusamskiptum við fulltrúana um daginn.

„Vinnan hefði verið stöðvuð, ef ekki hefði verið samið,“ segir hann.

Spurður segist Gissur vona að þetta þýði ekki að stofnunin þurfi hér eftir að mæta með lögreglu til samninga, en neitar ekki að sett hafi verið ákveðið fordæmi.

Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður starfsmanna við Kárahnjúka, virðir niðurstöðu Vinnumálastofnunar. Hann telur þó að stofnunin hefði átt að stöðva vinnu fyrst og semja svo. **- kóþ**

Eldflaugavarnir:

# Samningum miðar vel

**PÓLLAND, AP** Fulltrúar pólskra og bandarískra stjórnvalda sögðust í gær nálgast samkomulag um þátt Pólverja í eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjanna. Samninganefndir þeirra funduðu í Varsjá í gær og funda áfram í dag, föstudag.

Witold Waszczykowski, aðstoðarutanríkisráðherra Póllands, sagði rætt um „mjög flókin lagaleg atriði“ en að sínu mati væri hægt að ljúka málinu á tveimur til þremur mánuðum.

Bandaríkjastjórn vill koma upp í Póllandi skotstöð fyrir gagneldflaugar, sem yrðu liður í hnattrænu eldflaugavarnakerfi þeirra. **- aa**


**Jón Hersir Elíasson**
*taugalæknir*



hefur opnað læknastofu í Lífsteini,
Álftamýri 1-5, 108 Reykjavík.

**SÉRSVIÐ:** MÍGRENI/HÖFUÐVERKJASJÚKDÓMAR

Tímapantanir í síma 530 8300


# Geymdur í Garðabæ þar til í október

**Skemmtibáturinn Harpa var geymdur í húsnæði Rafvals fram í október á síðasta ári. Jónas Garðarsson segist hafa selt bátinn fyrra parts árs 2006. Lögmaður aðstandenda efast um að báturinn hafi verið seldur áður en krafist var löggeymslu.**

**DÓMSMÁL** „Skemmtibáturinn [Harpa] var í geymslu fram í október, þar til ég þurfti á húsnæðinu að halda undir minn bát,“ segir Hafliði Árnason, sem er eigandi húsnæðisins í Lyngási í Garðabæ þar sem skemmtibáturinn Harpa var geymdur í fyrra. Báturinn stóð á plani fyrir utan geymslustaðinn í nokkurn tíma áður en hann var fjarlægður þaðan. „Ég veit ekkert hvað varð um bátinn eftir að farið var með hann,“ segir Hafliði.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hafa vörslusviptingarmenn leitað bátsins fyrir hönd aðstandenda Matthildar Harðardóttur og Friðriks Hermannssonar sem gerðu kröfu um að báturinn yrði kyrrsettur þar til endanlegur dómur félli í máli Jónasar Garðarssonar. Selja átti bátinn á uppboði og nota andvirðið til þess að greiða hluta af skaðabótaupphæðinni, um tíu milljónir króna, sem Jónas var dæmdur til þess að greiða aðstandendum. Matthildur og Friðrik létust þegar skemmtibáturinn Harpa steytti á Skarfaskeri aðfaranótt 10. september 2005 en Jónas var dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi.

Sýslumaðurinn í Reykjavík gerði kröfu um að báturinn yrði kyrrsettur, nánar tiltekið hafður í löggeymslu, 26. október í fyrra. Krafan um að báturinn yrði í löggeymslu þar til endanlegur dómur yrði kveðinn upp var meðal annars byggð á framburði Jónasar fyrir dómi. Þá sagðist hann hafa verið eigandi bátsins, auk þess sem dómari og lögmenn skoðuðu bátinn ásamt Jónasi við aðalmeðferð málsins. Það var gert í maí sama dag og Jónas sagðist vera eigandi bátsins. Jónas segist hafa verið að vitna til þess að hann hafi verið eigandi bátsins þegar slysið varð en ekki á þeim tímapunkti þegar spurt var um eiganda bátsins.

Jónas Garðarsson segist hafa selt bátinn fyrri part árs í fyrra en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið. Hann hefði öll gögn í höndunum sem sönnuðu það að hann hefði selt bátinn. Þuríður Árnadóttir, deildarstjóri hjá Sýslumanninum í Reykjavík, segir embættið ekki hafa staðreynt hvort báturinn var enn í eigu Jónasar þar sem það sé ekki hlutverk embættisins samkvæmt lögum. Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður aðstandenda Matthildar og Friðriks, segist ekki trúa því að báturinn hafi verið seldur í byrjun ársins 2006. „Það er ekkert sem bendir til þess að báturinn hafi verið seldur í byrjun árs í fyrra. Þegar löggeymslugerðin sjálf var gerð, í október í fyrra, þá fór ég ásamt fleirum og skoðaði bátinn þar sem hann var í geymslu í Garðabæ. Jónasi var boðið að gera athugasemdir við löggeymslubeiðnina sem hann gerði ekki, en hann var heldur ekki viðstaddur þegar beiðnin var tekin fyrir. En komi í ljós að hann hafi selt bátinn, þrátt fyrir löggeymslubeiðnina, þá verður hann væntanlega ákærður eins og lög segja til um,“ segir Jóhannes Rúnar.

**magnush@frettabladid.is**



**SKEMMTIBÁTURINN HARPA** Hér sést skemmtibáturinn Harpa eftir að hann var hífður upp úr sjó eftir sjóslysið á Viðeyjarsundi aðfaranótt 10. september 2005. Selja átti bátinn og nýta andvirðið til þess að borga hluta af skaðabótum sem Jónas var dæmdur til þess að greiða. Hann finnst ekki en vörslusviptingarmenn leita hans nú fyrir aðstandendur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GERÐARBEIÐNIN** Hér er gerðarbeiðni föður Matthildar Harðardóttur, fyrir hönd aðstandenda, sem þinglýst var 26. október hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Báturinn er af gerðinni Skilsö 33 Arctic, tæplega 10 metra langur og 3,2 metrar á breidd. Báturinn var smíðaður í Noregi sumarið 2005.


# Síðan skín sól

Verðdæmi:

**Sólarlottó til Lanzarote**
**19. september**

Verð frá:
**34.900* kr.**

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

Verðdæmi:

**Sólarlottó til Tenerife**
**12., 19. og 26. september**
**3., 10., 17. og 24. október**

Verð frá:
**44.900* kr.**

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Netverð miðast við að 2 ferðist saman.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir:

# Kærði niðurfellingu hestaníðsmáls

**DÝRAVERND** Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis, hefur kært niðurfellingu embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins á meintu dýraníðsmáli til ríkissaksóknara.

Gunnar Örn kærði barsmíðar hestamanns á hrossi sem sýndar voru í Kompásþætti Stöðvar 2 í apríl síðastliðnum til embættis lögreglustjóra. Hann fór síðan fram á rökstuðning embættisins fyrir því að ákæra ekki í málinu. Í bréfi þess efnis frá lögfræðideild embættisins segir meðal annars:

„Sönnunarstaða í málinu er erfið. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um hvaða andlegar eða líkamlegar afleiðingar verknaður sakbornings hafði á hestinn. Ekki liggur heldur fyrir almennt mat fagaðila á líklegum afleiðingum verknaðarins miðað við myndbandsupptöku sem er meðal gagna málsins. Erfitt er að sanna að höggin sem sakborningur veitti hestinum hafi verið svo þung að þau hafi meitt hestinn. Í málinu skortir skrifleg gögn um hvað teljist til viðurkenndra tamningaaðferða sem torveldar sönnun ákæranda á því að sakborningur hafi ekki beitt viðurkenndum tamningaraðferðum.“ **- jss**



**MEINTUR DÝRANÍÐINGUR** Barsmíðar á hesti voru teknar upp á myndband. Myndin er fengin þaðan.





Glæsileg og sérlega þægileg innrétting


Byggður á grind með hátt og lágt drif


Dísil vél tog 310 Nm, Sjálfskiptur.

# **Alvöru dísil jeppi** fyrir íslenskar aðstæður



**Hinn nýi KYRON** er fullvaxinn jeppi með **hátt og lágt drif**, byggður á grind og er stærri en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í **einstakri nýtingu á afli** og **frábærum aksturseiginleikum**. Sjón er sögu ríkari - komdu til okkar á Tangarhöfðann, þú verður ekki fyrir vonbrigðum með þetta vel varðveitta leyndarmál. **Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppa í dag!**

| **Hluti staðalbúnaðar:** | | | |
|---|---|---|---|
| Dísil Túrbó Intercooler | Loftkæling | Cruise Control | Álfelgur og 31" Toyo dekk |
| 5 Gíra sjálfskipting SideTronic | Sjálfvirkt miðstöð | Litaðar rúður | Leður stýri |

Bílabúð Benna
www.benni.is

Tangarhöfða 8-12
112 Reykjavík
Sími 590 2000

DYNAMO REYKJAVÍK

**UMBOÐSMENN: Bílahornið hjá Sissa**, Keflavík, Sími 420 3300. **Bílasalan Ós,** Akureyri, Sími 462 1430. **Bílasala Austurlands**, Egilsstöðum, Sími 471 3005. **Bílasala Vesturlands**, Borgarnesi, Sími 437 2100.




Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna í Súdan:

# Boðar friðarviðræður

**SÚDAN, AP** Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Omar al-Bashir Súdansforseti skýrðu frá því í gær að nýjar friðarviðræður hæfust 27. október, þar sem reynt yrði að finna lausn á átökunum í Darfúr-héraði.

Ban Ki-moon er í heimsókn í Súdan og sagðist finna fyrir „áfalli og auðmýkt“ eftir að hann hafði heimsótt flóttamannabúðir í gær, þar sem þúsundir flóttamanna frá Darfúr fögnuðu ákaft þegar hann sagðist ætla að efla friðarviðleitni á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Átökin í Darfúr síðastliðin fjögur ár hafa kostað meira en 200 þúsund manns lífið og 2,5 milljónir manna eru á flótta. **- gb**



**HEIMSÓKN Í FLÓTTAMANNABÚÐIR** Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna varð fyrir áfalli. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**BRESK ÞOTA FYLGIR EFTIR RÚSSNESKRI ÞOTU** Bresk herþota af gerðinni Typhoon fylgdi hinn 17. ágúst eftir rússneskri herþotu sömu gerðar og þoturnar átta sem flugu að bresku lofthelginni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Rússar sýna fluggetu sína

**Átta rússneskar þotur flugu suðsuðvestur af Íslandi í gær. Íslensk stjórnvöld ætlast til að Rússar tilkynni slíkt fyrir fram svo tryggja megi almennt flugöryggi.**

**VARNARMÁL** Átta rússneskar sprengjuþotur flugu upp að lofthelgi Noregs og Bretlands í gær. Norðmenn fylgdust grannt með flugi þeirra og sendu tvær herþotur á móti þeim. Þegar rússnesku þoturnar nálguðust síðan bresku lofthelgina tóku Bretar við og sendu tvær herþotur til að fylgjast með þessum óboðnu gestum.

Þetta er í annað sinn á innan við mánuði sem Rússar senda herþotur þessa leið. Síðast flugu þrjár rússneskar herþotur um þessar slóðir hinn 17. ágúst síðastliðinn. Rússneskar herþotur höfðu þá varla sést á þessum slóðum síðan á tímum kalda stríðsins.

„Ég mun biðja sendiherra Rússlands í Reykjavík að útskýra þetta fyrir mér,“ segir Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu. „Það sem við höfum mestar áhyggjur af er að þær tilkynna sig ekki, og þá er það flugöryggi fyrst og fremst sem þarf að hafa í huga.“

Sendiherra Rússlands var reyndar krafinn skýringa eftir að rússnesku þoturnar þrjár sáust í ágúst, en enn hafa engin svör borist ráðuneytinu. Önnur viðbrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda eru þó ekki í bígerð.

„Í bili er þetta bara spurning um að tala saman og reyna að finna flöt á því að þetta valdi ekki hættu,“ segir Grétar Már.

Að sögn Grétars Más komu þessar þotur hvergi nálægt íslenskri lofthelgi. Það næsta sem þær fóru var 120 sjómílur suðaustur af Höfn í Hornafirði.

„Þetta voru átta vélar, svokallaðar Tupolev 95 vélar, stundum kallaðar Björninn,“ segir Grétar Már. „Þetta eru langdrægar sprengjuflugvélar og þær flugu suðsuðvestur af Íslandi og þaðan til Færeyja. Þetta er sama flugleið og tvær af þessum þremur vélum sem komu í sumar fóru. Svo fóru þær sömu leið til baka.“

> Í bili er þetta bara spurning um að tala saman og reyna að finna flöt á því að þetta valdi ekki hættu.
>
> **GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON**
> RÁÐUNEYTISSTJÓRI Í UTANRÍKISRÁÐUNEYTINU.

Grétar Már segir óvenjulegt að svo margar vélar hafi verið á ferð. Einnig komi nokkuð á óvart hve fluggeta þeirra sé mikil.

„Þetta eru ekki nýjar vélar en þær virðast vera í ágætu flughæfu ástandi. Sumar þeirra eru sennilega framleiddar upp úr 1950. Ætli þeir séu ekki að sýna að þótt þessar vélar séu gamlar hafi þeim verið ágætlega viðhaldið.“

Hann segir þó eitt jákvætt við þetta atvik, en það er að eftirlit grannríkja okkar og samskipti við þau hafi reynst vel.

„Við höfum notið góðs af þessu nágrannasamstarfi. Þetta er vaktað bæði af Norðmönnum og Bretum þannig að við fylgjumst vel með. Það er það mikilvæga í þessu.“ **gudsteinn@frettabladid.is**





Vodafonevöllurinn Hlíðarenda
Til hamingju
Vodafone óskar Valsmönnum til hamingju með glæsileg íþróttamannvirki að Hlíðarenda.
Mætum öll á vígsluleikinn í Vodafonehöllina og hvetjum Valsmenn til dáða gegn Viking Malt, í dag kl. 18:30.
Leikurinn er í forkeppni Meistaradeildarinnar í handbolta og er að miklu að keppa. Seinni leikurinn fer fram á morgun kl. 17:30, einnig í Vodafonehöllinni. Komist Valsmenn áfram fara þeir í riðil með Gummersbach, Vesprem og Celja, þremur af 15 stærstu handboltaliðum Evrópu.
Miðasala fer fram í Vodafonehöllinni og á midi.is
Gríptu augnablikið og lifðu núna
vodafone




**GRÆNFRIÐUNGUR Í ÍSBJARNARGERVI** Meðan leiðtogar Asíu- og Kyrrahafsríkja funda í Sydney í Ástralíu láta mótmælendur sig ekki vanta til að minna á Kyoto-bókunina og önnur hitamál. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sjálfstætt reknir tónlistarskólar og grunnskólar í samstarf:

# Tónlistinni komið inn í skólana

**MENNTUN** „Við höfum verið að vinna í því að leita leiða til að efla samvinnu hinna sjálfstætt reknu tónlistarskóla og hinna borgarreknu grunnskóla," segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs.

Tilraunaverkefni til þriggja ára sem gengur út á að tengja saman einkarekna tónlistarskóla og borgarrekna grunnskóla var kynnt í Fossvogsskóla í gær. Fimm tónlistarskólar og tíu grunnskólar koma að verkefninu en þó mun hver skóli vinna það með sínu sniði. Sumir munu einbeita sér að þjóðlegum körsöng en aðrir munu taka fyrir dægurlög eða djass. Í sumum skólunum verður kennt á hljóðfæri en í öðrum munu tónlistarkennarar laga sig að þeim verkefnum sem unnið er að innan grunnskólanna.



**JÚLÍUS VÍFILL** Júlíus segir verkefninu hafa bæði verið fagnað af tónlistarskólunum og grunnskólunum.

Júlíus segir enga tvo skóla vera eins og það sé í höndum þeirra sjálfra að finna út hvernig þeir getiefltt tónlistariðkun og tónlistarhlustun meðal grunnskólanema. „Við erum með mjög ólíkum hætti að koma tónlistinni inn í skólana. Tónlistin verður tengd inn í námsefnið með virkum hætti og þetta er ekki háð námskrá heldur viðbót við það sem fyrir er í skólunum." Júlíus segist búast við því að ímynd skólanna styrkist og sýnileiki þeirra aukist með samstarfinu. - lbb

## SKÓLARNIR SEM TAKA ÞÁTT Í VERKEFNINU

**Tónlistarskólar**
- Tónskóli Doremí
- Tónskóli Sigursveins
- Tónskóli Eddu Borg
- Tónlistarskóli Árbæjar
- Tónskóli Hörpunnar

**Grunnskólar**
- Álftamýrarskóli
- Ártúnsskóli
- Borgarskóli
- Breiðagerðisskóli
- Engjaskóli
- Fossvogsskóli
- Hagaskóli
- Korpuskóli
- Seljaskóli
- Víkurskóli






**ÞINGVELLIR** Fyrrverandi heimsminjanefnd hafði lýst yfir áhyggjum sínum af áhrifum Gjábakkavegar á Þingvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afstaða til erindis um Gjábakkaveg enn óljós:

# UNESCO bíður svars Íslands

**UMHVERFISMÁL** „Við höfum ekki fengið þessar upplýsingar frá íslenskunefndinni. Ég vonast til að af því verði afar fljótlega," segir Mechthild Rössler, yfirmaður hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í París.

Rössler sendi beiðni um umsögn vegna erindis Péturs M. Jónassonar vatnalíffræðings, eftir að hann sendi bréf til Parísar, 10. júlí.

Í bréfinu vakti Pétur athygli á hugsanlegum áhrifum Gjábakkavegar á Þingvallavatn og stöðu Þingvalla á heimsminjaskrá. Sagði hann að vegurinn myndi skemma vatnasvið Þingvallavatns.

„Í svona beiðnum spyrjum við hvort nýju upplýsingarnar [bréf Péturs] skipti máli fyrir staðinn og stöðu hans á heimsminjaskrá. Síðan tökum við ákvörðun," segir Rössler. Ekki sé hægt að taka afstöðu til erindisins fyrr.

Fyrrum heimsminjanefnd Íslands hafði lýst yfir áhyggjum af áhrifum Gjábakkavegar á stöðu Þingvalla á heimsminjaskrá.

Björn Bjarnason, núverandi formaður nefndarinnar, sagði í tölvupósti í gær að verndarsvæði Þingvallavatns hefði „að sjálfsögðu ekki [verið] neitt meginatriði" þegar Þingvellir fóru á heimsminjaskrá sem menningarminjar.

Spurður um afstöðu nefndarinnar svaraði hann ekki beint en sagði nefndina hafa svarað UNESCO „með vísan til skilmála um vegamál í skráningu á Þingvöllum" og nefndi ákvæði um hámarkshraða. Svarið er líklega á leiðinni út. - kóp



Ættleiðingarlögin:

# Ekki hámark á fjölda barna

**FÓLK Uppfylli hjón, par eða einstaklingur öll skilyrði sem sett eru í lögum um ættleiðingar á Íslandi er ekkert í ættleiðingarlögunum sem segir til um hversu mörg börn fólk má ættleiða. Ingibjörg Jónsdóttir, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir engan ættleiða nema eitt barn í einu.**

**„Það eru til fjölskyldur á Íslandi sem eiga tvö eða þrjú ættleidd börn en það eru alltaf einhver ár á milli barnanna.“ Ingibjörg segir talsvert um að fólk sem sæki um að ættleiða barn eigi eitt eða tvö ættleidd börn fyrir.** - lbb

Hægagangur í fasteignaviðskiptum íslensku utanríkisþjónustunnar í Danmörku:

# Verðlækkun á sendiherrabústað

**STJÓRNSÝSLA** Uppsett verð fyrir bústað sendiherra Íslands í Danmörku hefur verið lækkað verulega frá því húsið var sett á sölu í sumar.

Utanríkisráðuneytið hefur fest kaup á öðru húsi undir sendiherrabústað í Kaupmannahöfn og hefur verið gert ráð fyrir að Svavar Gestsson sendiherra flytjist þangað í vetrarbyrjun. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í sumar er nýi bústaðurinn í Fredriksberg, nær miðborg Kaupmannahafnar en núverandi bústaður sem er í Charlottenlund.

Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, lét þess getið við Fréttablaðið í júlí að nýja húsið væri talsvert ódýrara en það gamla og að þannig myndi fást nokkurt fé við þessa ráðstöfun. Húsið í Charlottenlund hefur hins vegar ekki enn selst þrátt fyrir að hafa verið í þrjá og hálfan mánuð til sölu. Uppsett verð dansks fasteignasala hefur því verið lækkað úr 35 milljónum danskra króna í 32 milljónir. Miðað við núverandi gengi dönsku krónunnar þýðir þetta að verðið hafi verið lækkað um 35 milljónir íslenskra króna – eða úr 413 milljónum í 378 milljónir. Enn hefur ekki verið upplýst hvað greitt var fyrir húsið í Fredriksberg. - gar



**GAMLI BÚSTAÐURINN** Sendiherra Íslands í Danmörku flytur úr samtals 800 fermetra byggingu í haust.



**HÚSIÐ Á FREDRIKSBERG** Nýi sendiherrabústaðurinn er sagður minni en hentugri og betur staðsettur.
MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ




**VÖRÐUR TRAUSTI LEVÍSSON** Forstöðumaður Hvítasunnusafnaðarins.

Hvítasunnufólk við Rauðavatn:

# Umbeðin lóð á 260 milljónir

**SKIPULAGSMÁL** Hvítasunnukirkjan Fíladelfía hefur sótt um 15 þúsund fermetra lóð í Hádegismóum við Rauðavatn. Skipulagsráð Reykjavíkur hefur vísað umsókn hvítasunnufólksins til skipulagsstjóra borgarinnar. Í síðustu viku samþykkti borgarráð að úthluta þremur stórum lóðum í Hádegismóum til tiltekinna iðnaðar- og verslunarfyrirtækja.

Miðað við greiðslu fyrir byggingarréttinn á þeim lóðum myndi 15 þúsund fermetra lóð Hvítasunnusafnaðarins kosta rúmar 260 milljónir króna. - gar

Rúmenskir bófar:

# Brutust inn og stálu sælgæti

**RÚMENÍA Hópur rúmenskra innbrotsþjófa var handtekinn eftir að hafa stolið sælgæti frá barni. Í innbroti í hús á Ítalíu stálu þjófarnir meðal annars sleikibrjóstsykrum, sem þeir hentu svo frá sér hálfétnum skammt frá. Barn húsráðanda átti sælgætið.**

**Lögregla fann sælgætið og gerði DNA-rannsókn á munnvatni innbrotsþjófanna. Rannsóknin leiddi í ljós að sjö manna glæpahópur, sem framið hafði 78 rán á þremur mánuðum, hafði stolið sælgætinu. Með þessum upplýsingum tókst lögreglunni að hafa hendur í hári sælkeranna.** - sgj

Gistinóttum á Íslandi fjölgar:

# Mest aukning á Norðurlandi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinætur á hótelum voru 6,5 prósentum fleiri í júlí í ár en á síðasta ári. Aukningin var mest á Norðurlandi, tæplega 12 prósent, en minnst á Austurlandi, rúmlega 4 prósent. Þetta kemur fram í samantekt Hagstofu Íslands.

Gistirými á hótelum í júlí jókst um 9 prósent á milli ára. Fjöldi herbergja í ár var 4.444, en á sama tíma í fyrra voru þau 4.076.

Fyrstu sjö mánuði ársins fjölgaði gistinóttum um 14 prósent frá fyrra ári. Enn var fjölgunin mest á Norðurlandi, 17 prósent, en minnst var fjölgunin á Suðurlandi, 9 prósent. - bj






**MÁVAR Á SÍLDARGIRÐINGU** Hópur máva situr á ævagamalli síldargirðingu í ánni Schlei við Kappeln í Þýskalandi. Síld sem syndir inn í girðinguna á sér vart undankomu auðið og endar á að synda inn í net við enda girðingar-innar. Áður fyrr voru á þessum slóðum hundruð slíkra girðinga, en nú er þessi ein eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Níundi repúblikaninn blandar sér í slaginn um að verða forsetaefni flokksins:

# Thompson tekur af skarið

**BANDARÍKIN, AP** Leikarinn Fred Thompson er níundi repúblikaninn sem formlega býður sig fram til að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins í kosningunum, sem verða haldnar eftir rúmt ár.

Thompson var öldungadeildarþingmaður á árunum 1994 til 2002, en er einnig þekktur leikari bæði úr sjónvarpi og kvikmyndum, nú síðast í hlutverki hranalegs lögmanns í sjónvarpsþáttunum Law and Order.

Hann hafnaði því alfarið að hann væri orðinn of seinn til að blanda sér í slaginn. Þess í stað skaut hann á mótframbjóðendur sína, sem hafa staðið í baráttunni frá því í janúar: „Ef menn geta ekki komið boðskap sínum á framfæri á nokkrum mánuðum, þá kemur maður honum sennilega aldrei á framfæri,“ sagði Thompson.

Thompson skýrði frá ákvörðun sinni í sjónvarpsþætti Jay Leno, sem var sendur út á sama tíma og hinir frambjóðendur Repúblikanaflokksins sátu fyrir svörum í sjónvarpsumræðum. Þeir tóku fréttunum vel og sögðust fagna því að fá Thompson í hópinn.

Af hinum frambjóðendunum átta hafa Rudy Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, og öldungadeildarþingmaðurinn John McCain þótt einna sigurstranglegastir. Kjósendur Repúblikanaflokksins hafa þó, samkvæmt skoðanakönnunum, átt erfitt með að gera upp hug sinn og virðast ekki sérlega ánægðir með neinn frambjóðand-anna. - gb



**Á HEIMAVELLI Í SJÓNVARPI** Thompson kaus spjallþátt Jay Leno til að tilkynna framboð sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Innbrot í Mosfellsbæ:

# Þjófurinn skildi eftir íþróttaskó

**LÖGREGLAN Innbrotsþjófur sem spennti upp hurð og braust inn í vinnuskúr við Helgadalsveg í Mosfellsbæ í nótt skildi eftir brúna íþróttaskó á vettvangi.**

**Maðurinn greip einnig ófrjálsri hendi verkfærakassa úr skúrnum. Í kassanum voru alls kyns rafmagnsverkfæri til byggingarstarfsemi.**

**Varðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir mjög óvenjulegt að glæpamenn skilji skópar eftir á vettvangi. Þjófurinn hafi líklega talið sig hafa fundið betri skó en hann átti.** - kóþ







Skráning skuldabréfa í OMX Nordic Exchange Iceland

ATORKA

**Atorka Group hf.**
22.000.000 EUR.
ATOR 07 1

NAFNVERÐ ÚTGÁFU: Heildarnafnverð flokksins er 22.000.000 EUR

SKILMÁLAR SKULDABRÉFA: Skuldabréfaflokkur að fjárhæð EUR 22.000.000 sem var gefinn út þann 7. febrúar sl. og er auðkenni flokksins á OMX ICE ATOR 07 1. Skuldabréfin eru óverðtryggð og skulu bera 3 mánaða EURIBOR vexti að viðbættu 290bp álagi. Höfuðstóll skuldabréfanna greiðist með einni afborgun þann 7. ágúst 2008.

SKRÁNINGARDAGUR: Bréfin verða skráð á OMX Nordic Exchange Iceland (OMX ICE) þann 7. september 2007.

SKRÁNINGARLÝSING: Atorka Group hf., kt. 600390-2289, hefur birt lýsingu vegna skráningar skuldabréfa á OMX ICE og gert aðgengilega almenningi frá og með 7. september 2007.

Lýsinguna er hægt að nálgast hjá útgefanda Atorku Group hf., Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur, eða á vefsetri útgefanda, www.atorka.is, fram til lokadags skuldabréfaflokksins. Umsjónaraðili skráningarinnar á OMX ICE er Landsbanki Íslands.

7. september 2007

Landsbankinn

ÍSLENSKA/SIA.IS/LBI 38843 09/07




**AMAL TAMIMI** Segir baráttuna verða að koma frá íslömskum konum og mikilvæg-asta skrefið sé menntun.



**SALMANN TAMIMI** Telur ummæli Namazie ástæðulausa árás á þá sem aðhyllast íslam.



**MARYAM NAMAZIE** Berst gegn uppgangi íslams og þeirri kúgun sem hún telur trúna hafa í för með sér.

# Segir ráðist á alla múslima

**Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, segir ummæli baráttukonunnar Maryam Namazie ástæðulausa árás í garð allra múslima.**

**TRÚARBRÖGÐ** „Þetta er ástæðulaus árás á alla þá sem aðhyllast íslam. Vissulega eru til menn sem fara illa með trúna og mér þykir rétt að þrýst sé á úrbætur meðal þeirra stjórnvalda sem líða það,“ segir Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, um erindi baráttukonunnar Maryam Namazie, stofnanda Samtaka fyrrverandi múslima í Bretlandi, sem flutt var í gær og fyrradag.

Maryam fæddist í Teheran en fluttist þaðan ásamt fjölskyldu sinni eftir að klerkastjórnin komst til valda. Hún er trúleys-ingi sem berst gegn uppgangi íslams og þeirri kúgun sem hún telur trúna hafa í för með sér fyrir konur. Sagði hún umburðar-lyndi Vesturlanda gagnvart íslam-istum vera of mikið og banna ætti íslamskan alklæðnað kvenna með öllu. Það segir hún ekki fatnað, fremur en skírlífsbelti, spenni-treyju eða Davíðsstjörnu, sem fest var á gyðinga á tímum helfararinnar.

„Mér finnst bara eins og fólk eigi að klæða sig eins og það vill. Það er ekki rétt að banna konum að vera með blæju en heldur ekki rétt að þvinga þær til þess,“ segir Salmann. Hann tekur undir að vissulega séu konur kúgaðar sums staðar en slíkt gerist einnig á Íslandi.

Maryam deildi einnig hart á dómskerfi sumra landa þar sem hafi verið litið léttvægara á heimilisofbeldi ef múslimar ættu í hlut því meðal þeirra tíðkaðist víða að karlmenn berðu eiginkonur sínar. Salmann tekur undir með henni að sömu lög eigi að gilda yfir alla í hverju landi. Hann segist þó finna fyrir ýmsum misskilningi meðal fólks um dómskerfið. Svokölluð heiðursmorð séu til að mynda hvergi leyfð í íslömskum ríkjum. „Þetta eru líka bara morð og ekkert annað. En hins vegar er ekki nægilega hart tekið á þessum skelfilega glæp í sumum löndum og því þarf að breyta.“

Maryam deildi einnig á vestrænar kvennahreyfingar fyrir aðgerðaleysi í garð kúgunar á íslömskum konum. Halldóra Traustadóttir, framkvæmdastjóri Kvenréttindafélags Íslands, segir málið þó afar erfitt viðfangs og ólíkar meiningar um hvaða leið eigi að fara í þessum málum.

Amal Tamimi, fræðslufulltrúi og túlkur í Alþjóðahúsi, segir baráttuna verða að koma frá íslömskum konum. Mikilvægasta skrefið sé að mennta konur. „Ég hef verið að kenna konum hér að lesa. Á meðan þær fá alla sínar upplýsingar í gegnum karlmenn er ekki von á miklum breyting-um,“ segir Amal. karen@frettabladid.is

Fyrsti áfangi á Selfossi:

# Rafrænir lyfseðlar í notkun

**LYFJAMÁL** Rafrænir lyfseðlar voru teknir í notkun á Selfossi um síðustu mánaðamót. Er það fyrsti áfangi í að innleiða slíkt lyfseðlakerfi hér á landi, samkvæmt upplýsingum frá Lyfjastofnun. Áætlað er að notkun rafrænna lyfseðla verði komin í gagnið um land allt í byrjun næsta árs.

Fyrir tveimur árum var ákveðið að taka í notkun kerfi fyrir ofangreinda þjónustu. Með þessu fyrirkomulagi hafa læknar aðgang að miðlægri gátt þar sem lyfseðlar eru vistaðir og hægt verður síðan að sækja þá í hvaða lyfjabúð sem er. - jss

Vodafone semur við kínverskt fjarskiptafyrirtæki um langdrægt GSM-farsímakerfi:

# Uppsetning kerfisins hefst í haust

**VIÐSKIPTI** Vodafone hefur gert samning við kínverska fjarskiptafyrirtækið Huawei um kaup á tæknibúnaði vegna uppbyggingar Vodafone á langdrægu GSM-farsímakerfi. Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis, móðurfélags Vodafone, og Sun Zheng Yang, fulltrúi Huawei, skrifuðu undir samninginn í utanríkisráðuneytinu í gær.

Uppsetning kerfisins hefst í október og er áætlað að henni ljúki næsta sumar. Reykjanes verður fyrst í röðinni og verður kerfið samstundis virkt þar. Í heild verða fjörutíu sendar settir upp meðfram strandlengjunni, hringinn í kringum landið, auk þess sem nokkrir sendar verða settir upp á hálendinu.

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis, segir nýjungina verða mikla búbót fyrir GSM-notendur, ekki síst fyrir íbúa lítilla sjávarplássa, trillukarla og aðra sjófarendur og ferðamenn á fáförnum slóðum á hálendinu. Drægni sendanna sé um fjórum til fimm sinnum meiri en venjulegra GSM-senda, allt upp í hundrað kílómetrar.

Hingað til hefur einungis NMT-kerfi Símans dugað á þeim slóðum sem GSM-farsímakerfið náði ekki til. NMT-kerfið verður lagt niður innan tveggja ára. Síminn mun þá taka upp svokallað CDMA 450 kerfi. Sérstakan síma þarf til að nota það. Þess gerist ekki þörf með hið nýja farsímakerfi Vodafone. „Við tókum ákvörðun um að prjóna við núverandi kerfi. Við trúum því að fólk vilji nota eitt símtæki alls staðar.“ - hhs



**TEKIST Í HENDUR** Sun Zheng Yang, fulltrúi kínverska fjarskiptafyrirtækisins Huawei, og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis, handsala samning um kaup á tæknibúnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FUNDARÖÐ KYNNT** Már Sigurðsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Hjálmar H. Ragnarsson.

Íslensk stjórnvöld og háskólar:

# Ísland á alþjóðavettvangi

**UTANRÍKISMÁL** **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kynnti í fyrradag fundaröð sem íslensk stjórnvöld efna til í vetur í samvinnu við alla háskóla landsins. Fundirnir munu snúast um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi, erindi og ávinning. Rektorar háskólanna átta voru viðstaddir kynninguna sem haldin var í utanríkisráðuneytinu.**

**Fundaröðin hefst í dag í Háskóla Íslands og henni lýkur á vordögum 2008 með alþjóðlegri ráðstefnu. Á fundum vetrarins verða fjölmörg svið alþjóðamála á dagskrá.** - lbb

Kærði gæsluvarðhaldsúrskurð:

# Síbrotamaður áfram í haldi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir karlmanni sem er ákærður fyrir ellefu auðgunarbrot, tvö fíkniefnalagabrot og eitt umferðarlagabrot. Brotin voru framin í desember, janúar, maí og júní undanfarið ár.

Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 26. júní og er aðalmeðferð fyrirhuguð 20. september. Hann kærði gæsluvarðhaldsúrskurðinn en hæstiréttur staðfesti úrskurðinn, meðal annars með vísan til skýrslu lögreglustjóra sem taldi sýnt að maðurinn myndi halda áfram afbrotum yrði hann látinn laus. - sdg

**REYKJANESBÆR**

## Þrír ökumenn sviptir leyfi

Í sérstöku átaki lögreglunnar á Suðurnesjum voru þrír ökumenn sviptir ökuleyfi til bráðabirgða í gær. Lögreglan þar syðra fylgist vel með umferð í kringum grunnskóla þessa dagana.

**UMFERÐIN**

## Annar hver bíll ólöglegur

Helmingur allra bíla sem óku um Ártúnsbrekku á þriðjudaginn mældist á ólöglegum hraða. Hámarkshraðinn þar er 80 kílómetrar á klukkustund. Sá sem hraðast ók mældist á 173 kílómetra hraða.






Kalk
fyrir bein og tennur
C-500
-vítamín
B-sterkt
-vítamín
bragðminna
LÝSI
BÆTANDI
BÓNUS
Fæðubótarefni
398.-
BÓNUS KALKTÖFLUR
60 STK 398 KR BOXIÐ
298.-
BÓNUS C-VÍTAMÍN 500 MG
60 STK 298 KR. BOXIÐ
498.-
BÓNUS B-VÍTAMÍN STERKT
60 STK 498 KR. BOXIÐ.
298.-
BÓNUS LÝSI 500 ML
298 KR. FL.
398.-
BÓNUS LÝSISPERLUR
300 STK 398 KR.
498.-
BÓNUS
HÁKARLALÝSISPERLUR
130 STK 498 KR. BOXIÐ
698.-
BÓNUS OMEGA 3 LÝSISPERLUR
300 STK 698 KR.
2598.-
FRANSKAR ANDABRINGUR
FROSNAR - 2598 KR/KG
FORSOÐIN!
ÞARF AÐEINS
AÐ HITA
30%
ALI PARTY-SKINKA
1772 KR/KG. 30% AFSLÁTTUR
1240 KR/KG
HEIMILISBRAUÐ
95.-
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770 GR
Trópí
129.-
3 X 250 ML EPLA EÐ
APPELSÍNU TRÓPÍ 129
BÓNUS LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA
AFGREIÐSLUTÍMI Í FÖSTUDAGA: 10.00 til 19.30 LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00

# HAUST SLÁTRUN 2007

**BÓNUS**

**629.-**
FERSKUR LAMBABÓGUR
699 KR/KG.
10% AFSLÁTTUR 629 KR/KG.

**20% AFSLÁTTUR**
**2398.-**
FERSKT LAMBAFILLET 2998
20% AFSLÁTTUR 2398 KR/KG.

**1189.-**
FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR/KG.
15% AFSLÁTTUR 1189 KR/KG.

**975.-** **25% AFSLÁTTUR**
FERSKT LAMBALÆRI 1298 KR/KG.
25% AFSLÁTTUR 975 KR/KG.

**498.-**
FERSKT BLANDAÐ HAKK
LAMBA/KINDA.

**Margar góðar uppskriftir fyrir lambakjöt**

**WWW.BONUS.IS**

Skráðu þig á póstlistann
á bonus.is. Þú gætir
unnið 20.000 kr. matarkörfu

**69.-**
PEPSI 2 LTR.

**489.-**
GRILLAÐUR MÓA KJÚKLINGUR
KALDUR- 1150GR. 489 KR.STK

**30%**
ALI BAYONNE-SKINKA
1593 KR/KG. 30% AFSLÁTTUR
1115 KR/KG

A
KR.

## LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA BÓNUS

HEIMSÍÐAN ER: **www.bonus.is** AÐALSÍMI BÓNUS: **588 8699**

## „ORÐRÉTT“

### Barinn af biskupi

**„Mér fannst ummæli séra Karls Sigurbjörnssonar bæði leiðinleg og ómakleg og mér sárnaði þau.“**

JÓN GNARR UM VIÐBRÖGÐ BISKUPS ÍSLANDS VIÐ SÍMAAUGLÝSINGUNNI UMDEILDU.
Fréttablaðið 6. september.

### Frelsarinn ekki með Frelsi

**„Jesús Kristur hefur ekkert með farsímanotkun dagsins í dag að gera.“**

SÉRA GUNNAR JÓHANNESSON UM SÍMAAUGLÝSINGUNA.
Morgunblaðið 6. september.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VILHJÁLMUR VERNHARÐSSON FERÐAÞJÓNUSTUBÓNDI

## Feginn rólegheitunum á haustin

„Það er ýmislegt að frétta, eins og alltaf,“segir Vilhjálmur Vernharðsson, ferðaþjónustubóndi á Möðrudal. Vilhjálmur segir að í sumar hafi útlendum ferðamönnum fjölgað á Möðrudal en íslenskum fækkað. „Það var mjög gott veður fyrir sunnan og mér sýnist Íslendingar hafa verið eitthvað minna á ferðinni en í fyrra,“ útskýrir hann.

Að sögn Vilhjáms hefur þjónustan á Möðrudal verið aukin. „Við erum með meira af gönguferðum og jeppaferðum og erum að bæta þjónustuna á tjaldsvæðinu,“ nefnir hann sem dæmi.

Þar til árið 2001 lá þjóðvegur númer eitt um hlaðið á Möðrudal. Þá var byggður nýr vegur og síðan eru sjö kílómetrar að Möðrudal frá hringveginum.



„Við fundum mikið fyrir því fyrstu árin en eins og staðan er í dag hefðum við ekki viljað hafa veginn neitt lengur. Nú er þetta þægilegri túrismi en áður. Fólk sem er að fara inn í Kverkfjöll og Öskju kemur flest hér í gegn. Við erum með ferðamenn en ekki þessa ferðalanga sem eru í hraðakstri frá Egilsstöðum til Akureyrar. Við erum lausir við þá traffík,“ segir Vilhjálmur, sem segir veturinn leggjast vel í heimafólkið á Möðrudal:

„Við höfum það mjög gott og getum ekki haft það neitt öðruvísi. Við erum bara fegin á haustin þegar ferðamarkaðurinn er að minnka. Þegar við höfum haft nóg af honum er gott að vera í rólegheitunum.“

## HIN SÍÐASTA KVÖLDMÁLTÍÐ:

### MARGENDURTEKIÐ ATRIÐI Í SJÓNVARPI



■ Síminn fengi kannski ekki frumlegheitaverðlaun fyrir að endurgera veggmyndina Síðustu kvöldmáltíðina eftir Leonardo da Vinci. Erlendis er þetta mótív vel þekkt í sjónvarpi. Til dæmis var uppstilling da Vincis notuð í einum þætti „Svona var það“. Þá var byggt á uppstillingunni í auglýsingu fyrir sjónvarpsþáttinn „The Sopranos“ og aftur í lokaþætti seríunnar. Hómer Simpson hefur verið teiknaður sem Jesú í Síðustu máltíðinni, líkt og gert var við Wally í teiknimyndinni Dilbert.

## SJÓNARHÓLL

**UMFERÐIN Á MORGNANA**

### Förum þýsku leiðina



**DAVÍÐ SMÁRI**
Söngvari

„Ég er þannig gerður að ég get alveg séð af einhverjum auka fimmtán mínútum á morgnana,“ segir Davíð Smári söngvari um umferðarþungann á höfuðborgarsvæðinu nú. „Ég held að þýska leiðin sé samt miklu betri og það er að deila bara bíl. Ég þori að veðja að það séu minnst þrír eða fjórir sem vinna á sama stað og búa í sama hverfi. Þá keyrir bara einn á milli og pikkar upp starfsfélagana. Svo skiptast menn bara á, spara bensínpening og umferðin minnkar um að minnsta kosti þrjá fjórðu.“

Úrslit í teiknisamkeppni grunnskólanema á Akureyri:

# Drátthagir fjórðubekkingar

Þrír nemendur hlutu í gær verðlaun fyrir verk sín í teiknisamkeppni sem Háskólinn á Akureyri hélt meðal grunnskólanema í 4. bekk á Akureyri í tilefni af 20 ára afmæli skólans. Sex hlutu viðurkenningar fyrir athyglisverð efnistök og framsetningu.



**LISTAMENNIRNIR** Allar myndir sem bárust í keppnina verða til sýnis á bókasafni háskólans frá 5. september til 5. október. MYND/JÓNA JÓNSDÓTTIR

Samkeppnin var haldin í samstarfi við myndlistarkennara í öllum grunnskólum á Akureyri. Óskað var eftir teikningum af Íslandsklukkunni sem stendur á háskólasvæðinu og bárust alls á þriðja hundrað teikningar í samkeppnina.

Verðlaun fyrir frumlegustu litanotkunina hlaut Birkir Andri Stefánsson, nemandi í Glerárskóla. Arnþór Ó. Hulduson, nemandi í Oddeyrarskóla, hlaut verðlaun fyrir tjáningarríkustu myndina og Sunna Guðný Sverrisdóttir, nemandi í Glerárskóla, fékk verðlaun fyrir sterkustu frásögn og túlkun á viðfangsefninu.

- sdg



**LISTAMENNIRNIR** Allar myndir sem bárust í keppnina verða til sýnis á bókasafni háskólans frá 5. september til 5. október. MYND/JÓNA JÓNSDÓTTIR




## Kjartan Gylfason
Tannlæknir

Kjartan er stoltur stuðningsmaður íslenska landsliðsins í fótbolta. Svo stoltur, reyndar, að leikurinn á laugardaginn mun líklegast hræra duglega upp í honum. En þannig vill Kjartan líka hafa það. Hann vill fá eitthvað út úr leiknum, líkt og leikmennirnir inni á vellinum. Finna fyrir lífinu um stundarsakir. Gleðjast og jafnvel þjást. Hann vill vera ástríðufullur Íslendingur í 90 mínútur, með öllu tilheyrandi.

Væri ekki gaman að fylla Laugardalsvöll af fólki eins og Kjartani á laugardaginn?

## Ökuleið Hermanns frá Hafnarfirði til Reykjavíkur




# Umferðarþunginn er ekki fólki bjóðandi

**Höfuðborgarbúar eru orðnir langþreyttir á morgunumferðinni í Ártúnsbrekkunni og á Miklubraut. Blaðamaður Fréttablaðsins slóst í för með Hafnfirðingi og upplifði umferðarteppuna sem fjölmargir íbúar höfuðborgarsvæðisins sitja fastir í á hverjum degi.**

„Þessi umferð er ekki fólki bjóðandi,“ segir Hermann Fannar Valgarðsson, sölustjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Atóm01. Hermann er einn fjölmargra Hafnfirðinga sem sækja vinnu í Reykjavík. Hann ekur á hverjum morgni frá heimili sínu við Skúlaskeið í Hafnarfirði og sem leið liggur inn á Þingholtsstræti þar sem fyrirtækið sem hann starfar hjá er staðsett.

Hermann lagði af stað í vinnuna rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun og bjóst eins við að vera kominn í vinnu rétt fyrir níu.

„Umferðin gengur miklu hraðar fyrir sig nú en á þriðjudaginn,“ segir Hermann þegar hann nálgast ljósin við Olísstöðina í Garðabæ. „Þá tók það mig um korter að komast um einn kílómetra frá heimili mínu að ljósunum í Engidalnum.“ Í gær tók það Hermann hins vegar ekki nema um fimm mínútur.

Hermanni finnst hann á það góðum tíma að hann ákveður að kaupa kaffi í Aktu taktu í Garðabæ. „Þetta tekur svo langan tíma hvort eð er og ég verð að hafa eitthvað með mér í bílnum á leiðinni. Á þriðjudaginn gekk umferðin svo hægt fyrir sig að ég var jafnvel að velta því fyrir mér að ganga á milli bíla og selja kaffi og kleinuhringi,“ segir hann og hlær. Hermann kemst auðveldlega aftur inn á aðalumferðaræðina eftir örstutt stopp í lúgusjoppunni. En þá fer umferðin að þyngjast. Umferðin hjá Olísstöðinni í Garðabæ er mun þyngri en á bæjarmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Að jafnaði tekur það Hermann um fimmtán mínútur að aka til vinnu. Nú eru fimmtán mínútur liðnar og hann er rétt að skríða undir brúna yfir á Arnarnes.

„Ég skil ekki alveg hvað málið er. Íbúum hefur fjölgað en það hefur ekki verið brugðist við því á helstu umferðaræðunum. Vallarhverfið í Hafnarfirði er gott dæmi um það. Það eru ábyggilega nokkur þúsund sem búa þar núna og þau hafa bara bæst í umferðina, sem var slæm fyrir,“ segir Hermann, sem nú er kominn að Smáranum. „Ég myndi vilja sjá brú frá Álftanesi yfir á Suðurgötuna. Ég held að hún myndi leysa vandann því þá væru komnar þrjár leiðir til Reykjavíkur. Þá myndu þeir sem væru á leið í miðbæinn fara yfir brúna, þeir sem væru á leið í bankahverfið í Borgartúni færu gömlu leiðina og svo er það Breiðholtsleiðin.“

Hermann er nú kominn niður í Fossvoginn og klukkan að ganga hálf níu. „Þetta er samt frekar auðvelt fyrir mig því ég ræð því að miklu leyti hvenær ég mæti og get því hagað því eftir eigin höfði hvenær ég legg af stað,“ útskýrir Hermann um leið og hann rennir í hlað í Skaftahlíð þar sem Fréttablaðið er til húsa. Klukkan er þá orðin rétt rúmlega hálf níu. „Þetta tók nú ekki nema rétt rúman hálftíma,“ segir Hermann og kveður. Þá á hann enn eftir að koma sér niður í Þingholt. Heimleiðin seinni part dags var einnig eftir. Þá getur umferðin verið álíka þung og á morgnana.



ÍSLAND - SPÁNN
Ísland og Spánn mætast í hörkuleik í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 20:00 á laugardag.
Forsala aðgöngumiða verður í gegnum miðasölukerfi á midi.is þar sem þú getur valið þér besta sætið!
Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum...
...við erum öll í íslenska landsliðinu!
LEIKUR ÁN FORDÓMA
KSÍ 1947 60 2007
Alltaf í boltanum með KSÍ
MIÐAVERÐ Á LEIKDAG 8. SEPT
Sæti á rauðu svæði kr. 5.500
Sæti á bláu svæði kr. 4.000
Sæti á grænu svæði kr. 2.000
FORSALA TIL OG MEÐ 7. SEPT.
Sæti á rauðu svæði kr. 5.000
Sæti á bláu svæði kr. 3.500
Sæti á grænu svæði kr. 1.500
Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.
Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið.
Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.



**Vefurinn: Snopes**
Viltu vita hvort þrálátur orðrómur á við rök að styðjast? Veistu ekki hvort sagan sem var verið að segja þér er ekkert annað en ósönn flökkusaga? Snopes safnar öllum sögusögnum og grefst fyrir um sannleikann. Risastór gagnagrunnur. www.snopes.com

tækni&vísindi
taekni@frettabladid.is

SKÝRING: MANNAÐAR FERÐIR TIL TUNGLSINS

# *Kapphlaupið til tunglsins: Önnur umferð*



Þrátt fyrir að kapphlaupi Bandaríkjamanna og Rússa til tunglsins hafi lokið með göngu Neils Armstrong hinn 21. júlí árið 1969 hefur mannkynið ekki misst áhugann á tunglinu og ferðalögum þangað. Rúmum þrjátíu árum eftir að manneskja gekk síðast á yfirborði tunglsins hafa þrjár þjóðir tilkynnt fyrirætlanir sínar um að heimsækja tunglið á ný með mönnuðum geimförum. Tvær þeirra ætla að ganga enn lengra og reisa tunglstöð sem standa á þar til frambúðar.

Bandaríkjamenn riðu fyrstir á vaðið með Vision for Space Exploration-verkefninu, sem George W. Bush forseti kynnti árið 2004. Meðal þess sem áhersla er lögð á í verkefninu er að geimfarar NASA snúi aftur til tunglsins fyrir árið 2020. Í lok árs 2006 barst tilkynning frá NASA þar sem fyrirætlanir um að reisa geimstöð á pól tunglsins komu í ljós. Fyrsta ferðin er áætluð árið 2020.

Rússar, sem aldrei hafa viljað vera eftirbátar Bandaríkjamanna, tilkynntu um sínar tunglferðaáætlanir nýlega. Þeir hyggjast senda menn til tunglsins fyrir árið 2025, og hafa einnig áhuga á að reisa sér tunglstöð. Hún á að rísa fyrir árið 2032. Indverjar eru þriðja þjóðin sem ætlar sér að senda menn til tunglsins á komandi árum og áratugum, þeirra markmið er að lenda fyrir árið 2030.

Í ljósi þessara tilkynninga, og fleiri frá þjóðum sem eru að undirbúa ómannaðar geimferðir til tunglsins, spyrja sig margir hvað í ósköpunum sé á tunglinu sem ekki hefur fundist á þessum tæpu fjörutíu árum sem liðið hafa síðan maðurinn steig þar fyrstur fæti. Í svari bandarísku geimferðastofnunarinnar við spurningunni „Why the moon?“ (e. Hvers vegna tunglið?) kemur meðal annars fram að ástæðan sé að auka vísindalega þekkingu, undirbúa mögulegt landnám mannkyns og síðast en ekki síst sú staðreynd að mennirnir kanna.



**MEDIA-CONVERT.COM** Vefurinn býður meðal annars upp á það að breyta myndskjölum af DVD-diskum í myndbönd sem spila má í tölvunni.

Vefurinn media-convert.com er einfaldur í notkun:

# Auðvelt að breyta tegundum tölvuskjala

Þarftu að breyta textaskjali í pdf-skjal en átt ekki Adobe Acrobat? Á vefsíðunni media-convert.com má gera það á eins einfaldan hátt og unnt er að ímynda sér. Þar er enn fremur hægt að framkvæma nær allar slíkar umbreytingar sem huguринn girnist.

Til að breyta einni tegund af skjali í aðra á síðunni þarf lítið annað en að smella á einn hnapp, velja skjalið sem breyta á og svo þá tegund af skjali sem breyta skal í. Þetta er talsvert einfaldara en gengur og gerist með forrit af sama meiði, sem jafnan þarf að greiða fyrir.

Á vefnum má meðal annars breyta vídeóskjölum af DVD-diskum í skjöl sem spila má í venjulegum myndbandsspilara í tölvu, þótt stærð skjalanna sem breyta á sé takmörkuð við 150 megabæt. Einnig er til dæmis hægt að breyta hljóðskjölum úr einni tegund í aðra. Myndaskjölum, þar á meðal vektorgrafík og Photoshop-skjölum, má breyta í hvaða annað myndform sem er. Hægt er að slá inn vefslóð í stað þess að velja skjal og fá út mynd af vefsíðunni.

Þá býður síðan upp á einkennilegri möguleika, eins og að búa til svokallað MIDI-skjal úr hvaða hljóðskjali sem er, sem mætti þá nýta sem hringitón í síma, og að færa textaskjöl yfir á morskóða.

Þjónustan er ókeypis en vissulega ekki fullkomin. Tilraun blaðamanns til að búa til pdf-skjal úr textaskjali skilaði því til dæmis að textinn í pdf-skjalinu varð brúnleitur en ekki svartur. - sh

# Nýr iPod með snertiskjá kallaður iPhone án síma

**Apple kynnti splunkunýja línu af iPod í fyrrakvöld. Meðal þeirra er iPod Touch, sem hefur snertiskjá og getur tengst netinu, og glænýr iPod Nano sem hægt er að nota til að horfa á myndbönd. Samhliða var kynnt mikil verðlækkun á iPhone, sem hefur ekki selst eins og vonir stóðu til eftir að nýjabrumið fór af símanum.**




**STOLTUR AF VARNINGNUM** Steve Jobs, forstjóri Apple, kynnir nýjungarnar á fundinum í fyrrakvöld. Á myndinni á bak við hann má sjá iPod Shuffle, iPod Nano, sígildan iPod, iPod Touch og iPhone, í þessari röð. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

„Hann er einn af sjö undrum veraldar – hann er hreint ótrúlegur,“ sagði Steve Jobs, forstjóri Apple, um hinn nýja iPod Touch á veglegum blaðamannafundi sem blásið var til í ráðstefnuhöll í San Francisco í tilefni af útgáfunni.

Hinn nýi iPod er talsvert frábrugðinn þeim sem hingað til hafa verið á markaði. Hann hefur raunar verið kallaður iPhone án síma, vegna þess hversu mjög honum svipar til símans fræga.

Meðal nýrra eiginleika er möguleiki á að tengjast netinu í gegnum spilarann. Safari-vafri Apple er innbyggður í hann og auk þess eru sérstakir hnappar á nýjum snertiskjá sem leiða notendur beint á YouTube eða Google- og Yahoo-leitarvélarnar. Einnig verður notendum gert kleift að kaupa tónlist beint af iTunes í gegnum spilarann. Snertiskjárinn er einnig stærri en iPod-notendur eiga að venjast, eða 3,5 tommur.

Nýju eiginleikarnir vöktu að vonum mikla athygli en einnig var tekið eftir því hversu lítið geymslupláss iPod Touch hafði að geyma. Hann er einungis framleiddur í tveimur útgáfum, með átta og sextán gígabæta geymsluplássi, en er þó nettur eftir því, einungis átta millimetra þykkur.

Átta gígabæta útgáfan mun kosta 299 dollara og sú sextán gígabæta 399. Spilarinn ratar í verslanir vestan hafs í lok september.

Hinn nýi iPod Touch var aðalefni kynningarinnar, en einnig var kynntur til sögunnar nýr iPod Nano sem spilað getur myndbönd. Útliti spilarans hefur verið gjörbreytt og svipar honum nú meira til hefðbundins iPod, þótt talsvert smærri og léttari sé. Hann mun fást í fjögurra og átta gígabæta útgáfum og mun koma út nú í lok vikunnar.

Þá var kynntur nýr 160 gígabæta sígildur iPod, tvöfalt stærri en sá 80 gígabæta sem áður var stærstur. Einungis verða framleiddar 80 og 160 gígabæta útgáfur hér eftir.

Fundurinn var einnig nýttur til að kynna mikla verðlækkun á iPhone. Átta gígabæta útgáfan lækkar úr 599 dollurum í 399. Jobs sagði þetta vera gert til að auka sölu á símanum fyrir jólin. Fréttaskýrendur eru þó sammála um að tiltölulega slakri sölu megi kenna um – eða mögulega þakka – verðlækkunina. Þá var tilkynnt að hætta ætti sölu á fjögurra gígabæta útgáfunni. stigur@frettabladid.is



**IPOD TOUCH**

**Helstu nýju eiginleikar**

| | |
|---|---|
| | Snertiskjár og nettenging |
| **Gagnapláss** | 8 GB/16 GB |
| **Þyngd** | 120 grömm |
| **Hæð** | 11 cm |
| **Breidd** | 6,18 cm |
| **Þykkt** | 8 mm |
| **Skjástærð** | 3,5 tommur |
| **Kemur út** | Í lok september |
| **Verð í BNA** | $299/$399 |

Þú ert ekki hjá SPRON Verðbréfum

Það skiptir máli að spara á réttum stað.

**Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða 15,4%***

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007, skv. sjodir.is. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.

## TÆKNIHEIMURINN

### Á methraða til Lundúna
Eurostar-hraðlestin setti nýtt hraðamet á nýjum háhraðateinum frá París til Lundúna á þriðjudag. Hún náði 320 kílómetra hraða á klukkustund, en til þess þurfti að fjarlægja matarvagna og hafa lestina hálftóma. Ferðin tók rétt rúmar þrjár klukkustundir.



### Svín varpa ljósi á fornmenn
DNA-rannsóknir á svínum hafa leitt í ljós að búskapur barst til Evrópu með búferlaflutningum bænda frá Austurlöndum nær. Áður var talið að Evrópubúar hefðu lært landbúnað í gegnum menningarleg áhrif frá Austurlöndum nær, en nú virðist sem fólkið sjálft hafi flutt búferlum milli álfanna og tekið með sér dýr, plöntur og þekkingu.

### Kínverjar neita aðild að tölvuinnbroti
Kínversk yfirvöld þverneita að her landsins hafi brotist inn í tölvur bandaríska varnarmálaráðuneytisins, Pentagon, í síðustu viku. Haft var eftir embættismönnum í The Financial Times að kínverski herinn hefði staðið að baki árásinni. Yfirvöld í Kína segja ásakanirnar lykta af kalda stríðinu.



### Tasmaníutígurinn tapaði baráttunni við dingóinn
Tasmaníutígurinn dó líklega út vegna samkeppni við dingó-hunda, sem höfðu sterkara höfuð og háls og áttu auðveldara með að ráða niðurlögum bráðar. Niðurstöður nýrrar rannsóknar benda til þessa. Tasmaníutígurinn var pokadýr sem lifði á eyjunni Tasmaníu fram á nítjándu öld, þegar hann dó út. Til þessa hefur ágangi manna verið kennt um hvernig fór fyrir tegundinni.

### Hjörtu í hættu vegna hita
Hlýnandi loftslag jarðar gæti gert fleira en að bræða jökla og neyða ísbirni upp á land. Læknar vara nú við því að hærra hitastig gæti verið hættulegt hjörtum manna. Það er vel þekkt að fólk á við meiri hjartavandamál að stríða í miklum hita. Ekki hefur fundist lausn á þessum nýja aðsteðjandi vanda.

### Ósvífin vinnubrögð Sony
Wikipedia-síða tölvuleiksins Halo 3 frá Microsoft var nýlega uppfærð með þeim upplýsingum að grafík leiksins myndi lítið breytast frá því sem var í síðasta leik. IP-tala þess sem færði inn þessa klausu hefur verið rakin til skrifstofa keppinautarins Sony í Liverpool. Upplýsingarnar hafa verið fjarlægðar.




Ísland á alþjóðavettvangi - erindi og ávinningur 2007-2008

# Íslensk stjórnvöld og háskólar landsins efna til háskólafundaraðar undir heitinu

## „Ísland á alþjóðavettvangi - erindi og ávinningur“

Opnunarmálþing
*“Alþjóðasamstarf á 21. öld og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna”*
Háskóla Íslands, hátíðarsal
Föstudaginn 7. september
kl. 11:50 til 13:15



**Ávarp forsætisráðherra Geirs H. Haarde**



**Ávarp utanríkisráðherra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur**



**Aukin þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi. Hvers vegna og til hvers?**
- Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við H.Í.



**Hvert er hlutverk öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í upphafi 21. aldar?**
- Alyson J.K. Bailes gestakennari við stjórnmálafræðiskor H.Í. og fv. framkvæmdastjóri SIPRI, sænsku Friðarrannsóknarstofnunarinnar



**Auknar valdheimildir öryggisráðsins - er ráðið alþjóðlegur löggjafi?**
- Björg Thorarensen prófessor í lögfræði við H.Í.



**Fundarstjóri**
- Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands

## Allir velkomnir !

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS
LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK



er það?



75 ára | spron
VERÐBRÉF

Himinn og haf / SÍA - 9071096

Þú sparar 611 kr/kg

40% afsláttur




**917** kr/kg. áður 1.528 kr/kg.
Goða bayonneskinka

Þú sparar 408 kr/kg

30% afsláttur




**952** kr/kg. áður 1.360 kr/kg.
Goða unganautahakk

Þú sparar 656 kr/kg

50% afsláttur




**656** kr/kg. áður 1.312 kr/kg.
Ísfugl kalkúnanuggets

40% afsláttur




**299** kr/pk. áður 499 kr/pk.
Freschetta brick oven italiano 2 pack

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 6. september til 9. september eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**1.559** kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur




**75** kr/pk. áður 149 kr/pk.
Hy-Top Marshmallows




**199** kr/pk. áður 299 kr/pk.
Hy-Top jarðarber og bláber 454 gr.




**99** kr/stk.
Sprite og Sprite Zero

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
**8.260 -0,23%**

**Fjöldi viðskipta:** 330
**Velta:** 16.477 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ALFESCA** | +0,65% | **ATLANTIC PE.** | -2,33% |
| **TEYMI** | +0,65% | **EIK BANKI** | -1,59% |
| **ÖSSUR** | +0,48% | **ATORKA** | -1,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,90 -1,00% ... Bakkavör 66,30 +0,00% ... Eimskipafélagið 40,80 -0,37% ... Exista 33,75 +0,00% ... FL Group 26,70 -0,19% ... Glitnir 28,70 -0,17% ... Icelandair 27,40 -0,55% ... Kaupþing 1.145 -0,09% ... Landsbankinn 41,45 -0,60% ... Straumur-Burðarás 20,10 -0,50% ... Össur 105,00 +0,48% ... Teymi 6,23 +0,65%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Var Glitnir yfirtökuskyldur?**
Margir hafa reynt að komast yfir TM en engum tekist það fyrr en nú að FL Group, Sund og Glitnir náðu þar undirtökunum. Jón Ásgeir Jóhannesson, sem reyndi að komast til valda í TM fyrir nokkrum árum án árangurs, er því kominn með pálmann í hendurnar. Verður þó ekki betur séð en að Glitnir, sem keypti tæp fjörutíu prósent, hafi gerst yfirtökuskyldur í TM um stutta stund þar sem bankinn átti bréf í félaginu fyrir. Brá bankinn á það ráð að selja hluta bréfa sinna. Framhaldið er forvitnilegt. Tekur FL Group TM yfir eða verður félagið áfram skráð á markaði undir forystu FL og tengdra fjárfesta? Fyrri kosturinn er ekki ólíklegur, enda hafa Exista og Milestone haft tryggingastarfsemi undir sínum hatti með góðum árangri. Þó er það talið hætta á að lánshæfismat TM lækki ef félagið fellur inn í FL.



**Að þekkja sín takmörk**
Íslandspóstur kynnti á dögunum framtíðaráætlanir sem fóru fyrir brjóstið á mörgum. Pósturinn hyggst færa út kvíarnar og hefja sölu á skrifstofuvarningi, pappír, geisladiskum, kortum og öðrum svipuðum vörum, að því er segir í tilkynningu. Heimdallur sendi í gær frá sér harðorð mótmæli þar sem bent var á að Íslandspóstur væri með þessu kominn langt út fyrir sitt lögbundna hlutverk. Sumir hallast að því að ríkisrekstur eigi að vera síðasta úrræðið, þegar markaðurinn getur ekki veitt þjónustu sem ríkisvaldið telur þörf á. Greinilegt er að forsvarsmenn Íslandspósts telja ríkið hafa veigameira hlutverki að gegna; nema þeir hreinlega viti ekki að hér á landi hefur svo lengi sem elstu menn muna verið ágætt úrval skrifstofuvarnings, pappírs, geisladiska, korta og annars varnings í svipuðum dúr.

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Evrópu tilkynnti í gær að stýrivextir bankans yrðu óbreyttir í fjórum prósentum. Stýrivextir verða einnig óbreyttir í Bretlandi, en þeir standa nú í 5,75 prósentum. Ákvarðanirnar eru í samræmi við spár greiningaraðila.

Fjármagnstekjur Íslendinga námu 209 milljörðum króna á fyrstu sjö mánuðum árs. Í fréttabréfi Samtaka atvinnulífsins er því gert skóna að fjármagnstekjur fari yfir fjögur hundruð milljarða fyrir árið í heild.

Alls var 864 kaupsamningum um fasteignir þinglýst við sýslumannsembættin á höfuðborgarsvæðinu í ágúst. Miðað við júlí fækkaði kaupsamningnum um 13,5 prósent, en sé miðað við ágúst á síðasta ári fjölgaði samningunum um rúmlega 108 prósent.

# Leggja á Nordvest niður

Stjórn verðbréfafyrirtækisins Nordvest leggur fyrir hluthafafund tillögu um að félaginu verði slitið og að það afsali sér starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Fundurinn fer fram 13. september næstkomandi.

„Félagið hefur verið í sölu en engir kaupendur fundist. Eini möguleikinn á að félagið starfi áfram er að kaupendur finnist innan viku," segir Skúli Sveinsson, framkvæmdastjóri Nordvest. Félagið hefur starfað síðan árið 2001. Að sögn Skúla hefur hallarekstur verið viðvarandi og hefur Nordvest tapað um þrjátíu milljónum króna það sem af er ári.

Skúli segir lagaumhverfi hér erfitt smærri fyrirtækjum. „Sömu reglur gilda um stór og smá fyrirtæki, og það er ofboðslega kostnaðarsamt að fylgja öllum reglum. Þetta er auðvitað gríðarlega óhagkvæmt." Um leið bendir Skúli á að viðskipti félagsins hafi aukist um þrjátíu prósent að meðaltali milli síðustu sex ársfjórðunga og tekjur tvöfaldast milli ára.

Hjá Nordvest starfa fimm manns sem missa vinnuna nái tillaga stjórnar fram að ganga. Hluthafar eru um tvö hundruð. **- jsk**

# Glitnir fer fyrstur yfir 500 milljarða

**Velta með hlutabréf í bankanum er orðin meiri en heildarvelta í Kauphöll árið 2002. Kauphöllin miðar við að ársvelta félags samsvari markaðsvirði þess.**

Tímamót urðu í sögu Kauphallar Íslands í gær þegar ársvelta með hlutabréf í einu félagi, það er í Glitni, fór yfir 500 milljarða króna í fyrsta skipti. Til samanburðar námu viðskipti með bréf Glitnis 460 milljörðum króna í fyrra, sem var mesta ársvelta allra félaga.

Þetta er til marks um þá miklu veltuaukningu sem orðið hefur á hlutabréfamarkaði á síðustu árum. Árið 2002 nam heildarvelta með öll hlutabréf í Kauphöll til dæmis um 321 milljarði króna en í ágúst síðastliðnum fór ársveltan yfir metveltu síðasta árs sem var um 2.200 milljarðar króna. „Þessar veltutölur, sem við höfum verið að sjá fyrir markaðinn í heild, eru einfaldlega í línu við það sem við sjáum víða annars staðar. Þær eru eitt merkið um það að markaðurinn er orðinn skilvirkur og djúpur," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann bendir á að markaðsvirði Glitnis sé um 427 milljarðar og því hafi hvert hlutabréf í bankanum skipt um hendur að minnsta kosti einu sinni á árinu. „Viðmið okkar hefur verið að veltan á markaðnum fyrir árið samsvari markaðsvirði hvers félags að meðaltali."

Miklar breytingar hafa verið á eignarhaldi stærstu hluthafa í Glitni á árinu sem skýra að stórum hluta þessa mikla veltu. Milestone færði til hlutabréf á milli félaga í febrúar, sem myndaði mikla veltu, og seldi svo þréttán prósenta hlut í bankanum fyrir 54 milljarða króna í apríl. Nú í vikunni keypti Glitnir tæp fjörutíu prósent hlutafjár í TM og fengu seljendur hluta kaupverðs greitt með bréfum í bankanum.

Veltuhraði hlutabréfa, sem er hlutfall milli veltu og hlutafjár félaga, gefur til kynna seljanleika bréfa og þar með hversu verðmyndun þeirra er góð. Hlutfallið er yfir einn hjá Glitni sem og hjá Straumi þar sem allt hlutafé bankans hefur skipt um hendur einu sinni á árinu.

**eggert@frettabladid.is**

**VELTUMESTU HLUTABRÉFIN Á ÁRINU 2007**

| Félag | Heildarvelta* |
|---|---|
| Glitnir | 509 |
| Kaupþing | 401 |
| Actavis | 390 |
| Landsbankinn | 268 |
| Straumur | 219 |
| FL Group | 153 |
| Exista | 144 |

** Í milljörðum króna. Heimild: Kauphöll Íslands*


## Auglýsing vegna aukningar stofnfjár

Ákveðið hefur verið að auka stofnfé um **kr. 2.971.234.536** með útboði þar sem stofnfjáreigendum verður boðið að skrá sig fyrir nýju stofnfé sbr. samþykktir sparisjóðsins þar að lútandi. Heildarnafnverð nýs stofnfjár í útboðinu er **kr. 1.565.854.263** og er verð hvers stofnfjárhlutar **kr. 1,89751665.** Útboðið sem nú fer í hönd er forsenda þess að hægt sé að ná skiptihlutföllum sem gert er ráð fyrir í fyrirhuguðum samruna við Sparisjóð Kópavogs, en samrunaáætlun var undirrituð af stjórnum sjóðanna 27. júní síðastliðinn.

Í dag hafa allir stofnfjárhlutir í BYR - sparisjóði verið skráðir rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Svo mun einnig verða um nýtt stofnfé sem gefið verður út í tengslum við aukningu þessa.

Útboðslýsingu vegna stofnfjáraukningarinnar er að finna á heimasíðu BYRS - sparisjóðs **www.byr.is.** Jafnframt má nálgast lýsinguna í útibúum BYRS - sparisjóðs. Þjónustuver veitir upplýsingar um útboðið í síma **575 4000.**

Áskriftartímabil stendur yfir frá og með **3. september, til og með 17. september næstkomandi**. Eindagi áskrifta er **24. september 2007.**

Reykjavík, 31. ágúst 2007

BYR SPARISJÓÐUR


# Stefnu haldið þótt horfur hafi versnað

**Stýrivextir eru óbreyttir, 13,3 prósent. Seðlabankastjóri segir einhliða upptöku evru „fáránlega" hugmynd.**

Þrátt fyrir versnandi verðbólguhorfur telur Seðlabanki Íslands ekki tilefni til að hvika frá áætlun um að lækkunarferli stýrivaxta hefjist á fyrri hluta næsta árs. Bankinn kynnti í gærmorgun ákvörðun sína um óbreytta 13,3 prósenta stýrivexti.

„Nokkur gengisórói hefur verið að undanförnu og verðbólguhorfur til skamms tíma heldur lakari nú en við síðustu vaxtaákvörðun," segir Davíð Oddsson seðlabankastjóri en segir um leið horfur til lengri tíma lítið hafa breyst. Óvissa um þróun krónunnar muni ekki síst ráðast af framvindu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þá er það mat Seðlabankans að styrking krónunnar fyrr á árinu hafi ekki skilað sér að fullu í lægra vöruverði og það gefi tilefni til að ætla að verðlagsáhrif veikingar krónunnar að undanförnu verði hóflegri en ella.

Samkvæmt spá Seðlabankans nást verðbólgumarkmið um mitt næsta ár. Versni horfur eða batni segir Davíð bankann hins vegar munu bregðast við.

Davíð segir Seðlabankann ekki telja ástæðu til að bregðast við fregnum af því að Straumur fjárfestingarbanki skrái hlutabréf sín í evrum. „Málið er ekki af þeirri stærðargráðu," segir hann. Sömuleiðis segir Davíð Seðlabankann ekki finna fyrir þrýstingi frá atvinnulífinu, líkt og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra kveðst hafa fundið, um að hér beri að taka upp evru sem gjaldmiðil. Hann segir hins vegar að persónulega finnist honum „fáránlegar" hugmyndir sem erlendir fræðimenn hafa hér reifað um vænleika þess að taka hér einhliða upp evru og vísað hafa til reynslu fátækra ríkja af dollaravæðingu. „Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt að samfelld umræða sé í gangi um þessi mál," segir hann. **- óká**



**BANKASTJÓRN HELDUR ÁÆTLUN** Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson seðlabankastjórar. Bankinn segir áætlun um vaxtalækkun enn halda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Já, takk!

Starfslið Já vandar sig alla daga, svo notendur þjónustunnar geti vandað sig í daglegu lífi. Þetta skilar árangri. Upplýsingavefurinn ja.is er tilnefndur fyrir Íslands hönd til nýmiðlunarverðlauna Sameinuðu þjóðanna, World Summit Awards, í flokknum netviðskipti. Við þökkum heiðurinn og heitum því að halda áfram að vanda okkur.




já

– er svarið

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sú rödd var svo fögur og hugljúf og hrein.

## Við andlát ítalsks tenórs

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Töfrar mannsraddarinnar eru undursamlegir. Aldrei er það skýrara en í söngnum hve dásamlegt hljóðfæri mannsröddin er. Þegar söngvari góðum gáfum búinn af náttúrunnar hendi lyftir sér upp á tónaregistrinu og samhæfir sinn þjálfaða styrk meitlaðri hugsun og tilfinningu hverfa allar takmarkanir og við fljúgum á vængjum söngsins, bundin í tónmálið – og textann.

Pavarotti naut þeirrar gæfu að miðlar nútímans og forræði hinnar vestrænu tónlistar í heimsmenningunni ruddu honum braut að hjörtum í öllum hornum veraldar. Víst var hann nánast skopgervingur hins íturvaxna tenórs en um leið talandi dæmi um að útlit skiptir ekki máli ef leik- og sönggáfa er mönnum gefin í nægilega ríkum mæli og hún hlýtur þá þjálfun sem þarf. Nú segja menn hann besta söngvara sinnar aldar. Við búum við þá gæfu að afrit af söng allra helstu stórsöngvara heimsins eru okkur tiltækileg. Við getum borið þá saman, alla tenórana sem sungu inn á hljóðrit frá aldamótunum 1900, þá sem gerðu garðinn frægan á millistríðsárunum. Við getum jafnvel séð hundruð brota af öllum bestu söngvurum óperusviðsins frá mörgum tímabilum, borið menn saman í sama hlutverkinu, skyggnst víðar í samanburðinum en nokkur önnur kynslóð hefur getað gert. Og það er víst satt: þessi listamaður bjó yfir einstakri tækni, einstakri rödd.

En þó að sú gáfa sé meðfædd, ásköpuð í upphafi, byggir þroski hennar ekki aðeins á því: þroskinn byggir á lærdómi, virðingu fyrir aldagamalli reynslu, skóla, sem flyst frá kynslóð til kynslóðar og er í grunninn alls óskyldur tísku og tiktúrum dægurmenningar.

Tónlistarmenning er í grunninn frekar gamalt kerfi, rétt eins ritmenning, myndhugsun og litaþekking, skilningur á texta og meðferð máls af sviði. Þetta eru allt gömul fög og breytast í grunn ekki neitt, nema nemendur og kennarar séu svo státnir í sjálfsfullnægju sinni að þeir geti varpað því öllu fyrir róða. Til dæmis textanum sem um þessar mundir skiptir hvað minnstu máli í leikhúsinu hér á landi. Þú þarft ekki að heyrast, ekki að skilja hvað þú ert að segja, bara líta nógu vel út – meðan þú ert grannur og grænn. Pavarotti hefði ekki fengið vinnu þar eftir fimmtugt, nei, honum hefði verið hafnað samkvæmt þeim viðmiðum miklu fyrr.

Þegar kanóna eins og hann hverfur af sviðinu, og honum tókst lengur en mörgum öðrum að standa í sviðsljósinu, vaknar spurning sem sækir æ oftar á mann: hvað stýrir þeirri stefnu í listsköpun sem forsmáir reynslu en upphefur reynsluleysi, fátæknt fálm byrjandans, framar öllu öðru? Er það látlaust eðli vörusamfélags sem heimtar allt nýtt svo að þess megi neyta? Ný andlit, nýrri skrokka. Upplogna reynslu hins reynslulitla?

Má ég þá biðja um Hve hönd þín er köld. Gamaldags sönglag sem enn er ljóslifandi sönn lífsreynsla í meðförum raddar sem er þögnuð en mun hljóma lengi enn.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



長城飯店

Kínamúrinn

Hádegisverðarhlaðborð
Mánudag til föstudags frá kl. 11:30 - 14:00
12 ólíkir réttir kr 1,450.-kr

Öll kvöld vikurnnar er opið frá kl. 18:00 - 23:30
Getum tekið á móti stórum hópum

Kínamúrinn
Vesturgötu 6-8. Sími 552-1900
www.greatwall.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fyllt í gjána**
Hugsanlega svelgdist einhverjum á skyrdrykknum sínum í gærmorgun við að lesa á forsíðu Fréttablaðsins að Þingvellir væru ekki á mörkum heimsálfa. Segja má að gjá hafi myndast milli leikra og lærðra því þetta hafa jarðfræðingar vitað áratugum saman en verr gengur að uppræta misskilninginn meðal almennings. Til marks um hversu rækilega þessi bábilja hefur hreiðrað um sig í þjóðarvitundinni má nefna að sjálfur Ómar Ragnarsson vissi ekki betur. Í grein í Fréttablaðinu á þriðjudag drepur Ómar meðal annars á á Þingvöllum og segir: „Á Þingvöllum sést landrekið vel, hvernig vesturbakkinn táknar Ameríku sem rekur burt frá austurbakkanum, Evrópu.“ Úps.



**Sprenghlægilegt**
Davíð Oddsson seðlabankastjóri lék við hvurn sinn fingur á blaðamannafundi í gær og sagði að orð í þá veru að hægt væri að taka upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið væru „sprenghlægileg“. Þó var fátt í fasi seðlabankastjórans sem benti til að honum þætti evrudaðrið hlægilegt – honum stökk ekki bros og virtist satt best að segja allt annað en hlátur í hug.

**Reynir og óvinirnir**
Reynir Traustason ræðir um blaðamannabakteríuna og endurkomuna á DV í pistli í nýjasta Mannlífi. Hann segir margt hafa verið gert til að reyna að drepa blaðamannabakteríuna í þau 20 ár sem hann hefur starfað við skrif. Hann hafi til að mynda lent í útistöðum við handrukkara og níðinga sem ekki hafi þolað umfjöllun. „En sá sem hefur Jónínu Benediktsdóttur, Jón Trausta Lúthersson, Ólaf Teit Guðnason, Pál Vilhjálmsson og Steingrím Njálsson upp á móti sér þarf líklega ekki að kvarta,“ segir Reynir.



bergsteinn@frettabladid.is
karen@frettabladid.is

# Tekjutenging skynsamleg



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Tekjuskattur

*Hinir eru sárafáir, líklega innan við eitt hundrað alls, sem hafa verulegar tekjur af sölu hlutabréfa, húsaleigu eða vöxtum af innstæðum, en engar atvinnutekjur og þurfa því ekki að greiða tekjuskatt.*

Sem betur fer fjölgar þeim óðum, sem taka undir það, að besta kjarabót almennings væri myndarleg lækkun tekjuskatts á einstaklinga. Eðlilegt væri að lækka þann tekjuskatt, sem ríkið tekur til sín, úr 23% í 17%. Slík tekjuskattslækkun myndi fela í sér, að menn greiddu um 30% skatt í heild af tekjum sínum ofan skattleysismarka. Síðan ætti að fella niður lögboðið lágmark útsvars, svo að sveitarfélög gætu keppt í alvöru um að bjóða lágt útsvar. Nú eru kostir þeirra til þess litlir, þó að þar hafi Seltjarnarnes vinninginn undir forystu Jónmundar Guðmarssonar bæjarstjóra.

**Skattleysismörk og fjármagnseigendur**
Sumir vilja hækka skattleysismörk. Það er óráð. Æskilegt er, að sem flestir greiði tekjuskatt, en ekki, að sumir séu skattfrjálsir og aðrir ekki, því að það freistar þeirra, sem sleppa við skattinn vegna lágra tekna, til að samþykkja hækkun hans. Skattleysismörk eru raunar miklu hærri á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Þau eru til dæmis um 60 þúsund krónur á mánuði í tveimur grannríkjum okkar, Svíþjóð og Írlandi. Hér eru þau nú um 90 þúsund krónur á mánuði og hefðu aðeins þurft að vera 6 þúsund krónum hærri til þess að vera hin sömu (á sambærilegu verðlagi) og árið 1995.

Aðrir benda á, að um tvö þúsund skattgreiðendur hafi ekki aðrar tekjur en fjármagnstekjur, en skattur af þeim er lægri en af atvinnutekjum. Þetta er rétt, en megnið er börn og unglingar, sem njóta vaxta af bankainnstæðum, en stunda ekki venjulega vinnu. Þeir fjármagnseigendur, sem reka fyrirtæki og taka sér arð út úr því, þurfa að reikna sér endurgjald, sem þeir greiða tekjuskatt af, þótt ef til vill sé þetta endurgjald stundum of lágt samkvæmt mati skattstjóra. Hinir eru sárafáir, líklega innan við eitt hundrað alls, sem hafa verulegar tekjur af sölu hlutabréfa, húsaleigu eða vöxtum af innstæðum, en engar atvinnutekjur og þurfa því ekki að greiða tekjuskatt. Þótt smámál sé, er eðlilegt, að þeir reikni sér líka endurgjald (fyrir umsýslu með fjármagn sitt) og greiði tekjuskatt af því. Þá sleppa þeir ekki heldur við að greiða útsvar, enda njóta þeir fullrar þjónustu sveitarfélaga.

**Höldum tekjutengingu**
Þriðja atriðið, sem þarf að skoða, er tekjutenging bóta. Ísland er frábrugðið öðrum Norðurlöndum í því, að hér eru margvísleg framlög ríkisins til velferðarþjónustu tekjutengd í meiri mæli. Til dæmis eru barnabætur til láglaunafólks rausnarlegri hér en annars staðar, en þær skerðast, eftir því sem tekjur hækka. (Þess vegna eru barnabætur að meðaltali lægri hér en annars staðar á Norðurlöndum.) Þetta er eðlilegt. Hvers vegna á að greiða tekjuháu fólki barnabætur? Hið sama er að segja um ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Hann skerðist með auknum tekjum. Það er líka eðlilegt. Ríkið á ekki að greiða auðmönnum ellilífeyri. Þeir geta séð um sig sjálfir.

Hitt er annað mál, að tekjutengingin hefst of snemma og skerðingin er of hæg. Skynsamlegra væri að hefja skerðingu bóta við hærri tekjur og skerða hraðar, svo að tekjuhátt fólk fái hvorki barnabætur né ellilífeyri. Takmarkað fé er til ráðstöfunar í velferðarþjónustu.

Mestu máli skiptir, að það sé notað til að aðstoða þá, sem þurfa aðstoð, en ekki til hinna, sem eru aflögufærir. Við Íslendingar ættum að gera nýjan þjóðarsáttmála, þar sem hinir tekjuhærri sætta sig við aukna tekjutengingu gegn því, að skattar á þá og aðra lækki. Þetta ætti að vera sameiginlegt baráttumál frjálslyndra jafnaðarmanna og frjálshyggjumanna.

Vonandi fá þau Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir líka öflugan stuðning launþegasamtakanna við þær skattalækkanir, sem þau boðuðu við myndun hinnar nýju stjórnar í vor.

# Snjallræðið Malodor

**UMRÆÐAN**
Fylgifiskar efnahagsframfaranna



EINAR MÁR JÓNSSON

Fyrir skömmu var ég á ferð í leigubíl gegnum dalinn fyrir norðan Lubéron-fjall í Suður-Frakklandi; ég var þá að koma úr nokkurra vikna dvöl í örlitlu þorpi uppi í fjallinu, á stað sem engir gemsar náðu til, eini símaklefinn var bilaður, og sjaldnast sáust nokkur blöð. Stefnan var tekin á Avignon, en þaðan gekk hraðlestin til Parísar. Þetta var snemma morguns, engin umferð á vegum, sólin skein og bílstjórinn kveikti á útvarpinu til að hlýða á fréttirnar klukkan hálf átta.

Í bílnum glumdi nú rödd fréttakonu og sagði, að borgarstjórinn í Argenteuil, einu af úthverfum Parísar, hefði fundið snjallræði mikið til að losa sig við húsnæðisleysingja, sem hreiðruðu um sig á gangstéttum í hjarta borgarinnar, öðrum mönnum til lítils augnayndis: að úða samastaði þeirra með illa þefjandi vökva, sem loddi margar vikur við hellur og malbik, svo þessi rumpulýður sæi sér þann kost vænstan að grípa fyrir nefið, taka til fótanna og láta ekki sjá sig meir. Ég hlýddi hljóður á tíðindin. Ekki var um að villast að nú var ég aftur kominn í samband við siðmenninguna.

Það fylgdi sögunni að vökvinn héti „Malodor“, og í þessum miklu efnahagsframförum sem meðal annars má mæla í fjölgun útigangsmanna á strætum, torgum og víðar er í rauninni undarlegt að engum skuli hafa dottið þetta í hug fyrr: þar sem ráð af þessu tagi reynast vel gegn kakkalökkum liggur beint við að spreyja á húsnæðisleysingja líka.

En nokkur böggull fylgdi þó skammrifi: einhverjir borgarstarfsmenn neituðu að handfjatla þennan vökva, þótt framleiðendurnir særu og sárt við legðu að hann væri algerlega skaðlaus. Svo var helst að sjá að þeir væru á valdi einhverra úreltra siðferðissjónarmiða sem hagfræðingar segja jafnan að standi efnahagslífinu mjög fyrir þrifum. Borgarstjórinn gerði sér þá lítið fyrir og fékk vökvann í hendur starfsmönnum í voldugri stórverslun, sem vildu ekki hafa þar uppi á dekki menn sem væru húsnæðislausir og þar af leiðandi auralausir líka. Og starfsmennirnir úðuðu.

En nú vaknar spurningin: hvernig var hægt að svæla burtu húsnæðisleysingja án þess að viðskiptavinirnir yrðu líka fyrir nokkrum óþægindum?

Kannske voru þessir menn ekki á nákvæmlega sömu stöðum í versluninni – nema maður vildi álykta sem svo að þeir sem væru orðnir samdauna peningalykt ættu ekki erfitt með að harka af sér fnykinn af „Malodor“.



## GÍTARINN GÓÐ KAUP

Stefán Jakobsson, söngvari og gítarleikari, hefur gert góð og slæm kaup.

TILBOÐ 3



## FÆREYSKIR DAGAR

Sylvía Locke Gunnstein rekur Smurbrauðsstofu Sylvíu á Laugavegi sem verður fimmtán ára á morgun.

MATUR 2




SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

ÓKEYPIS SKAUTALEGA ALLA HELGINA

SKAUTAHOLL.IS

OPIÐ KL 13.00 ALLAR HELGAR.

VATNSHELT HLÝTT OG MJÚKT

TICKET TO HEAVEN



ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201

nettoline

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af

20% afsláttur til 16. sept.










20% afsláttur til 16. sept.

OPIÐ: Virka daga 9-18 Laugard. 10-15




Friform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500




Jean-François, faðir Romans, ber fram lax sem eldaður er á franska vísu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leggjum á okkur leit að besta hráefninu í matinn

***Frakkar eru frægir fyrir sína matarmenningu. Því vekur það forvitni hvað Roman Me Guy býður upp á á fyrsta franska veitingastaðnum á Íslandi, Le Rendez Vous á Klapparstíg 38.***

Roman Me Guy er úr fjögurra manna fjölskyldu sem flutti hingað til lands fyrir fáum mánuðum til að koma frönskum veitingastað á fót algerlega upp á eigin spýtur. Að loknum endurbótum á húsnæðinu var staðurinn opnaður fyrir fjórum vikum og að sögn eigendanna hefur honum verið vel tekið. „Fólk kemur aftur og aftur og tekur vini sína með. Það er greinilega ánægt,“ segja þeir. En hvaðan kom þeim hugmyndin að því að flytja hingað norður í svalann til að metta mannskapinn? „Ég var búinn að koma áður hingað og hreifst af landinu,“ segir Roman brosandi.

Allir réttirnir á matseðlinum eru ekta franskir að sögn Romans en þó úr íslensku hráefni, nema foie gras sem er úr franskri andalifur.

„Við viljum aðeins allra besta hráefni sem völ er á og leggjum á okkur leit að því út um byggðir landsins. Við eigum í smá vandamáli með ostana. En kannski komumst við að samkomulagi við einhvern ostagerðarmann um að vinna með okkur að gerð franskra osta,“ segir hann.

Spurður hvort fjölskyldan hafi rekið veitingastað í Frakklandi svarar hann: „Nei, en við höfum verið allt okkar líf í veitingahúsum og matargerð og erum af mikilli matarætt ef svo má að orði komast.“

*gun@frettabladid.is*


Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.



JKE DESIGN

Ótæljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík

sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika

**Vín** geta gert dýrindis máltíð enn þá betri en þá skiptir miklu að velja rétta vínið. Vínbúðirnar eru með sérstök matartákn með hverju víni í vörulistum sínum og ætti það að auðvelda val á víni fyrir hin ýmsu tækifæri.



# Færeyskar fiskibollur



Sylvía Locke Gunnstein stendur fyrir færeyskum dögum á Smurbrauðstofunni og býður meðal annars upp á færeyskar fiskibollur og skerpukjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

***Smurbrauðsstofa Sylvíu á Laugavegi verður fimmtán ára á morgun og þar standa nú yfir færeyskir dagar, enda er eigandinn, Sylvía Locke Gunnstein, frá Færeyjum.***

„Ég býð upp á smurt brauð og snittur á Smurbrauðsstofunni," segir Sylvía og bætir við: „Við erum með fyllta bakka og diska sem eru eins og lítið kalt borð, til dæmis með þremur tegundum af kjöti, eggi, síld og ávöxtum og svo fylgir auðvitað brauð með og svoleiðis."

Nú standa yfir færeyskir dagar á Smurbrauðsstofunni hjá Sylvíu og þá býður hún upp á færeyska rétti. „Ég er með smurt brauð með færeysku áleggi, knetti, rúllupylsu, steiktar fiskibollur og skerpukjöt sem er líklega vinsælast hérna þessa daga," segir Sylvía.

Sylvía er frá Færeyjum en hefur búið hér á landi í nær fjörutíu ár. „Ég kom hingað þegar Hótel Loftleiðir var opnað árið 1966 og var þar í nokkur ár. Svo var ég í fjórtán ár á Kjarvalsstöðum til ársins 1992," segir Sylvía og bætir því við með stolti að hún hafi tekið á móti öllum þjóðhöfðingjum sem heimsótt hafa landið frá því 1981. „Ég hef verið að smyrja fyrir móttökur sem þessir höfðingjar hafa komið í á vegum borgarinnar."

Spurð hvort hún sé ánægð með lífið á Íslandi segir Sylvía: „Margir halda nú alltaf að grasið sé grænna hinum megin en það er hvergi betra að búa en á Íslandi."

*sigridurh@frettabladid.is*

**KNETTIR FYRIR FJÓRA**
**1 kg fiskhakk, helst þorskur en má nota ýsu.**
**3 tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**1-2 saxaðir laukar**
**1 msk. kartöflumjöl**
**smá mör í litlum bitum**
**vatn**

**Setjið hakk, salt, pipar og lauk í hrærivélarskál og hrærið vel. Köldu vatni bætt út í þar til deigið er mátulega seigt. Bleytið hendina undir köldu vatni og strjúkið yfir deigið til að fiskfarsið glansi. Svo er mörinn settur út í. Bleytið hendina undir köldu vatni og hnoðið bollur sem eru á stærð við appelsínur.**

**Bollurnar settar í kalt vatn í rúmgóðum potti og soðnar í 20-25 mínútur, eftir stærð bollnanna. Bollurnar eiga að sjóða hægt og gott er að setja smá edik út í vatnið, 1 dl. Bollurnar eru góðar með soðnum kartöflum og sinnepi eða skornar í sneiðar og notaðar sem álegg á brauð.**

**Sérfræðingar í saltfiski**
Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

**Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.**
**Fyrir verslanir:**
**Til suðu:**
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
**Til steikingar:**
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
**Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:**
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Hunangs Sinnepssósa...
... þegar vindur hvín!




Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Gráðostasósa...
... þegar sólin skín!




Grafika 03/2007
VOGABÆR
Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna.
Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.




Gvatemalabaunir frá búgarðinum La Union brenndar í vínarbrennslu - keimur af dökku súkkulaði, kryddi og brenndum sykri.
Kaffi ræktað af sannri alúð.

Frábært í allar gerðir uppáhellingar.

Kaffitár
- leggur heiminn að vörum þér

H2 hönnun




Beint í farsímann eða í vefpósti_
www.visir.is
vísir
Fyrstur með fréttirnar!


**Kanebo** kynnir nýja vörulínu Sensai í Hagkaupum Kringlu og Smáralind dagana 6.-11. september. Glæsilegar gjafir fylgja öllum kaupum þessa daga.

# Notar ekki fiskihattinn

***Stefán Jakobsson, söngvari hljómsveitarinnar Douglas Wilson, hefur gert mörg misjafnlega góð kaup í gegnum tíðina.***

„Ein bestu kaup sem ég hef gert gerði ég á Hróarskeldu 1999,“ segir Stefán og hlær. „Þar keypti ég mér svona öl-stól sem eru held ég ein skynsamlegustu kaup sem ég hef gert á ævinni. Stóllinn var með bjórhaldara og hægt að breyta honum í bakpoka þannig að maður gat sest hvar sem var. Hann er enn í fullu fjöri þrátt fyir að hafa bara kostað fimmtíu kall danskar og ég hef notað hann mikið, til dæmis í útilegum, partíum og sólbaði.“

Ein verstu kaup sem Stefán telur sig hafa gert voru einnig gerð á sömu Hróarskeldu. „Ég keypti mér svona fiskihatt, hatt sem er eins og fiskur, það var heimskulegt. Hann kostaði örugglega alveg þúsund kall íslenskar og hætti alveg að vera fyndinn eftir korter. Ég tímdi samt ekki að henda honum og dröslaðist með hann alla hátíðina. Hann tók meira pláss heldur en stóllinn til dæmis og var náttúrlega ekki með neinum handföngum en það var heldur ekki töff að vera með hann.“

Langbestu kaup sem Stefán hefur gert voru samt að hans mati þegar hann keypti gítarinn sinn. „Gítarinn er náttúrlega það skynsamlegasta sem ég hef keypt og hefur borgað sig því ég hef unnið við að spila,“ segir Stefán og bætir við að hann hafi hins vegar ekki gert jafn góð kaup þegar hann keypti sér hamstur. „Það var heimskulegt. Hamstrar sofa á daginn og vaka á nóttunni og það er ekki hægt að kenna þeim neitt.“

Stefán segir að sem betur fer hafi hann þó lært og sé nú farinn að gera fleiri góð kaup en slæm. „Stundum sá ég eitthvað sem mér fannst fyndið en áttaði mig ekki á því að það var kannski bara fyndið í svona mínútu og sat því uppi með eitthvert drasl sem var aldrei notað. Þar sem maður hendir ekki ónotuðum hlutum beið ég því kannski og vonaði að þessir heimskulegu hlutir öðluðust einhvern tilgang en sá dagur kom aldrei. Núna er ég aftur á móti orðinn svolítið góður í að gera góð kaup enda kominn með fjölskyldu og þarf að hugsa um fleiri en sjálfan mig. Ef ég sé eitthvað fyndið en gagnslaust núna hugsa ég bara „þetta er fyndið,“ en sleppi því að kaupa það.“


Stefán telur að gítarinn hafi margborgað sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*emilia@frettabladid.is*


**Lopi 27 - ný prjónabók**

Handprjónasambandið Skólavörðustíg
Handprjónasambandið Iðu Lækjargötu

**www.handknit.is**

**Í formi til framtíðar**

Skráning er hafin í þessi vinsælu átta vikna aðhalds-og lífsstílsnámskeið fyrir konur.
**www.hreyfigreining.is**

**HREYFI GREINING**
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**

# Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!
## 20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 16. september
**NÚ ER LAG AÐ GERA GÓÐ KAUP, VERÐIÐ HEFUR ALDREI VERIÐ HAGSTÆÐARA!**

nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT

**20% afsláttur til 16. september**


Hlýtt og notalegt — NICE hvítt



Í takt við tímann — PISA höldulaust


Nýtt, ódýrt og spennandi — TORINO hnota



Betra bað - meira úrval - lægra verð


Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS
þú getur valið um 59 hurðagerðir og liti!


Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

**ÞITT ER VALIÐ!**
Þú velur að kaupa ósamsetta innréttingu eða lætur okkur um samsetninguna. Önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska.
- fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!**
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

**20% afsláttur af tækjum!**



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og SNAIGÉ og WESTINGHOUSE kæli- og frystiskápa. 20% afsláttur af raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingum.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 15

**Friform**
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500
Velkomin í Fríform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–17
UM HELGAR 11–16

STOFNAÐ 1998
PLANIÐ
bílasala
517 0000

Við flytjum!

# SiRKUS

7. SEPTEMBER 2007 ■ Ættfræði fræga fólksins ■ Leikur með stórstjörnum í Evrópu ■ Lóa Pind gefur út skáldsögu...



## Íslenskir hönnuðir:

# SLÓGU Í GEGN Í KÖBEN


PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ
ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# fréttir

## Heyrst hefur



### Maggi á sendibílnum

Tónlistarmaðurinn Magnús Guðmundsson sem áður var meðlimur í fjöllistahópnum Gus Gus hefur söðlað um og hafið störf sem sendibílstjóri. Maggi Legó, eða Herb Legowitz eins og hann er stundum kallaður, sagði skilið við Gus Gus fyrir þó nokkru síðan og hefur lítið látið fyrir sér fara síðan þá. Magnús þykir nokkuð liðtækur í flutningunum og tekur sig vel út undir stýri á sendiferðabílnum.

### Alltaf í ræktinni

Habitatparið Jón Arnar og Ingibjörg hafa sjaldan litið betur út. Margir spyrja sig hver galdurinn sé en þeir sem hafa verið á ferð í World Class í Laugum að morgni til vita svarið. Þau eru nefnilega komin í einkaþjálfun hjá sjálfum Arnari Grant. Hann lætur þau þræla fyrir hverja krónu og hvetur þau áfram meðan þau lyfta lóðum og hlaupa á brettinu.



### Hús eða pappakassi?





Róbert Wessman, forstjóri Actavis, hefur staðið í ströngu við að byggja við einbýlishús sitt í Láglandi 10 í Fossvoginum. Nú er viðbyggingin tilbúin og búið er að einangra húsið með steinull. Eins og húsið lítur út í dag er eins og listamaðurinn Christo hafi komist í það en húsið líkist meira risastórum pappakassa en húsi.

SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjórn** Marta María Jónasdóttir
martamaria@frettabladid.is
Indíana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Sölustjóri** Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is

ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR LEIKKONA KEYPTI EINBÝLISHÚS Á 75 MILLJÓNIR

# FANN DRAUMAHÚSIÐ





ALSÆL Þórunn Lárusdóttir er himinlifandi með nýja húsið.

Lífið brosir við Þórunni Lárusdóttur leikkonu og eiginmanni hennar, Snorra Petersen viðskiptafræðingi. Í fyrra eignuðust þau sitt fyrsta barn, soninn Kolbein Lárus, og í sumar gengu þau í hjónaband. Á dögunum fjárfestu þau í einbýlishúsi við Faxaskjól. Húsið er sérlega glæsilegt, um 230 fermetrar og á þremur hæðum. Húsið stendur við sjóinn og eru Þórunn og Snorri með fallegt útsýni út á hafið og geta jafnvel fylgst með lífinu á Bessastöðum þegar skyggni er gott. Það mun því ekki væsa um litlu fjölskylduna. Húsið stendur á besta stað en stutt er út á Gróttu, í Vesturbæjarlaugina og Melabúðina. Þórunn segist vera mjög hrifin af Vesturbænum.

„Við vorum búin að leita lengi að húsi og vorum glöð þegar við fundum þetta. Það er mjög gott að búa í Vesturbænum," segir Þórunn en þau hjónin bjuggu áður við Sörlaskjól.

Það er nóg að gera hjá Þórunni. Um þessar mundir er hún að æfa barnaleikritið Skilaboðaskjóðuna sem er í leikstjórn Gunnars Helgasonar. Leikritið verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu um mánaðamótin október/nóvember. Í Skilaboðaskjóðunni fer Þórunn með hlutverk vondu stjúpunnar.

„Ég hef leikið nornir áður, það er svo skemmtilegt að leika vondu kerlinguna. Þá hefur maður úr svo miklu að moða enda er þetta svo langt frá manni," segir hún og hlær. „Innblásturinn fyrir hlutverkið kemur til mín á hverjum degi." *martamaria@frettabladid.is*

FRÉTTAKONAN LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR ÞEYTIST FRAM Á RITVÖLLINN

# ENGINN „SEX AND THE CITY" FÍLINGUR

Lóa Pind Aldísardóttir fréttakona hefur geyst fram á ritvöllinn og kemur hennar fyrsta skáldsaga út fyrir jólin. Bókin heitir Sautjándinn og fjallar um fjórar konur.

„Þetta er hvorki glæpasaga ná ástarsaga, þetta er saga um vináttu, pólitík og margbreytileika manneskjunnar," segir Lóa.

Er aðalpersónan fréttamaður?

„Nei, það er enginn fréttamaður í persónugalleríinu. Ég er búin að starfa við fjölmiðla í tólf ár og sú reynsla nýtist auðvitað. Aðalpersónan í bókinni er fertugur lögfræðingur og fjögurra barna móðir en í bókinni koma vinkonur hennar þrjár líka við sögu, almannatengillinn, auðkýfingurinn og skrifstofudaman."

Er einhver „Sex and the city"-fílingur í bókinni?

„Nei, vottar ekki fyrir honum. Mig langaði að skrifa bók um það hvernig Ísland gæti orðið ef ..."

Lóa er búin að sitja við skriftir í fjögur ár. Hún segist hafa byrjað á einni hugmynd sem hafi svo ranghvolfast.

„Ég byrjaði ekki á neinu plotti heldur spratt bókin fram af tilfinningum og óljósum hugmyndum," segir hún.

Eiginmaður Lóu, ljóðskáldið Sigfús Bjartmarsson, hefur gefið út hjá bókaútgáfunni Bjarti en bók Lóu kemur út hjá Sölku.

„Ég vildi ekki fara til sama forlags og maðurinn minn er hjá, vildi gera þetta á mínum eigin forsendum. Ég lagði ekki í þennan risa sem Eddan var. Ég er mjög ánægð að það skuli vera til forlag sem er í eigu kvenna og því valdi ég Sölkuna."

*martamaria@frettabladid.is*



LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR



**BJARNI BRÉFBERI** Vinnur við að bera út póst á milli þess sem hann leikur á gítarinn með rokksveitinni Mínus. MYND/GVA

# Rokkari í póstburði

Það er fullt af húðflúruðum rokkurum í póstinum," segir Bjarni Sigurðarson, gítarleikari í rokkhljómsveitinni Mínus, sem hefur það aukastarf að bera út póstinn í Norðurmýrinni. „Ég er búinn að vera í þessu aukalega síðustu tvö ár en fæ frí ef ég þarf að fara í tónleikaferðalög og svona. Það er gott að hafa eitthvað öruggt í bakhöndinni og svo spillir það ekki fyrir að ég get hlustað á tónlist í friði frá öllu sem er ákveðinn kostur fyrir tónlistarmann."

Bjarni bréfberi segist á þessum tveimur árum vera að vissu leyti orðinn háður starfinu. „Ég er orðinn háður göngutúrnum sem fylgir starfinu. Hann er eins og hvert annað fíkniefni," segir Bjarni bréfberi sem seinn er ekki á fætur. Stekkur fram úr rúminu klukkan sjö og drífur verkið af. „Ég er nú oftast búinn að þessu um hádegi," segir Bjarni sem býst við að hætta í bréfberastarfinu þegar æfingar á söngleiknum Jesus Christ Superstar hefjast en þar sér Bjarni um tónlistina ásamt félaga sínum, Bjössa úr Mínus.

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans




410 4000 | landsbanki.is

# SKÍFU LISTINN

**Skífulistinn er samantekt af mest seldu plötunum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Eivör | — | Mannabarn 2CD |
| 2 | Megas | ↑ | Megas og Senuþjófarnir |
| 3 | Eivör | ↑ | Human Child |
| 4 | Ýmsir | ↑ | Pottþétt 44 |
| 5 | Magni | ↓ | Magni |
| 6 | Ýmsir | ↑ | Íslandslög 7 |
| 7 | Mika | ↑ | Life in Cartoon Motion |
| 8 | Millarnir | ↑ | Alltaf að græða |
| 9 | Garðar T. Cortes | ↓ | Cortes 2007 |
| 10 | Ýmsir | ↓ | Íslandslög 1-6 (6CD) |
| 11 | Ljótu Hálfvitarnir | ↓ | Ljótu Hálfvitarnir |
| 12 | Smashing Pumpkins | ↑ | Zeitgeist |
| 13 | Ýmsir | ↓ | 100 Íslensk 80's lög |
| 14 | Gus Gus | ↑ | Forever |
| 15 | KK og Maggi Eiríks | ↓ | Langferðalög |
| 16 | Ýmsir | ↓ | Instant Karma (John Lennon) |
| 17 | Rúnar Júl | N | Snákar í garðinum |
| 18 | Soundspell | N | An ode to the umbrella |
| 19 | Björk | ↑ | Gling Gló |
| 20 | Creedence Clearwater | N | Chronicle: 20 Greatest Hits |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

Listinn gildir vikuna 06. - 13. september 2007




## Eivør

**Það er Eivør sem heldur topp sætinu aðra vikuna í röð með sérútgáfu disksins Human Child. Nýliðinn í vikunni er Rúnar Júl með diskinn Snákar í Garðinum, hann er að fara í Laugardalshallar æði og stefnir á tónleika þar í Október.**

**Nældu þér í eintak**

S·K·Í·F·A·N








Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


LEIKKONAN SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR ER NÝKOMIN HEIM ÚR TÖKUM FRÁ ÞÝSKALANDI ÞAR SEM HÚN VAR AÐ LEIKA Í VINSÆLUM SAKAMÁLAMYNDUM.

# Í STJÖRNUFANSI Á GOTLANDI

Þetta eru þýskar sakamálamyndir sem gerðar eru eftir sænskum sögum," segir leikkonan Sólveig Arnarsdóttir, sem er í stuttu fríi á Íslandi áður en hún heldur aftur út til að klára tökur. Myndirnar sem Sólveig leikur í eru hluti af þekktum og virtum dagskrárlið sem sýndur er á laugardagskvöldum í Þýskalandi auk þess sem flest Norðurlöndin hafa tryggt sér sýningarréttinn. Meðleikarar Sólveigar eru ekki af verri endanum en margir af vinsælustu leikurum Norðurlandanna og Þýskalands léku með henni. Á meðal þekktra leikara eru hinn danski Nikolaj Lie Kaas sem meðal annars lék í kvikmynd Lars Von Trier, Idioterne og mynd Susanne Bier, Elsker dig for evigt, en Nikolaj er eini leikarinn sem unnið hefur þrjú Bodil-verðlaun fyrir þrítugt. Samlanda hans, Paprika Steen, sem þekkist meðal annars úr Idioterne og Festen, leikur einnig með Sólveigu ásamt hinum norska Bjorn Floberg sem lék í íslensku myndinni Ungfrúin góða og húsið auk sænska ungstirnisins Fridu Hallgren sem að sögn Sólveigar hefur unnið til allra verðlauna sem hægt er að vinna. Karakter Sólveigar er aðstoðaryfirlögreglukona og er annað aðalhlutverkanna. „Þessar myndir eru ekkert ósvipaðar bresku þáttunum sem sýndir hafa verið hér á landi en í myndunum fylgjumst við með sama lögregluhópnum leysa glæpi," segir Sólveig og bætir við að stjörnurnar hafi komið vel fram. „Þetta eru allt frábærir leikarar sem hafa góða reynslu af þessum miðli og haga sér eftir því svo það voru engir stjörnustælar í gangi. „Ég velti því nú lítið fyrir mér hversu frægt þetta fólk er en uppgötvaði stundum að fólkið á næstu borðum glápti á þau þegar við vorum úti að borða," segir Sólveig og viðurkennir að þátttaka hennar í myndunum eigi eftir að auka velgengni hennar í Þýskalandi en þar hefur hún starfað síðustu átta árin meðfram vinnu hér heima. „Þetta er mjög gott fyrir frama minn í Þýskalandi en í nóvember mun ég leika í leikhúsi í Berlín í verki eftir sænska leikskáldið Lars Norén sem sýnt verður meðal annars á norrænni leikhúshátíð þar í landi."

indiana@frettabladid.is



**SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR „Ég velti því nú lítið fyrir mér hversu frægt þetta fólk er en uppgötvaði stundum að fólkið á næstu borðum glápti á þau þegar við vorum úti að borða," segir Sólveig.**



**PAPRIKA STEEN Danska leikkonan leikur með Sólveigu en Paprika er ein sú þekktasta í Danmörku og lék meðal annars í Idioterne og Festen.**

# BIRTA SELUR HÚSIÐ

Þóra Sigurðardóttir, eða Birta, sem oftast er kennd við Stundina okkar, hefur sett glæsiraðhús sitt á Framnesveginum á sölu. Húsið vakti mikla athygli þegar það birtist í tímaritinu Veggfóðri síðasta sumar. Þá var Þóra búin að standa í ströngu við að innrétta húsið upp á nýtt á sérlega smekklegan hátt.

„Þetta er náttúrlega bara snilldarhús með byggingarrétti og öllu. Þar sem ég er eiginlega alltaf erlendis var ekkert annað í stöðunni en að selja enda er þetta allt of fínt hús til að leigja út," segir Þóra og hlær.

Hún segist þó kveðja húsið með trega enda tengjast því margar góðar minningar. Til að mynda hafi eiginmaður hennar, undrakokkurinn Völli Snær, séð sér leik á borði þegar framkvæmdir voru að hefjast og sent henni iðnaðarmenn í röðum til að heilla hana upp úr skónum. En á þeim tímapunkti var hann sjálfur vant við látinn við veitingarekstur á Bahamaeyjum.



**KVEÐUR HÚSIÐ MEÐ TREGA** Þóra á eftir að sakna hússins enda geymir það margar góðar minningar.



**FYRSTU RAÐHÚSIN Á ÍSLANDI** Húsið er teiknað af Guðjóni Samúelssyni sem teiknaði einnig Háskóla Íslands, Þjóðleikhúsið og Landspítalann svo eitthvað sé nefnt.


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI
collezione
bugatti
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra lagerinn outlet
Troðfull verslun af merkjavöru !
50% afsláttur
af herravörum
Nýtt
70% afsláttur
af kvennvörum frá
BOSS HUGO BOSS og SAND
ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )









GUNNI OG KOLLA HJÁ ANDERSEN & LAUTH Á BLÚSSANDI SIGLINGU

# Selja fötin til tíu landa

Hönnuðirnir Gunni og Kolla hanna undir merkinu Andersen & Lauth. Þau eru á fullri ferð með merkið en þau sýndu fatnað úr vorlínunni 2008 í Øxnehallen í Kaupmannahöfn.

Þetta var í annað skipti sem þau sýna Andersen & Lauth í Øxnehallen, því í febrúar sýndu þau haustlínuna 2007. Sú lína er nú þegar í sölu í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

„Þetta gekk rosalega vel. Vorlínan okkar verður seld á enn þá fleiri stöðum en við seldum hana einnig til Frakklands, Írlands, Englands, Rússlands, Þýskalands og Kúvæt," segir Kolla.

Línan er þó ekki bara seld í útlöndum því dömulína Andersen & Lauth er seld í versluninni Maia á Laugaveginum og herralínuna er hægt að kaupa í nýrri verslun sem heitir Bask og er á Laugavegi.

Yfirbragðið á Andersen & Lauth er gamalt en fyrr á árum var verslun með sama nafni rekin í Reykjavík. Þess má geta að áður en Gunni fæddist fór faðir hans í verslun Andersen & Lauth og lét sérsauma á sig föt.

„Okkur finnst gamli tíminn spennandi og vildum halda í hann. Nafnið tengir fatalínuna við Ísland og það sem okkur þykir vænt um. Við notum til dæmis gamaldags handstungur og mikið af smáatriðum sem gera fötin sérstök," segir hún.

Dömulínan er á rómantískum nótum með tilheyrandi pallíettum, perlum í bland við grófari hluti. Hún er framleidd víðs vegar um heiminn, til dæmis í Tyrklandi, Indlandi, Portúgal og í Kína.

Sýningarbás Andersen & Lauth vakti mikla athygli í Kaupmannahöfn. Hann prýddu gömul húsgögn, myndarammar og lampar.

„Við gerðum básinn sjálf með hjálp góðra vina," segir hún.

Sátuð þið heima á kvöldin við föndur?

„Það má eiginlega segja það," segir Kolla og hlær.

Eftir sýninguna í Øxnehallen fékk Andersen & Lauth góða umfjöllun í sænskum og dönskum blöðum og hafa stílistar ytra verið duglegir við að fá lánuð föt frá þeim í myndatökur. Það er engin lognmolla í kringum þau en Gunni er þessa stundina í París þar sem Andersen & Lauth verður til sýnis um helgina.

*martamaria@frettabladid.is*



**SÝNINGARBÁS ANDERSEN & LAUTH Í KAUPMANNAHÖFN** Básinn vakti mikla athygli.



**HJÓNIN GUNNI OG KOLLA HÖNNUÐIR ANDERSEN & LAUTH**

# HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ FLYTUR Í NÝTT GLÆSILEGT HÚSNÆÐI!



## RÝMINGARSALA!

# 30-70%

ATH! Takmarkað magn!

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TROMMUVÖRUM Í VERSLUN

15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GÍTURUM Í VERSLUN

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

HELGA ÓLAFSDÓTTIR HANNAR FYRIR ILSE JACOBSEN

# GERIR ÞAÐ GOTT Í KAUPMANNAHÖFN

viðtal

Helga Ólafsdóttir fatahönnuður starfar hjá danska merkinu Ilse Jacobsen. Á dögunum sýndu þær afraksturinn á tískuvikunni í Kaupmannahöfn sem fram fór í Øxnehallen. Þetta er í fyrsta skipti sem Ilse sýnir heila fatalínu en hún er þekkt sem skóhönnuður.

Viðbrögðin fóru fram úr öllum vonum og var Helga himinlifandi þegar Sirkus hitti hana á heimili hennar í Kaupmannahöfn.

Helga lærði fatahönnun í Hellerup textil college í Kaupmannahöfn. Hún útskrifaðist árið 2000 og hélt heim til Íslands. Á þeim tíma var litla vinnu að hafa í faginu í Danmörku svo hún réði sig hjá íslenska merkinu xtra.is sem sérhæfði sig í unglingafatnaði. Í millitíðinni starfaði hún hjá Nikita, All Saints og fleiri fatamerkjum. Nú er hún komin aftur til Kaupmannahafnar enda hefur landslagið tekið miklum breytingum síðan Helga bjó síðast í Danmörku.

„Þetta er eiginlega gömul nostalgía. Síðan ég útskrifaðist hef ég verið dugleg að heimsækja Kaupmannahöfn og fylgst vel með því sem er að gerast í fatabransanum í Danmörku. Síðustu þrjú til fimm ár hefur verið mikill uppgangur í danskri fatahönnun og mig var farið að klæja í puttana að komast aftur út. Þegar mér bauðst starfið hjá Ilse var ekki aftur snúið."

Við tók átakanlegur tími. Helga vildi ekki rífa börnin og manninn upp með rótum svo hún byrjaði á því að kynna sér aðstæður og dvaldi í Kaupmannahöfn á virkum dögum og var á Íslandi um helgar. Svona gekk það í þrjá mánuði.

„Eftir þann tíma tókum við ákvörðun, ákvörðunin var ekki stór en verkefnið að flytja alla fjölskylduna var aðeins stærra. Mér hefur aldrei þótt neitt mál að flytja," segir hún og bætir því við að samt sem áður elski hún Ísland alltaf heitast.

„Ef það væri bullandi vinna á Íslandi og tækifæri í fatahönnun á hverju strái þá væri ég ekki hér."

Helga kynntist Ilse í gegnum Ragnheiði Óskarsdóttur sem á Ilse Jacobsen-verslun í Garðabænum. Þegar hún réð sig til starfa hjá henni var hún að byrja að leggja drög að heilsteyptri fatalínu.

„Mér fannst spennandi að fá að vera með frá byrjun. Ilse er þekkt sem skóhönnuður og hafði aldrei gert heila fatalínu áður. Þetta var því mikil áskorun," segir Helga. Spurð um línuna segir hún hana fyrst og fremst skandinavíska með ítölsku ívafi.

„Okkar inspírasjón er fyrst og fremst skandinavísk þar sem einföld og hrein form ráða ríkjum, en við sóttum líka mikið til Ítalíu. Ilse er ákaflega hrifin af því landi og meðan á vinnunni við línuna stóð borðuðum við mikið af ítölskum mat og hlustuðum á ítalska tónlist til að komast í réttu stemninguna," segir hún og brosir.

Þær tóku því það besta frá báðum og blönduðu því saman.

„Við vorum ein af fáum merkjum sem sýndum sterka liti á sýningunni á Øxnehallen. Okkar litapalletta samanstóð af djúpfjólubláum, blóðappelsínulituðum, miðnæturbláum og beigelituðum. Með þessu notuðum við lúxuslitina gull, silfur og brons."

Kynningin á línunni, sem kemur vorið 2008, var tvíþætt. Annars vegar héldu Helga og samstarfsfólk hennar tískusýningu í Hornbæk þar sem höfuðstöðvar Ilse Jacobsen eru. Og svo sýndu þær línuna einnig í Øxnehallen.

„Sýningin í Hornbæk fór fram á



**HELGA ÓLAFSDÓTTIR** Flutti fjölskylduna sína með sér. Hér er hún með börnin sín, Viktoríu Þóru og Baldvin.



**SKVÍSUGANGURINN Í ALGLEYMINGI!** Mjúkir litir eru áberandi.



**Í SKÝJUNUM** Guðbjörg Huldís Kristinsdóttir, make-up listamaður, Helga og Line Rebecca Rumhult sem báðar starfa sem hönnuðir hjá Ilse.



**GULLKÁPAN ÓGURLEGA** Sumarlínan frá Ilse skartar mörgum lúxuslitum eins og gulli, silfri og bronsi.

### Tískuráð:

Blanda saman dýru og ódýru er alltaf klassískt. Ef fólk kaupir sér dýra hluti á að velja þá vel, eyða í töskur og yfirhafnir og hafa grunninn svo ódýrari. Þá er líka auðveldara að grisja úr fataskápnum sínum og kaupa nýtt án þess að vera með mikinn móral.

### Hvað finnst þér um gervibrúnku:

Mér finnst fallegt að vera með hvíta húð á veturna og fínt að verða útitekin á sumrin. Appelsínugulur er ekki fyrir mig.

### Mikilvægast í lífinu?

Auðvitað fjölskyldan!

### Hvað langar þig í?

Mig langar í nýja tösku....

### Besti bitinn í Köben?

Ég elska Avocado samlokuna á Joe & the Juice í Magasin.....uuuhhhh. Þegar ég er ein á ferð þá borða ég hana í kvöldmat.

HUCKE dragtir Stærðir 36-50

póstsendum

verðlistinn við Laugalæk • sími 553 3755

# heilsa & hreyfing

FÖSTUDAGUR 7. SEPTEMBER 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

SUBWAY 7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna

HjartaHeill Landssamtök hjartasjúklinga

SUBWAY

6 tommu bátur

kr. 299

Gildir í september 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli




Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.

Nánari uppl. á www.subway.is

Gangan hefst klukkan 10.30 við Nesstofu.



# Styrktarganga um Seltjarnarnesið

Göngum saman-hópurinn stendur fyrir göngu á sunnudaginn til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini. Gangan hefst klukkan 10.30 við Nesstofu á Seltjarnarnesi og genginn verður lítill hringur um nesið.

Göngugjald er tvö þúsund krónur fyrir fullorðna en frítt er fyrir börn. Eftir gönguna verður boðið upp á heita súpu og brauð og óskað er eftir því að þátttaka sé tilkynnt á gongumsaman@gongumsaman.is.

- eö

**● HÆTT AÐ REYKJA Á NETINU** Gagnvirka heimasíðan reyklaus.is var opnuð formlega á dögunum af heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Heimasíðan er ný leið sem þeir geta nýtt sem vilja hætta að reykja en öll aðstoð á síðunni er ókeypis.

Á síðunni eru upplýsingar um leiðir til að hætta að reykja og gefin tækifæri til að taka ýmis próf. Einnig er hægt að skrá sig á síðuna og fá þá sendan einstaklingsmiðaðan stuðning í tölvupósti, aðgang að dagbók, gestabók og umræðuvettvang þar sem fólk getur deilt reynslu sinni og fengið stuðning frá öðrum sem eru í sömu aðstæðum.




Hugsum vel um okkur




Teygjur, 2. prentun komin. Aðgengileg og uppbyggjandi bók um hvernig hægt er að endurmóta líkamann, laga líkamsstöðuna og ýmsa kvilla.




Salka
Bókaútgáfan Salka
Skipholti 50c
www.salkaforlag.is

Raunhæf markmið – varanlegur árangur. Áhrifaríkar fyrir og eftir reynslusögur, fræðsluefni, æfingar með ljósmyndum, dagleg fæðutafla, þrekpróf og heilsuskýrslur.



Lýsingar Arnars eru á köflum ótrúlegar en myndirnar tala sínu máli eins og hér sést þar sem Örn tekur kollhnís aftur fyrir sig og lendir á öðru þaki.

# Fer á heljarstökki milli húsþaka

**Akureyringurinn Örn Haraldsson, 17 ára, á sér allsérstakt áhugamál, jafnvel hættulegt myndu sumir segja. Þegar hann er ekki í skólanum prílar hann upp byggingar, hoppar yfir girðingar og tekur heljarstökk á milli húsþaka.**

„Franski herinn fann upp á þessari tækni, sem þótti á sínum tíma góð aðferð til að flýta sér á milli staða,“ útskýrir eldhuginn Örn og bætir við að hún sé líka notuð til að flýja og handsama glæpamenn.

Tæknin sem Örn talar um flokkast undir jaðaríþróttir og gengur undir ýmsum heitum úti í heimi, svo sem parkour eða free running, þótt um eina og sama hlutinn sé að ræða. Hún gengur meðal annars út á að hlaupa upp veggi og yfir girðingar, hoppa á milli bygginga og lenda án þess að verða fyrir hnjaski.

Almennt var lítið vitað um þessa íþrótt þar til leikstjórar frönsku kvikmyndarinnar Yamakasi – Les samouraïs des temps modernes (2001) drógu hana fram í dagsljósið, en þar sjást iðkendur hennar sýna listir sínar.

Hún hefur ekki átt marga fylgismenn hérlendis þótt þeim hafi fjölgað á síðustu árum og ekki langt síðan Örn og vinur hans, Oddur Páll Reyes Laxdal, fóru að stunda hana. Fífldirfska þeirra vakti reyndar í fyrstu hörð viðbrögð á Akureyri þar sem óttast var að yngri og óreyndari aðilar tækju að apa eftir þeim.

Örn tekur fram að það hafi þó alls ekki verið ætlunin og til marks um það birtu þeir tilkynningu á heimasíðu sinni, www.blog.central.is/favorite-jump, þar sem varað var við að menn og sérstaklega börn færu að príla án þess að vera vel undirbúin. Sjálfur segist Örn hafa æft fimleika og man ekki eftir sér öðruvísi en spriklandi.



Málin geta endað með ósköpum ef ekki er farið varlega og það þarf að undirbúa sig vel. Örn segir alls ekki til þess mælst að börn api eftir sér.

Foreldrarnir séu búnir að sætta sig við áhugamálið, þótt þeim hafi ekki verið gefið um það í upphafi.

En mætti ekki frekar líta á íþróttina sem heilsuspillandi heldur en heilsusamlega? „Alls ekki,“ svarar Örn. „Ég hef aldrei slasast. Oddur slasaðist reyndar einu sinni, en þá var hann að sýna hvernig framkvæma ætti bragð. Hann handleggs- og nefbrotnaði.“ Sem sannar hversu nauðsynlegt er að ana ekki út í óvissuna.

Félagarnir hafa stundað iðju sína um nokkurt skeið fyrir norðan og Örn viðurkennir að þeir séu farnir að horfa annað til að þróa kunnáttuna. Stefnan er sett á Reykjavík þar sem til stendur að leigja íþróttasal og svo er draumurinn að fara til Frakklands. Eftirvæntingin leynir sér ekki í þeim töluðu orðum.

roald@frettabladid.is



Staðið á höndum. Hér kemur kunnátta Arnar úr fimleikum að góðum notum.



Parkour eða free running eru mismunandi heiti á jaðaríþrótt sem nýtur mikilla vinsælda úti í heimi og gengur meðal annars út á hopp milli húsþaka.

**SLENDERTONE System**

*Tími til að líta vel út ...!*

# *Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum ?*

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.



KORTER.IS

Heildarlausn til að móta allan líkamann...

*Pakki 1*
Slendertone belti - buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 2*
Slendertone belti - armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

*Pakki 3*
Slendertone buxur - armar
þjálfar rass og læri
og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 4*
Kynningarverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti - buxur - armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-

SLENDERTONE™
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-




**Eitt stjórntæki**
-með hleðslu - þú velur Slendertone sem hentar þér - Ekkert mál...!

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

# Hreinræktuð fegurð



Inga Louise Stefánsdóttir snyrtifræðingur fer mjúkum höndum um viðskiptavini sem mæta til hennar á Snyrti- og nuddstofu Dr. Hauschka en þar er aðeins unnið með snyrtivörur unnar úr lífrænum hráefnum og fyrirtækið ekki rekið í gróðaskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Húðsnyrtivörurnar frá Dr. Hauschka eru framleiddar úr lífrænum náttúruefnum. Fyrirtækið, sem hefur starfað í 40 ár, er ekki rekið í gróðaskyni. Stór hluti ágóðans rennur til góðgerðamála og kvikmyndastjörnur um allan heim elska Hauschka, enda margþættar ástæður til þess.**

Meðvituðum neytendum fjölgar á degi hverjum. Heyrst hefur að hlutabréfakaup í fyrirtækjum sem sérhæfa sig í lífrænni framleiðslu séu fjárfesting sem hægt sé að stóla á, enda er mótsvar við öllu: „Slow-food“ er svörun við „fast-food“ og lífrænar snyrtivörur svar við þeim sem, líkt og mörg matvæli, innihalda rotvarnar- og aukefni sem hugsanlega þjóna fremur hagsmunum seljanda en kaupanda.

Þýska snyrtivörufyrirtækið Dr. Hauschka var stofnað árið 1967 af efnafræðingnum Dr. Rudolf Hauschka og snyrtifræðingnum Elisabeth Sigmund. Þjóðverjar hafa löngum verið framarlega í öllu sem viðkemur náttúruvernd, heildrænum meðferðum og vistvænni framleiðslu og því er óhætt að álykta að vörurnar frá Dr. Hauschka standi undir kröfum um þarlenda gæðastuðla.

Hér á landi hefur um nokkurt skeið verið rekin snyrtistofa undir nafni Dr. Hauscka, en slíkar stofur eru reknar með sama sniði víða um heim og byggja á heildrænni meðferð fyrir líkama og sál. Það er Inga Louise Stefánsdóttir snyrtifræðingur sem er eigandi stofunnar á Skólavörðustíg 16, en um áratugaskeið hefur hún helgað starfskrafta sína heilsusamlegu líferni og innri sem ytri fegurð.

„Hugsunin á bak við meðferð að hætti Dr. Hauschka byggir á því að manneskjan sé öll ein heild og þess vegna er þetta meira en bara andlitsbað,“ segir hún. Það er hverju orði sannara því 120 mínútna meðferð hjá Ingu samanstendur meðal annars af nuddi, slökun, heitum og köldum bökstrum, örvun sogæðakerfis ásamt andlitshreinsun og meðferð með vörum frá Dr. Hauschka. Eftir slíka meðferð er sú sem hana hefur þegið endurnærð bæði á sál og líkama og húðin öðlast áberandi fallegan ljóma. Slíkri meðferð er því hiklaust hægt að mæla með fyrir konur sem af einhverjum ástæðum eru undir álagi eða þurfa á andlegri og líkamlegri næringu að halda.

„Heimspeki Dr. Hauschka gengur meðal annars út á að heilbrigði skapi fegurð og því skipti aldur engu máli í þessu samhengi. Heilbrigð húð er falleg húð, sama hvað manneskjan er gömul. Á sama hátt stuðlar andleg vellíðan að fallegu útliti og að henni er einnig unnið í meðferðinni,“ segir hún.

Fastir viðskiptavinir Ingu eru margir og hún segir hópinn fjölbreyttan. „Margar þeirra sem koma til mín eru leikkonur, lista- og fjölmiðlakonur sem búa hér í grenndinni en svo koma líka margir unglingar sem leita lausna við húðvandamálum og ná oftast mjög góðum árangri,“ segir Inga. Um leið sé virkni varanna frá Dr. Hauschka byggð á sama grunni og náttúrulækningar. „Það á að vinna með líkamanum en ekki á móti honum. Til dæmis er notuð olía á feita húð til að gefa henni skilaboð um að hætta að framleiða meiri húðfitu og mikil áhersla er lögð á að nota ekki næturkrem því það er þá sem húðin vinnur að því að endurnýja sjálfa sig og hvílast.“

Ásamt góðri viðskiptasamvisku býður Dr. Hauschka upp á vörur fyrir andlit, hár og allan líkamann. Snyrti- og nuddstofan er opin milli 9 og 18 en lokuð eftir hádegi á miðvikudögum því þá veitir Inga sérstaka ráðgjöf um vörurnar í versluninni Yggdrasil sem er í næsta húsi við stofuna.

*margret@frettabladid.is*

Allir í dans...

Kennsla hefst laugardaginn 8. september

- Samkvæmisdansar
- Barnadansar
- Hjónahópar
- Funk-Hip Hop
- Break
- Freestyle
- Salsa
- Keppnishópar



Afsláttur fyrir saumaklúbba fyrirtæki og lokaða hópa.

Innritun hefst miðvikudaginn 22. ágúst í síma 5654027 og 8616522 frá kl. 13-20 og á heimasíðu www.dih.is

Opið hús sunnudaginn 9. september kl. 13-17, danssýningar, heitt á könnunni.

DÍH Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar Haukahrauni 1, Bjarkarhúsinu, 220 Hafnarfirði



● **GÆÐI OG GÓÐ HRÁEFNI ERU Í HÁVEGUM HÖFÐ** á veitingastaðnum Gló í Listhúsinu við Engjateig. Þar er leitast við að bjóða upp á lífrænan mat, jafnt kjöt, fisk og grænmetisrétti. Mundu bara að mæta tímanlega í hádeginu til að fá borð því vinsældir staðarins fara vaxandi með degi hverjum.

Heilsurækt fyrir börn og unglinga

SHOKK

Spennandi gleði- og hreystinámskeið
að hefjast 11. september
í World Class í Laugum
fyrir börn og unglinga á aldrinum 8-15 ára

Nánari upplýsingar á
www.worldclass.is og www.shokk.is
og í síma 553 0000
Athugið að World Class er aðili að Frístundakorti ÍTR

World Class Iceland



**Erfitt getur verið að eiga við sorgina.**

## Ráðstefna um sorgarúrvinnslu

Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri stendur fyrir ráðstefnu um sorg og sorgarúrvinnslu laugardaginn 22. september. Ráðstefnan verður haldin í húsnæði háskólans að Sólborg og stendur frá klukkan 8.30 til 18.00.

Ráðstefnan er hluti af þverfaglegu meistaranámi í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri en er opin öllum sem hana vilja sækja. Meðal fyrirlesara eru prestar, læknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og músíkþerapistar en nánari upplýsingar má finna á slóðinni http://radstefnaumsorg.muna.is/. *-eö*

**● AUKEFNI AUKA OFVIRKNI** Sumar tegundir matarlitar og annarra aukefna í matvælum geta aukið ofvirka hegðun barna á aldrinum þriggja til níu ára. Þetta kemur fram í nýlegri breskri rannsókn sem sagt er frá á fréttavef Reuters.

Yfir 300 börn á aldrinum þriggja, átta og níu ára voru skoðuð og kom í ljós töluverð hegðunarbreyting hjá þeim börnum sem drukku safa með miklu magni af rotvarnar- og litarefnum.

Höfðu efnin ekki aðeins áhrif á þau börn sem greind höfðu verið mjög ofvirk heldur einnig á önnur börn.









N O R D I C A S P A

Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

# Láttu þér líða vel







**Á NordicaSpa er lögð áhersla á gæði og persónulega þjónustu.** Viðskiptavinir NordicaSpa fá gott aðhald og er vel hugsað um hvern og einn þar sem allir meðlimir fá leiðsögn hjá þjálfara í tækjaslanum í hvert skipti sem komið er í heilsuræktina. Í upphafi eru viðskiptavinir NordicaSpa heilsufarsmældir, þjálfarinn fer yfir stöðumat og setur upp æfingakerfi fyrir viðkomandi. Þjálfararnir aðstoða viðskiptavini við æfingar – stilla tæki og leiðbeina samkvæmt æfingaáætlun hvers og eins og aðstoða einnig við teygjur ef óskað er eftir því. NordicaSpa býður einnig upp á fjölbreytta hóptíma og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Að æfingu lokinni er gott að fara í heitu pottana í heilsulindinni og fá slakandi herðanudd hjá nuddurunum. Þar getur fólk látið þreytu dagsins líða úr sér og komið endurnært út. Í heilsulindinni eru tveir nuddpottar, slökunarlaug og tvær vatnsgufur með ilmi. Úti á veröndinni er einnig heitur pottur, sauna og sólbaðsaðstaða. Gestir fá einnig handklæði í hvert skipti.




| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Leikfimi Niki | Lokað námskeið Gunnar Már | Spinning Elín | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 07:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Fitubrennsla Íris | Lokað námskeið Gunnar Már | Leikfimi Niki | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 08:30 | | Body Balance Bjargey | | Body Vive NÝTT Bjargey | | |
| 09:00 | Body Vive NÝTT Bjargey | | Leikfimi Niki | | Body Balance Bjargey | Qi gong 9:15 Viðar |
| 09:30 | | Þrekhringur Gunnar Már | | Þrekhringur Gunnar Már | | |
| 10:00 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | Body Attack Guðrún María |
| 11:05 | Þrekhringur Gunnar Már | Rope Yoga (lokað) Katrín Sigurðardóttir | | Rope Yoga (lokað) Katrín Sigurðardóttir | Þrekhringur Gunnar Már | Laugardagsfjör Jóhannes |
| 12:05 | Body Pump Express Bjargey | | Spinning Express Elín | | Spinning Express Bjargey | Yoga Sóley |
| 13:00 | | | | | | |
| 16.30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Vaxtarmótun Númi | Lokað námskeið Gunnar Már | Vaxtarmótun Númi | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 17:30 | Þrekhringur Gunnar Már | Spinning Elín | Body Attack Guðrún María | Spinning Númi | Þrekhringur Gunnar Már | |
| 18:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Yoga (18:40) Drífa | Lokað námskeið Gunnar Már | Yoga (18:40) Drífa | Lokað námskeið Gunnar Már | |







Aðalheiður undirbýr sig fyrir fyrstu frumsýningu vetrarins sem er næstkomandi sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hreyfing og hreint fæði

**Aðalheiður Halldórsdóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknum, hefur í mörgu að snúast um þessar mundir en gleymir þó ekki að hugsa vel um sjálfa sig og gæta að heilsunni.**

„Þessa dagana er lokasprettur hjá okkur í Íslenska dansflokknum en fyrsta frumsýning vetrarins er næsta sunnudag. Frumsýnd verða tvö verk. Það er annars vegar nýtt verk eftir Serge Ricci sem heitir „Til nýrra vídda“ (A d'autres horizons) og hins vegar er það „Open Source“ eftir Helenu Jónsdóttur sem er verk sem er í stöðugri þróun,“ segir Aðalheiður.

Sem dansari skiptir miklu máli að heilsan sé í góðu lagi og í því tilliti er mataræðið lykilatriði. Aðalheiður hefur mikinn áhuga á mataræði og segir: „Ég þarf nú kannski ekki mikið að hugsa um hreyfingu því ég hreyfi mig allan daginn í vinnunni. Hins vegar er ég með óþol fyrir hinum og þessum mat og hef verið með það í mörg ár. Þar af leiðandi hef ég þurft að pæla sérstaklega mikið í mataræði alla tíð og finna út hvað hentar mér og hvað ekki.“

Aðalheiður telur mikilvægast að vanda valið á mat og velja helst hreina og holla fæðu. „Þá er gott að borða mikið af grænmeti og ávöxtum, góðan fisk og sem minnst af skyndibitafæði. Best er að borða hreinan mat sem er uppfullur af næringu, það er svona útgangspunkturinn. Það eina erfiða við það er hins vegar verðlagið, þetta er svo rosalega dýrt hérna á Íslandi!“

Aðalheiður segir ástandið reyndar hafa lagast aðeins þar sem komnar eru fleiri heilsuvörur í Bónus og aðrar lágvöruverðsverslanir. „Samt er það oft þannig að maður þarf að fara í tvær búðir eða fleiri til að fá það sem mann vantar eða láta sig jafnvel hafa það að fara í Hagkaup og versla allt þar en borga þá miklu meira fyrir vikið.“

Þrátt fyrir hátt verðlag finnst Aðalheiði þó vera meira virði að hafa heilsuna í lagi. Spurð hvort hún lumi á einhverjum góðum ábendingum nefnir Aðalheiður möndlur sem sitt uppáhald. „Yfir daginn er ég með stóran nestispoka í vinnunni þar sem ég er til dæmis með epli, ber, gulrætur, hrökkbrauð og möndlur eru alltaf í pokanum.“

Möndlur eru hollar og innihalda meiri næringu en hnetur. Þær eru til að mynda ríkar af kalki og jurtafitu. Aðalheiður segist borða oft og reglulega yfir daginn þótt hún borði ekki endilega mikið í einu.

„Þegar maður hreyfir sig svona mikið yfir daginn verður maður einhvern veginn aldrei glorhungraður og stundum er bara erfitt að mæta í hádegismat því maður er svo lystarlaus eftir mikla hreyfingu. En þá borða ég af skynsemisástæðum af því ég veit að ég verð svöng á eftir og þá þarf ég orkuna. Þess vegna borða ég frekar lítið í einu en alltaf þegar ég get yfir daginn, kannski svona á tveggja tíma fresti,“ segir Aðalheiður.

Þegar Aðalheiður vill slaka á er það helst á kvöldin eftir annasaman dag og þá kannski með góða bók. „Mér finnst sjónvarp vera tímasóun og allt of mikill tími fer í að glápa á það. Ég mun brátt flytja í nýtt húsnæði og þá fær sjónvarpstækið ekki að koma með,“ segir Aðalheiður ákveðin.

*hrefna@frettabladid.is*

HREYFI GREINING

Fagleg heilsurækt
Frábær aðstaða
Frábær lífsstíls námskeið
Frábær staðsetning



Viltu komast í form?



Talya Freeman, Jógakennari
Arna Hrönn Aradóttir, Rope Joga kennari
Sævar Kristjánsson, íþróttafræðingur BSc
Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari BSc, MTc, MHSc
Birkir Már Kristinsson, sjúkraþjálfunarnemi
Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari BSc
Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari BSc, MTc

Ný námskeið eru að hefjast

Bakleikfimi
Betri líðan í hálsi, herðum og baki. Skráning á harpahe@hi.is. www.bakleikfimi.is

Í formi til framtíðar*
Skráning er hafin í þessi vinsælu aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur. 8 vikna námskeið.

Rope Joga
hjá Örnu Ara. Námskeið eru að hefjast. Skráning í síma 511 1575.

Jóga fyrir stirða og byrjendur
Talya og Guðmundur kynna grunnhreyfingar þar sem öndun og hreyfing fara saman. Engin þekking á jóga er nauðsynleg og hentar öllum.

Vigtarráðgjafarnir
Íslensku vigtarráðgjafarnir vigta alla þriðjudaga kl. 11.30-12.30. Fundur kl. 12.30.

Bumban burt*
Lokuð námskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. 8 vikna námskeið.

Móðir og barn
Skráning er hafin í fimm vikna námskeið Söndru Daggar Árnadóttur.

Líkamsrækt
Frábær aðstaða til að æfa á eigin vegum á þægilegum stað. Opnir tímar. Stundaskrá: www.hreyfigreining.is

*Við erum í samstarfi við íslensku vigtarráðgjafana. Við tökum hressilega bæði á hreyfingu og mataræði.

Nánari upplýsingar um fleiri námskeið og stundaskrá fyrir haustið 2007 á www.hreyfigreining.is

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

Næst



Unnur Pálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Fusion, hefur verið meðal fremstu líkamsræktarkennara landsins undanfarin ár og býður nú í fimmta sinn upp á Fusion Fitness Festival í Laugum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Stanslaus skemmtun á líflegri heilsuhátíð

Fusion Fitness Festival verður haldið í fimmta sinn helgina 14.-16. september næstkomandi í Laugum. Unnur Pálmarsdóttir er framkvæmdastjóri Fusion og lofar stanslausri skemmtun í tvo og hálfan dag.

„Fyrsti tíminn á hátíðinni verður föstudaginn 14. september klukkan 18.30 og hann verður til styrktar Blátt áfram, sem er forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum,“ segir Unnur og bætir við: „Í framhaldi af því verða rosalega margir skemmtilegir tímar og fullt af nýjum æfingakerfum sem eru frábær bæði fyrir líkama og sál.“

Spurð hversu lengi sé hægt að bæta við nýjum æfingakerfum segir Unnur: „Ég held að það sé endalaust hægt að bæta við og ekki síst hér á landi því Íslendingar eru rosalega nýjungagjarnir og vilja kynnast öllu sem er nýtt. Eins hefur verið mjög ör þróun á sviði heilsu- og líkamsræktar þannig að það hefur verið rosalega mikil heilsuvakning síðustu tíu ár.“

Unnur segir Fusion Fitness Festival hafa vaxið mikið frá því í byrjun þegar fimmtíu manns tóku þátt í því en á síðasta ári mættu um 300 manns. „Tilgangurinn með því að hafa svona heilsuhátíð er að fólk fái að kynnast hinum ýmsu æfingakerfum þar sem fullt af íslenskum og erlendum kennurum sýna hvað er í boði. Þarna er hægt að skemmta sér vel og hafa gaman heila helgi,“ segir Unnur og bætir því við að hátíðir sem þessi séu gríðarlega vinsælar um alla Evrópu. *- sig*




Útsölustaðir: Útilíf Glæsibæ, Smáralind og Kringlunni Intersport Bíldshöfða og Smáralind, Maraþon Kringlunni og Laugavegi, Fitnesssport Laugum, Músík&Sport Hafnarfirði.
Landið: Sportver Akureyri, Skógar Egilsstöðum, Hafnarbúðin Ísafirði, Ozone Akranesi.

SPORTÍS
Heildverslun

# Sannleikurinn um fitusýrur

## í fitusýrum er að finna tvo undirstöðuþætti sem eru okkur lífsnauðsynlegir á sama hátt og prótín, kolvetni, vítamín og steinefni

Sumir halda að það að forðast almennt fitusýrur sé rétta leiðin en raunveruleikinn er sá að aðeins í fitusýrum er að finna tvo undirstöðuþætti sem eru okkur lífsnauðsynlegir á sama hátt og prótín, kolvetni, vítamín og steinefni. Af mörgum tegundum fitusýra hafa aðeins Omega 3 og 6 verið skilgreindar af vísindamönnum sem lífsnauðsynlegar fitusýrur (EFAs). Það er vegna þess að hver einasta fruma í líkamanum þarf á þessum fitusýrum að halda og líkaminn getur ekki framleitt þær sjálfur. Alltaf er mælt með að uppspretta þessara fitusýra sé úr fæðu. Lykillinn að heilsusamlegri virkni fitusýra er neysla á þeim í réttum hlutföllum.

### Udo’s 3•6•9 olíublandan *hönnuð með heilsuna í huga*

Udo’s 3•6•9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra sem bragðast vel og bera keim af rjóma og hnetum. Innihaldið eru ferskar, óunnar og lífrænar hörfræ-, sesam- og sólblómaolíur ásamt kvöldvorrósarolíu og hrísgrjóna- og hafrafræsolíum, sem tryggja hámarksnæringu í minnsta mögulega magni. Olíublandan inniheldur einnig óerfðabreytt soja lesitín sem aðstoðar við meltingu olíanna og hjálpar til við byggingu frumuhimna. Udo’s 3•6•9 olíublandan inniheldur einnig miðlungslangar þríglýseríð-keðjur sem auðvelt er að melta og frumur líkamans geta nýtt sér beint til orkuframleiðslu án hættu á fitusöfnun. Udo- ’s 3•6•9 olíublandan er pressuð og síuð samkvæmt bestu mögulegu leiðum, við lágan hita og án ljóss og súrefnis til þess að ná fram hámarksnæringu og ferskleika.

### Betri heilsa

Lífsnauðsynlegar fitusýrur gegna lykilhlutverki í flókinni líkamsbyggingu mannsins. Sérhver fruma, vefur, kirtill og líffæri reiða sig á lífsnauðsynlegar fitusýrur. Þær gegna enda mikilvægasta hlutverkinu í byggingu sérhverrar frumuhimnu, eru nauðsynlegar vexti frumna og skiptingu þeirra. Jöfn neysla er því algerlega lífnauðsynleg heilbrigði frumumyndun. Neysla fullnægjandi skammts af lífsnauðsynlegum fitusýrum og í réttum hlutföllum, eins og finna má í Udo’s 3•6•9 olíublöndunni, eykur orku, þol og frammistöðu, bætir svefn, einbeiting eykst, skapið batnar og húðin verður fegurri. Þær hafa einnig áhrif á hreyfigetu og liðleika og það að við náum okkur fyrr upp úr veikindum. Um það bil þriðjung allra veikinda má rekja til slæms mataræðis. Þar af leiðandi getum við dregið verulega úr líkurnum á að fá sjúkdóma með því að vanda til fæðunnar sem við borðum. Þetta þýðir í raun að við borðum of mikið af því sem er slæmt fyrir okkur og ekki nóg af því sem er okkur hollt. Fyrir það greiðum við með ýmiss konar kvillum og veikindum.

*Udo's choice er fullkomin blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsu okkar. Udo’s 3•6•9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra.*




### Omega fitusýrur byggja upp ónæmiskerfið á marga vegu og hafa jákvæð áhrif á:

- *Hjarta og æðakerfi*
- *Kólesteról í blóði*
- *Blóðþrýsting*
- *Liði*
- *Orkuflæði líkamans*
- *Minni og andlega líðan*
- *Námsárangur*
- *Þroska heila og miðtaugakerfi fósturs á meðgöngu*
- *Rakastig húðar*



### Tvær frábærar uppskriftir sem eru bæði hollar og góðar á bragðið:

## Exotic prótein hristingur

Frábær heilsuhristingur með frískandi ávaxtabragði. Góður sem morgun-, hádegis- eða kvöldverður.

| | |
|---|---|
| *250ml* | *Exotic safi frá Biotta* |
| *1 mæliskeið* | *Spirutein vanilla prótein duft* |
| *1 matskeið* | *UDO’S 3,6,9 Olía* |

Allt hráefnið sett í blandara og hrært saman á mesta hraða í u.þ.b eina mínútu og þá hellt í glas. Gott er að setja klaka út í.

## Granat eplahristingur

| | |
|---|---|
| *200ml* | *Pomegranate safi frá Biona* |
| *1 mæliskeið* | *Spirutein vanilla prótein duft* |
| *1 matskeið* | *UDO’S 3 • 6 • 9 Olía* |
| *1 matskeið* | *Beyond greens frá UDO’S* |
| *10 stk* | *frosin hindber* |

Allt hráefnið sett í blandara (ef notuð eru frosin hindber þá látið þau seinast út í) öllu blandað saman á mesta hraða í u.þ.b eina mínútu. Þessi blanda er fyrir einn. Gott er að nota fersk íslensk bláber ef þau eru til.

*Verði ykkur að góðu...*

Udo’s 3•6•9 fæst í apótekum og heilsubúðum.

heilsa
*–hafðu það gott*

stórum sýningarpöllum sem eru í höfuðstöðvum Ilse Jacobsen fyrir framan hundrað boðsgesti. Við höfðum unnið baki brotnu við að undirbúa sýninguna, útlitið í heild sinni með tónlist og öllu tilheyrandi. Góð vinkona mín, Guðbjörg Huldís, kom frá Íslandi til að farða módelin. Ég treysti engum nema henni til þess. Á svona degi er allt á fullu bakvið tjöldin og við bíðum spenntar eftir viðbrögðunum. Inn gengu níu módel og sýndu yfir 50 sett af fötum. Á 25 mínútum var afrakstur hálfsárs vinnu sýndur. Viðbrögðin voru rosalega góð og skálað var í kampavíni.“

Fyrir sýninguna í Øxnehallen sendir hvert fatamerki inn fjögur sett af fötum og svo sjá stílistar sýningarinnar um að velja það úr sem þeim þykir flottast. Helga segir að það sé mikill fengur í því að vera valinn en stílistarnir völdu tvö sett frá Ilse. Eftir sýninguna fengu þær ákaflega jákvæð viðbrögð og mikla umfjöllun í dönsku pressunni.

Helga er frumkvöðull þegar kemur að eigin klæðaburði. Hún á fjöldann allan af fallegum kjólum og er óhrædd við að skarta litríkum og mynstruðum fötum.

„Ég get ekkert gert að þessu, hef alltaf verið svona. Ég elska hönnuði sem kunna að blanda litum fallega saman. Það má kannski segja að smekkurinn minn sé svolítið „sætur“ með „baby-doll“ ívafi. Uppáhaldshönnuðurinn minn hefur verið Marc Jacobs. Það sem ég fíla svo vel við hann er hvað fötin hans eru klæðileg, ekki skúlptúrar sem erfitt er að klæðast.“

Verslanir eru að fyllast af hlýlegum og notalegum fatnaði. Þegar Helga er spurð út í hausttískuna segir hún að þetta verði glamúrveturinn mikli. Það verði mikið um latexáferð á fötum, lakkáferð á skóm og beltum og pallíetturnar verði ekki hafðar ofan í skúffu.

„Blár litur verður líka áberandi í vetur. Það er mjög gaman að því enda er langt síðan hann hefur verið inni. Og svo verður allt svart, svart í svart. „Black is the new black“ stóð á auglýsingaskiltum í Kaupmannahöfn um það leyti sem tískuvikan var í hámarki. Hvað snið varðar þá er helsta nýjungin hvað mittislínan hefur hækkað mikið, er nánast komin upp að brjósti.“

Hvað um öll þessi víðu snið, hvernig á að nota þau?

„Það þarf að nota vítt með þröngu. Það gengur ekki að vera í víðu frá toppi til táar. Það er til dæmis mjög sniðugt að nota belti við víðu fötin til að forma þau betur.“

Klæða Danir sig öðruvísi en Íslendingar?

„Já, ég myndi segja það. Danir eru aðeins afslappaðri, þeir eru ekki eins uppstrílaðir og Íslendingar. Held það sé líka af því þeir hjóla svo mikið og svo er hippa- og bóhem-bragur á þjóðinni. Þetta endurspeglast mikið í daskri hönnun.“

Þegar Helga er spurð út í verstu mistök sem fólk gerir í klæðaburði hugsar hún sig um í smá stund áður en hún svarar.

„Mér finnst hræðilega ljótt þegar fólk er ofhlaðið glingri, mér finnst fallegra að bera fáa en veglega aukahluti.“

Þegar Helga er spurð út í Kaupmannhafnarlífið játar hún því að lifa öðruvísi lífi þar en á Íslandi.

„Kaupmannahöfn er æðisleg. Það er miklu meira í boði í fatabransanum og menningarlífið er mun blómlegra. Það er sagt að Kaupmannahöfn verði fimmta tískuborgin á eftir New York, París, London og Mílanó. Því trúi ég alveg. Tískuvikurnar hérna eru orðnar svo stórar og fara stækkandi. Það er mjög gaman að taka þátt í þessu.

Hér eru tækifæri fyrir fólk með metnað. Íslendingar eru líka mjög áberandi hérna, kaupandi upp fyrirtæki og það er gaman. Einu sinni var ekki borin virðing fyrir Íslendingum. Dönum fannst bara að þeir kæmu hingað til að lifa á kerfinu en það hefur heldur betur breyst á síðustu árum og í dag líta þeir upp til Íslendinganna. Þeir tala um Íslendinga sem duglegt fólk sem þorir.“

## KEYPT Í KÖBEN!

R.O.O.M.
Nørregade 12
1165 Kaupmannahöfn
www.room.dk

Höll fagurkerans, hátt til lofts og vítt til veggja. Í versluninni eru vörur frá Habitat, Bestlite og Designers Guild og því auðvelt að ofhita platínukortið.

FN.92
Larsbjørnstræde 6
1454 Kaupmannahöfn
www.fn92vintage.com



Ævintýraheimur „vintage“-fatnaðar. Verslunin er í sérlegu uppáhaldi hjá danska tískublaðinu Eurowoman sem matar danskar skvísur á gömlu góssi. Það sem er sérstakt við búðina er hvað vörurnar eru í miklum háklassa.

NØ/ Lea Nørtved Pedersen
Larsbjørnstræde 22
1454 Kaupmannahöfn

Ef þig langar í skrautlega púða úr smiðju Leu, plastdúka, skraut á ísskápinn eða bara hangandi alheimshnött þá er þetta rétta verslunin.

Urban Living
Frederiksborggade 50
1360 Kaupmannahöfn
www.urban–living.dk

Hér er skandinavísk hönnun í hávegum höfð, hægt að kaupa falleg húsgögn í bland við bolla, barnavagna og hillur.



The Moood
Galleri K
Pilestræde 12 B
1112 Kaupmannahöfn
www.themoood.com

Mögnuð verslun sem selur allt frá heitu kakói upp í Kenzo-ullarteppi. Í versluninni er líka snyrtistofa og frábært kaffihús. Þetta er verslun fyrir þá sem nenna að rogast með allt of þunga tösku í handfarangrinum. Í sama verslunarklasa er líka Malene Birger, Day og H&M.

Fisk
Sankt Peders Stræde 1
1453 Kaupmannahöfn
www.noedhjaelp.dk/fisk

Í þessari verslun er hægt að kaupa endurunnin föt, lesa bækur, fá sér kaffi og dást að öllum gömlu fallegu handmáluðu húsgögnunum sem eru ekki til sölu heldur hluti af innréttingunum.

Notabene
Kronprinsensgade 10
1114 Kaupmannahöfn

Það er hættulegt að fara inn í þessa verslun nema vera með nokkra fimm hundruð króna (danska) seðla í vasanum. Um það bil fallegustu skór í alheiminum eða allavega í þessum hluta borgarinnar. Í versluninni fást líka Marc Jacobs-skór en þeir eru allt annað en ljótir!




100% lán

BÍLL + TÖLVA
FRÁ 15.500 kr. Á MÁNUÐI

Nú býður Bílaþing HEKLU nokkra vel valda bíla með **sumar- og vetrardekkjum** á einstökum kjörum. Viðskiptavinir munu að auki fá glæsilega Hewlett Packard fartölvu.

HP Pavilion dv6331
Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,8 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 160GB SATA
Geisladrif: Lightscribe dual layer DVD skrifari
Minniskortalesari: 5 í 1
Vefmyndavél og fjarstýring
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 7200, allt að 256 MB
Stýrikerfi: Microsoft Windows Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki
2ja ára ábyrgð frá Opnum kerfum
Listaverð: 119.900 kr.





**Verðdæmi**
Skoda Fabia, nýskráður: 28.1.2004
Ekinn 32 þús. km - Verð **950.000** kr.
aðeins **15.531** kr. á mán. í 72 mánuði.



**Verðdæmi**
VW Polo, nýskráður: 18.6.2004
Ekinn 57 þús. km - Verð **990.000** kr.
aðeins **16.162** kr. á mán. í 72 mánuði.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 07-1205

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Laugavegur 174 | Klettháls 11 | Sími 590 5040 | Opið mánudaga–föstudaga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16

ÆTTFRÆÐI HEFUR LÖNGUM VERIÐ NOKKURS KONAR ÞJÓÐARÍÞRÓTT ÍSLENDINGA. SIRKUS KANNAÐI ÆTTIR NOKKURRA ÞEKKTRA EINSTAKLINGA.

# AF HVAÐA ÆTTUM ER FRÆGA FÓLKIÐ?

## SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR
**BORGARFULLTRÚI**

**Foreldrar:** Ragnheiður Brynjúlfsdóttir, 55 ára, bókari og námsmær í viðskiptafræði, og Smári Grímsson, 56 ára, rafvirki.

**Hvaðan:** Ragnheiður á ættir að rekja til Vestmannaeyja en föðurætt hennar er þaðan. „Mamma er hins vegar frá Gjögri í Strandasýslu," segir Ragnheiður og bætir við að föðurætt Smára sé úr Grímstungu í Vatnsdal en móðurættin komi úr Eyjafirðinum.

**Aðspurð** segist Ragnheiði lítast vel á starfsval dótturinnar. „Ég man ekki eftir að hún hafi talað um að ætla að verða eitthvað sérstakt enda opin fyrir mörgu en pólitíkin kom ekki á óvart. Mér líst vel á starfið hennar og veit að hún stendur sig vel."



LÍST VEL Á STARFSVAL DÓTTURINNAR Sigrún Elsa Smáradóttir ásamt mömmu sinni og pabba, Ragnheiði og Smára. MYND/GVA

## MARGRÉT KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR
**SÖNGKONA**



MEÐ FORELDRUM SÍNUM Margrét Kristín ásamt Jóhönnu og Sigurði. MYND/VALLI

**Foreldrar:** Jóhanna G. Möller, 69 ára, söngkona og Sigurður Pálsson, sjötugur, fyrrum kennari og sóknarprestur.

**Hvaðan:** Sigurður er úr Reykjavík. „Foreldrar mínir voru bæði sjómannsbörn, faðir minn var prentari hér í Reykjavík og móðir mín húsmóðir í Grafarvogi," segir Sigurður. Faðir Jóhönnu, Gunnar Möller, var hæstaréttarlögmaður en faðir hans var Jakob Möller, þingmaður, ráðherra og sendiherra. „Fjölskyldan er ættuð frá Húsavík en fjölskylda móður minnar, Ágústu Johnsen, er frá Vestmannaeyjum," segir Jóhanna. Margrét Kristín, eða Fabúla eins og hún er oft kölluð, lauk kennaraprófi en starfar í dag sem söngkona.

**Aðspurð** segist pabbi hennar sáttur við bæði hlutverkin enda hafi hann vitað að um fjölhæfa konu væri að ræða. „Ég hugsaði að hún gæti orðið rithöfundur þar sem hún var alltaf skrifandi sögur, eða myndhöggvari, hún var mikil listaspíra," segir Jóhanna, mamma hennar.

## HEIMIR KARLSSON
**FJÖLMIÐLAMAÐUR**

**Foreldrar:** Karl Finnbogason, 78 ára, járnsmiður og Ragnhildur Jónsdóttir, 77 ára, dagvörður í sundlaug.

**Hvaðan:** Ætt Ragnhildar er austan af landi. „Ég er frá Vopnafirði og Reyðarfirði en er sjálf alin upp í Neskaupstað," segir Ragnhildur en Karl er Siglfirðingur, ættaður frá Dalvík og úr Svarfaðardal.

**Aðspurð** hvað þau héldu að Heimir yrði þegar hann yrði stór segir Ragnhildur að fjölmiðlarnir eigi vel við hann. „Ég hefði samt líka getað ímyndað mér hann sem kennara, hann er svolítill foringi í sér, eða var það allavega þegar hann var krakki." Karl segist hafa óttast að Heimir yrði aldrei stór, hann hafi verið soddan stubbur fram að fermingu. „Svo tognaði úr honum," segir hann hlæjandi og bætir við að honum lítist svo sem ágætlega á starfið. „Hann er ákveðinn og fylginn sér, getur verið svolítið frekur og ég held að hann hafi valið sér ágætis starf."



AÐ AUSTAN OG NORÐAN Fjölmiðlamaðurinn Heimir Karlsson á ættir að rekja til Austfjarða, Siglufjarðar og Dalvíkur. MYND/HÖRÐUR

## MARÍA SIGRÚN HILMARSDÓTTIR
**FRÉTTAMAÐUR RÚV**

**Foreldrar:** Svanhildur Sigurðardóttir, 61 árs, innkaupastjóri eldsneytis hjá Icelandair, og Hilmar Þór Björnsson, 62 ára, arkitekt.

**Hvaðan:** Svanhildur er Skagfirðingur, fædd og uppalin í Varmahlíð. Móðurætt hennar er frá Úlfsstöðum í Skagafirði en föðurættin frá Bjarteyjarsandi á Hvalfjarðarströnd. Hilmar er Breiðfirðingur í báðar ættir, ættaður úr suður- og vestureyjum Breiðafjarðar en þó mest úr Svefneyjum og er því af svokallaðri Svefneyjarætt.

**Aðspurð** hvernig foreldrum Maríu Sigrúnar lítist á starfsval dótturinnar segjast þeim báðum lítast vel á. „Á einhverju stigi ætlaði hún sér að verða fornleifafræðingur en mér líst vel á fréttmennskuna. Ég er stolt af henni," segir Svanhildur. „Hún ætlaði að verða fornleifafræðingur þegar hún var ca. 6 ára en 15 ára tók hún sólópróf í svifflugi og ætlaði sér að verða flugmaður. Starfsvalið kemur mér ekki á óvart, við erum öll mjög fréttafýsin á mínu heimili og ég held hún hafi fengið áhuga á því sem er að gerast í heiminum með móðurmjólkinni," segir Hilmar.



FRÉTTAFÝSIN FJÖLSKYLDA María Sigrún fréttakona ásamt foreldrum sínum, Hilmari og Svanhildi. MYND/ANTON

## ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR
**FÖRÐUNARFRÆÐINGUR OG FJÖLMIÐLAKONA**



MÆÐGUR Þórunn Högnadóttir ásamt Málfríði Höddu Halldórsdóttur, móður sinni, sem starfar hjá Íslandspósti. MYND/VALLI

**Foreldrar:** Málfríður Hadda Halldórsdóttir, 61 árs, vinnur hjá Íslandspósti, og Högni Björn Jónsson bifvélavirki sem er látinn.

**Hvaðan:** Ætt Málfríðar Höddu kemur öll úr Vestur-Skaftafellssýslu. Móðurætt Högna er úr Vestmannaeyjum en föðurætt hans úr Reykjavík.

**Aðspurð** segir Málfríður Hadda að henni lítist vel á starfið hennar Þórunnar. „Það kom snemma í ljós hvað hún myndi gera í framtíðinni enda var hún ekki nema 10-12 ára þegar hún ákvað að verða förðunarfræðingur og var komin til Parísar í nám 17 ára. Mér líst vel á hana í sjónvarpinu og finnst hún óskóp eðlileg. Það kom mér ekkert á óvart að hún myndi enda í svona sjónvarpsþætti því hún hefur alltaf verið að breyta og taka til og var bara pínulítil þegar hún var byrjuð að laga til hjá öðru fólki."

*indiana@frettabladid.is*



MARK WAHLBERG
SHOOTER
FRÁ LEIKSTJÓRA „TRAINING DAY“
KOMIN Á DVD



JOAKIM ROOS Sænski hárgreiðslumeistarinn sýndi listir sínar á stóra sviðinu í Laugardal.

SÝNINGIN OG ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ ÍSMÓT 2007 FÓR FRAM Í LAUGARDALNUM UM SÍÐUSTU HELGI ÞAR SEM HÁRSNYRTIR, SNYRTIFRÆÐINGAR, GULLSMIÐIR, KLÆÐSKERAR OG LJÓSMYNDARAR SÝNDU ÞAÐ NÝJASTA Í STRAUMUM TÍSKUNNAR.

# FLOTT SÝNING Á ÍSMÓTI



HÁRTÍSKA Allt það nýjasta nýja í hári var sýnt um helgina.



ÍSMÓT Íslandsmeistaramótið fór fram í Laugardalnum um síðustu helgi en samhliða mótinu var glæsileg sýning þar sem fyrirtæki kynntu vörur sínar og þjónustu. /MYND HRÖNN



HÁRGREIÐSLUSÝNING Joakim Roos er sænskur og hefur unnið til fjölda alþjóðlegra viðurkenninga og var meðal annars valinn OMC-kennari ársins í Moskvu í ár.



SKEMMTU SÉR VEL Svana Helga Kolbeinsdóttir mætti á sýninguna með dóttur sína, Emelíu Theu, ásamt Laufeyju Haraldsdóttur og Brynju Birgisdóttur.



ÓNIX Ragnheiður Bjarnadóttir, Eva Bergmann og Agnes Elfar mættu á sýninguna.



## Fjögurra daga sigurvegari!

**Á sýningunni Ísmót sem fram fór um síðustu helgi var besta ljósmyndin valin. Ljósmyndarinn Erling Ó. Aðalsteinsson sigraði með mynd sinni af fjögurra daga gömlum dreng og föður hans.**



ÁHORFENDUR Íslenska fagfólkið fylgdist með sýningu Joakims Roos. Arnar Tómasson, Sólrún Stefánsdóttir og Sigurkarl Aðalsteinsson voru á meðal áhorfenda.



FRÁBÆRT HÁR Haldnar voru glæsilegar sýningar þar sem nýjasta tíska var kynnt fyrir áhugasama.

SKYRTUR
JAKKAFÖT
NÝ SENDING

BERTONI

Herra
hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073

PIPAR • SÍA



# heilsan

## Á að nota haustið til að koma sér í form?



„Það er ekkert meiri áhersla á það á haustin en á öðrum tímum en ef ég er hreinskilin verð ég að viðurkenna að ég er ekki mikill íþróttaálfur. Ég hleyp inn og út úr bílnum og upp og niður stiga. Ég er alltaf á hlaupum og læt það bara duga."

Sóley Kristjánsdóttir plötusnúður.



„Að sjálfsögðu, TT-átak í JSP. Ég er að fara að byrja og er komin með hnút í magann. Mun mæta 6.15 þrisvar í viku. Er maður ruglaður eða hvað?"

Bryndís Ásmundsdóttir leikkona.



„Jú, það á að gera það. Planið er að nota kortið í World Class og hætta að vera bara styrktaraðili. Ég ætla að gerast notandi."

Baldur Rafn Gylfason hárgreiðslumaður.



„Já, það má segja það. Allavega ætla ég að láta laga á mér ökklann svo þetta er pínu bókstaflegt hjá mér. Ég er kominn með álagsmeiðsli eftir allan djöfulganginn og ætla að láta herða upp á mér ökklann."

Ívar Örn Sverrisson leikari.



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Næstu ár verða frjósöm



Andrea er nía en nían er alheimstala og getur lagað sig að öllu," segir spákonan Sigríður Klingenberg um athafnakonuna Andreu Róberts. „Andrea er að koma úr frekar erfiðu ári, þá er ég að meina árið 2006, en miklar breytingar hafa orðið á högum hennar á þessu ári. Þetta ár verður skemmtilegt og óvenjulegt sem er kannski ekkert nýtt fyrir Andreu. Hún á eftir að ferðast mikið á árinu og hitta margt og spennandi fólk og margt fólk sem hana hefur lengi langað að hitta. Hún er að hugsa sér nýjar brautir í lífinu og er komin í tengingu við nýtt fólk sem á eftir að lyfta henni á nýjan stall, hvort sem hún vill það eða ekki. Andrea hefur óvenju skemmtilega orku og hefur sérstakt lag á að koma öllum í gott skap í kringum sig. Eins og Andrea er nían sterk og mikill leiðtogi og leiðtogaorkan skín sterk í gegnum Andreu og hún á eftir að nýta sér hana og verða miklu sýnilegri persóna en hún hefur nokkurn tímann verið.

Á næsta ári, árið 2008-9, eru frjósemisár fyrir Andreu svo það er um að gera að æfa sig vel svo egg klekist (nú verður kærastinn ánægður). Eitt er víst að Andrea er á góðu tímabili."

**ANDREA RÓBERTS**
**„Eins og Andrea er nían sterk og mikill leiðtogi og leiðtogaorkan skín sterk í gegnum Andreu og hún á eftir að nýta sér hana og verða miklu sýnilegri persóna en hún hefur nokkurn tímann verið."**

STJÖRNUM PRÝDD SJÁLFSTYRKINGARNÁMSKEIÐ

# Alma og Unnur Birna hjálpa unglingunum

Söngkonan Alma í Nylon og fyrirsætan Edda Björk Pétursdóttir fengu hugmyndina að sjálfstyrkingar- og fyrirsætunámskeiðum fyrir unglinga og ákváðu að hrinda henni strax í framkvæmd. Alma segir að henni hafi fundist vanta almennilegt námskeið til að hjálpa unglingum að fá meira sjálfstraust.

„Það eru ákveðnir hlutir sem unglingar læra ekki í skólanum sem er mikilvægt að kunna. Það bjargaði mér þegar ég byrjaði í Nylon að hafa sótt bæði leiklistar-og söngnámskeið," segir Alma.

Á námskeiðunum er farið yfir framkomu, sjálfsálit, líkamsburð, heilsu, förðun, átraskanir, fjármál og að láta drauma sína rætast. Námskeiðin eru tvö, annars vegar fyrir 13-15 ára og hins vegar 16-20 ára. Þau eru í fyrirlestraformi og koma margir þekktir aðilar við sögu. Unnur Birna Vilhjálmsdóttir fegurðardrottning er ein af þeim. Hún segist þó ekki vilja gefa nákvæmlega upp hvað hún ætlar að kenna unglingunum.

„Ég get þó lofað því að ég ætla að segja þeim frá ýmsu sem hefur drifið á daga mína, sérstaklega frá tímanum sem Miss World."

Hafðir þú nægt sjálfstraust þegar þú varst kjörin ungfrú Ísland á sínum tíma?

„Já, ég myndi segja það. Ég var orðin 21 árs þegar ég tók þátt í keppninni og hafði náð töluverðum þroska. En þetta námskeið er pottþétt eitthvað sem hefði hentað mér þegar ég var yngri," segir Unnur Birna. Fyrir utan að vera að kenna á námskeiðunum er Unnur Birna á fullri ferð í Háskólanum í Reykjavík þar sem hún leggur stund á lögfræði.

„Svo er ég að byrja aftur að kenna dans eftir tveggja ára hlé. Ég kenni bæði í Dansskóla Birnu Björns og Dansstúdíói World Class."

Verður maður svona flottur af dansinum?

„Það veit ég ekki, er ekki dómbær á það því ég er búin að vera í dansi og fimleikum síðan ég var fjögurra ára. Dansinn er svo skemmtilegt sport og af honum lærir maður að bera sig betur," segir Unnur Birna klár í slaginn fyrir veturinn.

Skráning á namskeid.com

*martamaria@frettabladid.is*



**SÓLEY ÁSTUDÓTTIR**
**Veit allt um förðun.**



**VINKONUR**
**Unnur Birna og Alma hlakka til að kenna unglingunum.**

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUS HELDUR ÁFRAM. KASTLJÓSSMAÐURINN HELGI SELJAN HEFUR REYNST ÓSIGRANDI HINGAÐ TIL. HÉR MÆTIR HANN FRÉTTAKONUNNI RAKEL ÞORBERGSDÓTTUR.

1. **Hvað heitir fimmta og nýjasta plata Eivarar Pálsdóttur?**
2. **Með hvaða knattspyrnuliði leikur David Beckham?**
3. **Hvaða íslenski tónlistarmaður hefur slegið í gegn í Grikklandi með lagið In My Place?**
4. **Af hverju komst Hollywood leikarinn Owen Wilson í fréttirnar á dögunum?**
5. **Hver skrifaði bókina Skítadjobb sem kom út árið 2002?**
6. **Hver leikstýrir söngleiknum Gretti?**
7. **Hvernig er fáni Skotlands á litinn?**
8. **Hvað heitir eiginkona Dr. Phil?**
9. **Hver er talin áhrifamesta kona heims um þessar mundir af tímaritinu Forbes?**
10. **Hver er ritstjóri Blaðsins?**



## Helgi Seljan 5 RÉTT SVÖR

1. Eivör 5.
2. Los Angeles Galaxy.
3. Magni.
4. Hann reyndi að fyrirfara sér.
5. Jón Atli Jónasson.
6. Rúnar Freyr Gíslason.
7. Blár og hvítur.
8. Mrs Phil.
9. Hillary Clinton.
10. Ólafur Þ. Stephensen.



## Rakel Þorbergsdóttir 5 RÉTT SVÖR

1. Pass.
2. LA Galaxy.
3. Garðar Cortes.
4. Hann reyndi að fremja sjálfsvíg.
5. Stefán Máni.
6. Rúnar Freyr Gíslason.
7. Hvítur og blár.
8. Nancy.
9. Hillary Clinton.
10. Ólafur Stephensen.

1. Human Child. 2. Los Angeles Galaxy. 3. BMV eða Brynjar Már Valdimarsson. 4. Hann reyndi að fremja sjálfsmorð. 5. Ævar Örn Jósepsson. 6. Rúnar Freyr Gíslason. 7. Blár og hvítur. 8. Robin. 9. Angela Merkel. 10. Ólafur Stephensen.

Helgi og Rakel fengu bæði fimm stig. Helgi er ósigraður og heldur því áfram. Rakel skorar á fréttamanninn Finn Beck sem mætir Helga í næstu viku.


512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.
Kristall plus
EJS
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
HVER VERÐUR NÆSTA SÚPERSTJARNA Í DANSI?
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
ÚRSLITAÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20:30
2
skemmtilegri

# HEYR HEYR

- Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
- Heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

**ATHUGIÐ!**
Tryggingastofnun tekur þátt
í greiðslu heyrnartækja.

**HEYRNARSTÖÐIN**

Læknastöðin Uppsölum Kringlunni • www.heyrnarstodin.is
Tímapantanir virka daga frá 9-18 í síma 568 6811


Dodge Ram Cumminc Dísel 5.9. Árg '03. Ek aðeins 65 þús. 35" breyting, pallhús, leður. Topp bíll. V. 3.390 mil. Möguleiki á 100% láni. Uppl. í s. 845 0438.


Til sölu 2 Renault Megane árg. '00. Listaverð 550 þ. Fást á 260 þ. hvor. Báðir í toppstandi. Uppl. í s. 898 8835.


**Skólabíll**
Peugeot 206, árg. '04, ek. 86000, næsta skoðun '09, ökutæki í toppástandi, reyklaus bíll, áhvílandi 330000. Ásett verð 850.000. Uppl. í s. 663 5915


Mini Cooper 120 HÖ. árg 2002 ekinn 66 þús. Einn með öllu! Glertoppur, álfelgur, loftkæling, leður ofl. Mjög vel með farinn. Gott lán getur fylgt. Uppl. í s. 898 8228.

**www.bilapartar.is**
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Toyota Corolla touring árg. '95 Nýsk. góður bíll. Á sama stað eru til sölu 36" Dick Cebik dekk og 38" ground hawg dekk. S. 892 5901.

Polo, svartur, árg. '02, sk. '08, 1400 vél. Í toppstandi með nýrri tímareim, 3 dyra og 2 dekkjaumgangar fylgja. S. 695 5297.

Renault Megane '97 ek. 97þ. Uppl. í s. 861 2537.

Nýleg nelgd vetrardekk undan Nissan Micra seljast á 20 þ. með felgum. S. 698 8861

Peugeot 206 Station árg. '05, ek. aðeins 14 þ. 250 þ. út og 15 þ. á mán. Verð aðeins 1350 þ. Uppl. í s. 896 1339.

Til sölu Willis Wrangler árg.'92. V. 350þ. Chrysler Cebring árg. '95 V. 150 þ. Chrysler Stratus árg. '98 V. 150 þ. Dodge Choronet árg. '69 V. 500 þ. Pontiac Transam árg. '98 V. 1.800 þ. Toyota Doublecab árg. '92 V. 600þ. Uppl. í s. 899 4096

## 0-250 þús.


Ford Escort árg. '96, sk. '08, vel með farinn, í góðu standi. Verð 80 þús. Uppl. í síma 861 4507.


Range Rover 4.0 SE, árg. 05/2000, ek. 108 þ.km. Sjálfsk., sóllúga, loftpúðafjöðrun, dráttarkr., cd. Steingrár. Nýsk. 2008. Ásett 1950 þ. - tilboð 1450 stgr. Til sýnis á Bílasölu Íslands, Skógarhlíð, s. 510-4900.

Til sölu Skoda Felicia St.'98 skoðaður til des.'08. Sumar og vetrardekk á felgum. Uppl. í síma 695 5124.

Toyota Corolla 1.8 4x4 árg. 1996, ekinn 210 þ. km. Ný tímareim, skoðuð '08 S. 861 4878.

Til sölu Toyota corolla XLI 1600 árg. '97. Tilboð. Uppl. í síma 895 8175 Óli eða 844 6498 Jóna.

Toyota Corolla station 1300 árg. '95. Sumar/vetrardekk á felgum. Skoðuð '08. Góður bíll. Uppl. í s. 891 7786.

## 250-499 þús.


Toyota Corolla ]98, ekinn aðeins 87 þ. km. Mjög vel með farinn. Gott lakk, nýir demparar að framan. Skoðaður '08. Verð 390 þ. S. 893 4082.


Til sölu Mitsubishi Carisma '98 ek. 135 þ. km, skoðaður '08. Uppl. í s. 861 3488.


Toyota Corolla GLI '93 til sölu. Dekurbíll í alla staði. Spoil.kit, topplúga og 17"felgur. Uppl. í síma 867 6946.

Nissan Micra '99. Ekinn 111 þ. Smurbók fylgir, 3 dyra, skoðun '08. Ath. V. 310 þ. S. 691 6859.

## 1-2 milljónir


Landcruiser VX90 árg. '98, dísel ek. 110 þús. 33" breyttur, beinsk. Mjög vel með farinn dekurbíll. S. 867 2002.


Sjálfskipt Toyota Corolla '03 5 dyra ek. 74 þús. Áhv. 930 þú. 15 þ. á mán. Verð 1.390 þús. Góður bíll. Uppl. í s. 693 5053.

## 2 milljónir +



Hybrid gefur þér aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! Kynntu þér HYBRID frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

## Bílar óskast

Óska eftir Skoda árg. '01, '02 með 1600 vél lítið keyrða. Staðgreiðsla í boði. Uppl. 861 8932.

Óska eftir diesel sendibíl verð á ca 1 - 2 milljónir, uppl í s.896 9511

## Jeppar


Land Cr VX '02 bens 140 þkm sjálfsk leður áhv 1600 þ afb 50/mán Fæst gegn yfirt láns S 8938500



Snarlækkað verð á haustútsölum. 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. 2007 frá 3.990þús. 2008 pantið núna. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com


VW Touareg Til sölu Touareg '04, ekinn 62 þ. Fullbúinn og mjög vel með farinn. Komdu og skoðaðu á Planinu. Verð 4290 þ. Síma 866 7841 - 517 000 (Viðir Róberts).

Mitsubishi Pajero bensín V-6/stuttur, árg. 1998 og ekinn 160 þús. km. Verð 650. þús. kr. Uppl. í síma 661 9616.

**Pajero jeppi, sjálfskiptur, dísel**
Glæsilegur langur og sjálfskiptur Pajero jeppi, árgerð '97, ekinn 173.000 km. Eldsneyti dísel. Til sölu á 820.000 krónur. Endilega hafið samband í síma 898 2754.

## Fornbílar

Til sölu Chevy Corvair árgerð '69. Þarf að gera upp. Uppl. í síma 891 7786, Óli.

## Pallbílar



Reyfarakaup á haustútsölum. 2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á tombóluverðum. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Til sölu lok á Ram 2500 pallbíl, silfurgrátt. Uppl. í. s. 896 1386 & 896 4077.

## Sendibílar


Iveco Eurovard. Toppbíll. Óskráður og óekinn. 37 rm til sölu. S. 693 3730.

## Vörubílar

Vörukassi óskast c.a 7,80 m að lengd og 2,55 á breidd. Uppl. í síma 892 9172.

## Fjórhjól

Polaris Trailboss 250R/ES Til sölu. S. 892 9610

## Húsbílar


Til sölu VW. LT-31 '86 ek. 109 þ. dísel húsbíll. Sérstaklega vel útbúinn. Vel innréttaður, svefnpláss f. 4-5. Verð 1250 þ. Ath skipti á minni húsbíl helst ssk. S. 896 1960.

## Mótorhjól


Pit-bike Terra moto 125, árg. '07, lítið notað. V. 140 þús. S. 893 4631.


Til sölu Yamaha WR-450 á hvítum númerum. Árg. 2005, ekið aðeins 2400 km. Verð 630.000 kr. Uppl. í síma 864 3000.


Til sölu Virago 920 '87 í góðu lagi. Verð 250 þús. eða skipti á ódýrari. Uppl. í síma 820 7753 eða baxi@hive.is

Til sölu Venox 250 árg 2007 létt og meðfærilegt hjól 30 hö, 170 kg verð aðeins 450.000,- Uppl í síma 840-3011

## Kerrur


**Kerruútsölunni framlengt um viku!**
Lokadagar útsölunnar: Brenderup 1205 S - Innanm. 203 x 116 x 35 cm. Burðarg. 600 kg. Dekk: 13" Listaverð: 129.000. Tilboðsverð 106.000,- Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ - 421 4037 - www.lyfta.is

## Hjólhýsi


Rolsinn í Hjólhýsum.Hobby 650Uff Exselsior árg 2007.Nýtt og ónotað á frábæru verði uppls í síma 663-9294


Tilboð! Nýtt ónotað Hobby Excellent LU 540. Ásett 2,6m fæst gegn yfirtöku á láni upp á 2,3m. Uppl. í síma 821-0808 Skipti á bíl fyrir 3-4m möguleg.

## Fellihýsi


Til sölu Trail Manor 26/19 fellihjólhýsi með fortjaldi, klósett, heitt og kalt vatn og fl. Uppl. í síma 898 7743.

Felli- og hjólhýsageymsla. Upphitað og nýstandsett geymsluhúsnæði. Hálftíma akstur frá Rvk. Uppl. í s. 897 3060.

## Bátar


Viksund 360 St Cruz 2007. Höfum til sýnis og sölu þennan nýja og glæsilega skemmtibát . Uppl. www.batavik.is s. 893 6109.


Til Sölu lipur og skemmtilegur bátur. Tegund; Seakraft Safari Alegro Báturinn er 595 cm og þarf því ekki þungapróf á hann. Báturinn er með nýlegri Merkuey Merkrusier vél, 130 hestöfl. Báturinn gengur allt að 33 mílur. Bátnum fylgir dýptarmælir og GPS tæki. V. 1,3 mil. Uppl. í s. 893 5615

## Aukahlutir í bíla

GRETTIR VATNSKASSAR
Eigum vatnskassa í margar gerðir bíla Grettir Vatnskassar. Vagnhöfði 6, S. 577 6090

## ATVINNA

# STARFSFÓLK ÓSKAST

Við leitum að duglegu, heiðarlegu og stundvísu starfsfólki sem vill verða hluti af öflugri liðsheild.

Fastráðnum starfsmönnum 11-11 bjóðast ýmis fríðindi svo sem afsláttur í fjöldaverslana og heilsuræktarstyrkur.

Störf í boði:
11-11 Grensás, kvöld- og helgarvaktir
11-11 Skúlagötu, hlutastarf frá kl. 9-14
11-11 Gilsbúð, hlutastarf frá kl. 14-18, einnig fullt starf frá kl. 8-17
11-11 Kirkjustétt, hlutastarf frá kl. 14-18, einnig kvöld- og helgarvaktir

Upplýsingar er hægt að nálgast hjá verslunarstjóra í hverri verslun fyrir sig. Hægt er að fylla út umsókn á vefsíðu okkar www.11-11.is



# KVENNAKÓR GARÐABÆJAR STÆKKAR

**Kvennakór Garðabæjar** getur bætt við sig áhugasömum og söngelskum konum í allar raddir.

Söngkunnátta eða reynsla af kórsöng er æskileg en ekki skilyrði. Spennandi starfsár framundan og fjölbreytt lagaval.

Kórstjóri er Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópransöngkona.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg í síma 864-2722 eða á netfangið kvennakor@kvennakor.is. Heimasíða kórsins er www.kvennakor.is

Kvennakór Garðabæjar
www.kvennakor.is

ATVINNA

# Slippurinn AKUREYRI

## Auglýsir eftir framtíðarstarfsmanni

- Hefur þú þekkingu á vélbúnaði og öðrum aðföngum í skipaiðnaði?
- Kemur þú auga á góð viðskiptatækifæri og fylgir þeim eftir?
- Hefur þú gott vald á ensku og e.t.v. öðrum tungumálum í rituðu og töluðu máli?

**Ef svo er þá gætir þú verið starfskrafturinn sem við erum að leita að.**

Slippurinn Akureyri ehf. Naustatanga 2 600 Akureyri
Sími: 460 2900 Fax: 460 2901 www.slipp.is

JB Byggingafélag

# Verkamenn athugið!

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða verkamenn til starfa í byggingavinnu. Íslensku- eða enskukunnátta æskileg.

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.

**Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004**
Einnig er hægt að sækja um á **www.jbb.is.**

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

Starfsmaður óskast í blikksmiðju.
Helst vanur.
Upplýsingar gefur Guðjón í síma 898 4745

ALUR EHF BLIKKSMIÐJA

ALÞINGI

## Til sveitarstjórnarmanna frá fjárlaganefnd Alþingis

Fjárlaganefnd Alþingis ráðgerir að gefa sveitarstjórnarmönnum kost á að eiga fund með nefndinni vegna fjárlagaársins 2008 fimmtudaginn 20. september og föstudaginn 28. september frá kl. 8.30-17.00. Enn fremur er gefinn kostur á fundi gegnum fjarfundabúnað fimmtudaginn 27. september frá kl. 8.30-12.00.

Fjárlaganefnd fer þess á leit við sveitarstjórnir að þær sendi erindi sín til nefndarinnar eigi síðar en 19. september á netfangið aro@althingi.is eða í pósti á Fjárlaganefnd Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Upplýsingar og tímapantanir eru í síma 5630 405 frá kl. 9.00-16.00 til og með 13. september. Einnig má panta tíma í tölvupósti á netfangið aro@althingi.is.

**Fjárlaganefnd Alþingis**

JB Byggingafélag

# Smiðir

Óskum eftir smiðum í mælingu eða tímavinnu, næg verkefni framundan.

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

**Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004 en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.**

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

## Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarkaupstaður

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, íbúðabyggð við Jófríðarstaði.**

Bæjarráð í umboði Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 26. júlí 2007, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 vegna íbúðabyggðar við Jófríðarstaði í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillagan felur í sér að hluti stofnanareits við Jófríðarstaði breytist í íbúðarreit. Í gildandi aðalskipulagi, er um 16.300 m2 og skilgreint "Kaþólska kirkjan og leikskóli". Breytingin felur í sér að svæðið skiptist í þrennt á eftirfarandi hátt: lóð Kaþólsku kirkjunnar verður um 7.410 m2, íbúðasvæði verður 4.450 m2 og leikskólalóð verður 4.400 m2. Breytingarnar eru gerðar til samræmis við tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð Kaþólsku kirkjunnar.

**Auglýsing um breytingu á samþykktu deiliskipulagi á kirkjulóð við Jófríðarstaði í Hafnarfirði.**

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar, samþykkti á fundi sínum þann 26. júlí 2007, að auglýsa til kynningar tillögu að breytingu á deiliskipulagi á kirkjulóð við Jófríðarstaði í Hafnarfirði í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í því að hluti stofnanareits breytist í íbúðareit. Gert er ráð fyrir þremur íbúðabyggingum með 5 íbúðum í hverri byggingu. Einnig er gert ráð fyrir að hver bygging sé 3 hæðir þar sem efsta hæðin verði inndregin á 3 hliðar.

Aðalskipulagið og deiliskipulagið verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 6. september – 4. október 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta við aðalskipulagið eða deiliskipulagið er gefinn kostur á að gera við þau athugasemdir, og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 16. október 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir teljast samþykkir skipulaginu.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is


VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

NORÐLENSKA

# ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Norðlenska leitar að þjónustufulltrúa á höfuðborgarsvæðinu. Starfið felst í þjónustu við stóreldhús, mötuneyti og veitingahús ásamt tilfallandi verkefnum.

Norðlenska matborðið er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru. Norðlenska er með starfsstöðvar á Akureyri, á Húsavík, í Reykjavík og á Höfn í Hornafirði. Gæðamál eru í öndvegi hjá fyrirtækinu og um það vitna m.a. fjölmörg verðlaun sem framleiðsluvörur og starfsfólk Norðlenska hafa unnið til í matvælakeppnum, bæði innanlands og utan.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun í kjötiðn, matreiðslu eða sambærilegu námi
- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og fagleg framkoma
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingunnar S. Jónsdóttur**

áður til heimilis að Sléttuvegi 13.

Sérstakar þakkir færum við til Hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða fyrir ómetanlega alúð og umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Jóna Gróa Sigurðardóttir, Guðmundur Jónsson,**
**Mattína Sigurðardóttir og Sigurjón Kristjánsson.**



*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, fósturmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Lilju Sigrúnar Óskarsdóttur**

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði, miðvikudaginn 22. ágúst. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

**Auðbjörg Eggertsdóttir**
**Sigurður Eggertsson**
**Klemenz Eggertsson**
**Erla Stringer**
**og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erna Halldórsdóttir Kolbeins**

kennari, síðast til heimilis að Skjóli,

lést að morgni 5. september.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Halldór Torfason** — **Védís Stefánsdóttir**
**Ragnheiður Torfadóttir** — **Gunnar Ingi Hjartarson**
**Lára Torfadóttir** — **Hafsteinn Pálsson**
**Ásthildur Gyða Torfadóttir** — **Kristberg Tómasson**
**Erna Torfadóttir** — **Geir Sæmundsson**



*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Jón Þorvaldsson**

húsgagnasmiður, Furugerði 1,
áður til heimilis að Geitlandi 6, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 10. september kl. 15.00.

**Selma Jóhannsdóttir**
**Magnús Jóhannsson** — **Elín Guðmundsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



*Okkar hjartkæra*

**Anna Einarsdóttir**

kjólameistari
Miðholti 3, Mosfellsbæ,

lést 27. ágúst sl. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 7. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á ABC barnahjálp.

**Ellen Einarsdóttir**
**Áslaug Einarsdóttir**
**Sigríður Einarsdóttir**
**María Einarsdóttir**
**Alda Sigurðardóttir**

Tilkynningar um merkisatburði má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**EVAN RACHEL WOOD FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1987**



*„Vel á minnst þá hrósa ég fólki með því að kalla það geðveikt. Manson er sannarlega geðveikur. Vonandi er ég það líka.“*

***Leik- og söngkonan unga Evan Rachel Wood hneykslaði margan þegar hún tók upp samband við söngvarann Marilyn Manson, sem er ekki aðeins helming eldri en hún heldur þekktur fyrir sukksamt líferni.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. SEPTEMBER ÁRIÐ 1996

## *Tupac Shakur skotinn*



Rapparinn Tupac Shakur var skotinn fjórum sinnum í brjóstið fyrir utan næturklúbb í Las Vegas á þessum degi árið 1996. Hann lést sex dögum síðar af völdum sára sinna á spítala í Las Vegas.

Það kvöld hafði Tupac verið viðstaddur hnefaleikabardaga Mike Tyson og Bruce Seldon. Vinir Tupacs lentu í slagsmálum við meðlim Southside Crips-klíkunnar eftir leikinn, sem er talið ástæða þess að hann var skotinn seinna það kvöld.

Þegar lögregla kom á vettvang höfðu árásarmennirnir flúið og var Tupac fluttur á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans. Vinir rapparans fréttu að árásarmennirnir ætluðu á spítalann að ljúka ætlunarverkinu og gerðu því lögreglu viðvart.

Aldrei kom til þess þar sem Tupac lést sex dögum síðar úr hjartastoppi. Hann var þá 25 ára.

Tupac var brenndur og hluta öskunnar dreift í Norður-Karólínu. Afgangnum var svo dreift í Soweto í Suður-Afríku 16. júní á þessu ári.

**HRESS HEILSURÆKT:** FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI UM ÞESSAR MUNDIR

# Byrjaði allt með Jane Fonda



**AMFÆLISVEISLA** Linda Hilmarsdóttir býður í afmælisveislu Hress á morgun. Hún hefur haldið um taumana á Hress ásamt eiginmanni sínum, Jóni Þórðarsyni, og Sigríði Einarsdóttur yfirkennara.

Hress heilsurækt er tuttugu ára um þessar mundir og í tilefni af því verður boðið til glæsilegrar afmælisveislu í húsakynnum stöðvarinnar að Dalshrauni 11 í Hafnarfirði á morgun.

„Við ætlum að fagna þessum áfanga með því að bjóða gömlum og nýjum viðskiptavinum í boð sem verður haldið hérna frá klukkan 18 til 20 á morgun,“ segir eigandinn og framkvæmdastjórinn, Linda Hilmarsdóttir, sem bætir við að þar verði ávextir og grænmeti í fyrirrúmi ásamt eins hollu víni og völ er á.

„Við ætlum að hittast á sama stað og venjulega en sleppum svitagallanum að þessu sinni,“ segir Linda og hlær. „Spjalla saman og rifja upp gamla tíma. Það hefur náttúrlega gengið á ýmsu síðastliðin tuttugu ár.“

Linda tók við rekstri Hress fyrir fimmtán árum en þá var stöðin í eigu Önnu Haraldsdóttur. Athygli vekur að líkt og margar líkamsræktarstöðvar á Íslandi hefur Hress verið í eigu kvenna, en Linda rekur það til níunda áratugarins þegar þolfimiæði tröllreið öllu.

„Þetta byrjaði allt með þolfimi þegar Jane Fonda kynnti hana á sínum tíma. Við byrjuðum margar með tíma í einhverjum litlum sölum. Síðan hlóðst utan á þetta, þannig að úr urðu fyrirtæki sem voru lítil fyrir tuttugu árum en hafa vaxið og dafnað þar sem sífellt fleiri leita eftir heilsurækt af þessu tagi.“

Ýmsar breytingar hafa átt sér stað á starfsemi Hress síðan þá, ekki síður en á líkamsrækt almennt á Íslandi. Til marks um það bendir Linda á húsnæðisskipti stöðvarinnar, sem var flutt úr Bæjarhrauni 4 í Dalshraun 11 fyrir tíu árum, stækkun stöðvarinnar og þá stöðugu endurnýjun sem á sér stað á tímum.

„Það er alltaf að koma eitthvað nýtt og skemmtilegt og við teljum okkur vera þar í fararbroddi. Við erum með öfluga tímatöflu, sem samanstendur af hjólatímum, body steps, body pump, body combat og fleiru og fylgjum svokölluðu Les Mills-æfingakerfi, sem er stundað af fjórum milljónum manna í viku hverri á 11.000 stöðvum um allan heim. Á þriggja mánaða fresti fáum við nýja tímatöflu senda að utan. Hér fer fram kennsla í þessu kerfi, sem er ætlað kennurunum, rétt fyrir boðið.“

Þá er verið að gera umtalsverðar endurbætur á stöðinni sjálfri, þar sem tækjum verður fjölgað, móttaka stækkuð og lítið og notalegt kaffihús opnað. Linda vonast þó til að það verði ekki einu breytingarnar, þar sem Hress hefur sótt fast eftir rekstri á nýrri sundlaug og heilsurækt á völlunum í Hafnarfirði. „Ég vonast þannig til að bærinn verðlauni okkur fyrir að hafa staðið fyrir heilsueflingu Hafnfirðinga síðustu tuttugu ár,“ segir hún.

Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að ljúka ofangreindum endurbótum segir Linda aldrei hafa komið til greina að fresta afmælinu. „Þetta átti að vera tilbúið um helgina, en tekur lengri tíma en maður ætlaði. Það verður bara fínt að breyta bekkpressunni í kokkteilstól. Annars fögnum við á hverjum degi að hafa verið til í tuttugu ár.“ **roald@frettabladid.is**



# 80 ára

**Ragnar G. Jónasson**

fyrrv. slökkviliðsmaður frá Keflavík, varð áttræður 5. september sl.

**Af því tilefni ætlar hann að bregða undir sig betri fætinum og halda út á land til að fagna með stórfjölskyldu sinni um helgina.**



# 70 ára afmæli

**Kristinn Kristmundsson**

fyrrverandi skólameistari á Laugarvatni verður sjötugur á morgun.
Af því tilefni ætlar hann að taka á móti gestum í FRAM-heimilinu við Safamýri í Reykjavík í kvöld, 7. september frá klukkan 20 og vonast til að sjá sem allra flesta.
Kristinn biðst undan afmælisgjöfum en leyfir sér að benda á nýstofnaðan sjóð til styrktar efnilegum nemendum við Menntaskólann að Laugarvatni. Kennitala sjóðsins er 630807-1070, banka- og reikningsnúmer 0120-05-570537.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Hávarður Hálfdánarson**

skipasmiður, áður til heimilis að Seljalandsvegi 79, Ísafirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 4. september.
Útför verður auglýst síðar.

**Þorleifur Hávarðarson** — **Guðný Þorsteinsdóttir**
**Markús H. Hávarðarson** — **Svala Stefánsdóttir**
**Gróa Hávarðardóttir** — **Guðmundur Gunnarsson**
**Kristjana G. Hávarðardóttir** — **Ásgeir Sigurðsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, sambýliskona, amma og langamma,*

**Anna Margrét Tryggvadóttir**

Brautarholti, Blönduósi,

lést á Heilbrigðisstofnun Blönduósi föstudaginn 31. ágúst. Jarðsungið verður frá Blönduóskirkju laugardaginn 15. september kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Þóra, Kolbrún, Árni og Ragnar.**

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



**79.990kr**
Verð áður 99.990,-

**United HD 32" LCD skjár** LTV32W63
• 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready
• Progressive Scan • Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
• Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgja ekki)
• Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11



**69.990kr**
Verð áður 89.990,-

**United HD 27" LCD skjár**
LTV27W63
• Upplausn 1280x720 punktar
• Progressive scan
• HD ready
• 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
• 2 scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
• VGA tengi
• Textavarp
• Fjarstýring
• Borðstandur fylgir



**119.990kr**
GOTT VERÐ

**Philips 32" LCD skjár** 32PFL5322
• 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar
• Pixel Plus HD myndtækni • HD Ready • Skerpa: 4.000:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2• Active control og contrast plus • 2 x 20w nicam stereó hljóðkerfi með incredible surround • 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• Textavarp með 1.000 síðna minni• Svefnrofi og fjarstýring
• Borðstandur með snúningi fylgir • Passar fyrir VESA200x100 veggfestingar (fylgja ekki) • Mál í cm (bxhxd): 80,5x54,6x11,5 og þyngd: 15,5kg



**119.990kr**
GOTT VERÐ

**United 37" LCD skjár**
LTV37W63
• 37" HD 16:9 LCD sjónvarp
• Upplausn: 1366x768 punktar
• Progressive Scan
• HD Ready
• 30w Nicam stereó hljóðkerfi
• 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• Textavarp með 1.000 síðna minni
• Svefnrofi og fjarstýring
• Borðstandur fylgir
• Passar á Vogels EFW6305 veggfestinguna (fylgir ekki)
• Stærð í cm (bxhxd): 105,5x60,5x11



**189.990kr**
GOTT VERÐ

**Philips HD 42" LCD skjár** 42PFL5322
• Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu • Progressive Scan HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 5ms
• Sjónsvið (H/V): 176/176° • Birtustig: 500 cd/m2 • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
• 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring



**99.990kr**
GOTT VERÐ

**DIBOSS 37" LCD skjár** LT37JHM
• 37" LCD skjár • 1366x768 punkta upplausn • HD Ready
• Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms • Birtustig: 500 cd/m2
• 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi

Gildir til 14. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Frönskunámskeið

**hefjast 17. september**

- Námskeið fyrir fólk á öllum aldri, byrjendur og lengra komna
- Verð frá 1100 kr.- á tímann

**Innritun 3.-14. september**

**Upplýsingar í síma 552 3870**
Veffang: www.af.is
Netfang: alliance@af.is

Alliance Française
Tryggvagötu 8
101 Reykjavík








6. september 2007

Maltesers

## FRÉTTATILKYNNING

### Milk Chocolate Maltesers og Revels

### Sjálfboðin innköllun

Í varúðarskyni höfum við ákveðið að innkalla ákveðnar sendingar af Maltesers og Revels, sem hafa verið framleiddar í verksmiðju okkar í Slough, þar sem það er örlítil hætta á því að nokkrir pakkar í ákveðnum sendingum gætu innhaldið örsmáar gúmmíagnir.

Við viljum að vörur okkar berist neytendum í fullkomnu ástandi. Þegar athygli okkar var vakin á því, eftir nákvæma skoðun á framleiðsluaðferð okkar, að nokkrir pakkar gætu vegna einangraðs atviks, hafa mengast af örsmáum sílíkon gúmmíögnum gerðum við ráðstafanir til að hefja sjálfboðna innköllun í fullu samstarfi við viðkomandi yfirvöld í hollustumálum.

**Þessi innköllun varðar aðeins:**
Milk Chocolate Maltesers (hvort sem þau eru í pokum, litlum pokum, kössum, PickNMix eða krukkum) með Best fyrir merkingum frá 16. 12 . 07 til 06. 01. 08 (að báðum dögum meðtöldum) og Revels (hvort sem þau eru í pokum, litlum pokum, kössum eða krukkum) með Best fyrir merkingum frá 16.12. 07 til 06. 01. 08 (að báðum dögum meðtöldum).

Viðskiptavinir eru beðnir um að skila pökkum úr umræddum sendingum gegn fullri endurgreiðslu í næstu verslun.

Maltesers og Revels einbeita sér að því að framleiða öruggar vörur í hæsta gæðaflokki og við biðjumst afsökunar á óþægindum sem þetta kann að hafa valdið.


# STUÐ MILLI STRÍÐA Hin mörgu andlit sannleikans

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** SÉR HLUTINA Í ÖÐRU LJÓSI EN ÞÚ SÉRÐ ÞÁ



Þegar ég var í Menntaskólanum á Akureyri var algengt að við vistarkrakkarnir röltum í Súper á kvöldin. Súper var kjörbúðin í hverfinu og þangað sóttum við mat og drykk eftir efnahag og þörfum. Viðurnefnið hafði búðin fengið meðal nemenda nokkrum árum áður þegar málað hafði verið utan á hana með stórum stöfum Supermarket.

Enn í dag gengur búðin undir þessu nafni í nemendahópnum þótt fáir aðrir viti hvað um er rætt þegar menntskælingar segjast ætla í Súper. Nú er ég aftur fluttur í þetta hverfi og auðvitað kom það flatt upp á meðleigjanda minn þegar ég stakk upp á því um daginn að við röltuðum í Súper að kaupa okkur í matinn. Hann þekkir búðina sem Strax á meðan enn aðrir kalla hana Byggðavegsbúðina.

Svipaða sögu er að segja af fjallinu Bakranga sem stendur á móts við Húsavík, hinum megin Skjálfandaflóans. Það fjall tilheyrir Kinnarfjöllum og notaði Halldór Laxness það sem dæmi í Íslandsklukkunni þegar Arnas Arnæus segir Snæfríði Íslandssól og Jórunni, biskupsfrú í Skálholti, frá því hvernig sannleikurinn getur verið breytilegur. Bakrangi á nefnilega mörg nöfn og fer það allt eftir því hvaðan á hann er horft hvaða nafn á við. Frá einu sjónarhorni er fjallið þekkt sem Galti og annar staðar frá er það þekkt sem Ógöngufjall, vegna þess hve bratt það er að sjá þaðan.

Frá þessu hafði mamma mín sagt mér, mörgum árum áður en ég las Íslandsklukkuna sem skyldulesningu í grunnskóla. Og þessi frásögn hefur oft vakið mig til umhugsunar.

Hlutir geta virst augljósir við fyrstu sýn en þegar betur er að gáð kemur í ljós að það eru margar hliðar á þeim. Þetta er líka gott að hafa í huga ef maður lendir í deilu við einhvern. Það er ekki víst að maður sjái hlutina í sama ljósi og aðrir gera. Það sem er rétt fyrir mér getur nefnilega verið órafjarri sannleikanum eins og aðrir sjá hann.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NUDDPOTTA BOMBA

fimmtudag, föstudag & laugardag



MEST SELDU POTTAR Á ÍSLANDI

LÆGRA VERÐ!

# HÁMARKSSLÖKUN Á LÁGMARKSVERÐI

**Ótrúleg tilboð í Lagnadeild BYKO í Breidd, Akureyri og Selfossi**

## DÚNDUR VERÐ

Nú dúndrum við verðinu niður
þannig að allir eiga að geta
fengið sér nuddpott fyrir veturinn.






BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

**! Ath. 23.00**
*Hinn langlífi þáttur Jónasar Jónassonar, Kvöldgestir á Rás 1 Ríkisútvarpsins, skartar í kvöld þeim Jóni Baldvini Hannibalssyni og gestgjafanum, sem hefur á langri útvarpsævi skapað sér samtalsform sem margir þykjast geta líkt eftir en enginn getur náð til fulls. Spennandi menn mætast.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Japanskt borgarlandslag

Einn fremsti samtímaljósmyndari Japans, Takashi Homma, opnar ljósmyndasýninguna TOKYO/REYKJAVÍK á laugardaginn í 101 Gallery, Hverfisgötu 18a, bak við Alþjóðahúsið.

Takashi Homma fæddist í Tókíó árið 1962. Hann lærði ljósmyndun í Tókíó á árunum 1981-84 og bjó í London á árunum 1990-92 þar sem hann vann sem tískuljósmyndari fyrir hið fræga blað I-D og önnur tískublöð af svipuðum toga. Myndir hans hafa birst á sýningum víða og í tímaritum um tísku og arkitektúr en Homma hefur einnig verið stórtækur í bókaútgáfu.

Hann hefur einbeitt sér að því að mynda borgarlandslag og þá helst úthverfi en hann er alinn upp í einu slíku í úthverfi Tókíó.



Hann hefur myndað úthverfi víðs vegar um heiminn en hann segist hafa áhuga á þeim þar sem þau líti eins út hvarvetna.

Fyrir mörgum vekja úthverfamyndirnar stemningu einangrunar og ónáttúru og vangaveltur um andleysi í arkitektúr. Takashi Homma sýnir hér afrakstur heimsóknar sinnar til Íslands ásamt myndum úr bókunum Tokyo suburbia og Tokyo and my daughter. Sýningarstjóri er Ragnheiður Pálsdóttir. - pbb

**LJÓSMYNDIR** Ein mynda Homma á sýningunni í 101.



# *Jón Hallur á þýsku*

Þýski markaðurinn hefur reynst norrænum krimmahöfundum gullkista. Þar hafa þeir Mankell og Arnaldur náð fótfestu og nú skeiðar hinn svokallaði krónprins íslensku glæpasögunnar þar í lund. Bókaútgáfan List í dag gaf út glæpasöguna Krosstré. Þar í landi fer stórt upplag til bókabúða til kynningar og var svo vel tekið að 20 þúsund eintök seldust upp. Því er nú prentað meira.

Dómar eru teknir að birtast og eru jákvæðir. Sömu sögu var raunar að segja í Noregi þar sem sagan kom út í sumar. Krosstré er væntanleg í útgáfu í fleiri löndum Evrópu á næstu missserum. Lesendur hér heima bíða spenntir eftir næsta leik „krónprinsins“ en krónprinsar eru alltaf í mikilli hættu að einhver annar geri kröfur til krúnunnar, jafnvel drepi mann fyrir sætið. - pbb



**MYNDLIST** Eggert Pétursson listmálari.

# Litur á barði og blómskúf á mel

**Í kvöld opnar sýning í Listasafni Reykjavíkur sem spannar allan feril Eggerts Péturssonar listmálara frá því hann tók að birta verk sín opinberlega og til þessa dags. Sýningunni fylgir vandað rit sem rekur ferilinn með fjölda mynda af hinum nostursegu málverkum þessa vinsæla listamanns.**

Það er Ólöf K. Sigurðardóttir sem er sýningarstjóri og hefur hún unnið náið með listamanninum að undirbúningi sýningarinnar. Mikill fjöldi verka úr eigu einstaklinga og stofnana mun prýða sýninguna en málverk Eggerts eru eftirsótt enda fágæt. Hann hefur sagt að hann komist ekki yfir að mála nema örfá verk á ári, enda sér hver maður sem skoðar handbragð Eggerts á striganum að það krefst langrar yfirlegu og mikillar nákvæmnisvinnu.

Mörg verkanna á sýningunni hafa ekki komið áður fyrir augu almennings. Mikil eftirsókn er eftir málverkum Eggerts og er biðlisti af þeim sem vilja komast yfir verk hans.

Eggert tók að mála smágerðar myndir af íslenskum blómum fyrir yfirlitsrit eftir Ágúst H. Bjarnason um íslenska flóru. Í þann tíma snemma á níunda áratugnum hafði Eggert verið í hópi þeirra sem heilluðust af minimalismanum og hópuðust í kringum Suðurgötu 7, þann tilraunasal sem átti sér nokkurra ára tilvist sem slíkur.

Náin kynni Eggerts af smágerðu litskini íslenskra blóma leiddu hann til nánast smásjárskoðunar á blómastæðum og blómabeðum í harðgerðri íslenskri náttúru. Verkin skáru sig út úr öllu sem aðrir voru að fást við í þann tíma þegar expressjóníska málverki stökk fram. Hamsleysið og pönkið sem í því bjó var í algerri andstöðu við hina kyrru en marglitu heima íslenskra barða og móa sem Eggert kannaði af ákefð og natni.

Eggert hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1980 og hefur síðan haldið fjölda einka- og samsýninga hérlendis og erlendis.

Á sýningunni eru nokkur verk frá upphafsárum listamannsins en flest spanna þau síðustu tvo áratugi þar sem íslenskar jurtir og blóm hafa verið meginefniviðurinn. Eggert hlaut önnur verðlaun Carnegie Art Award sjóðsins árið 2006.

Nú getur almenningur áttað sig á hinu stóra samhengi í list hans og hvernig strokur og litir hafa þróast í rannsókn hans á huldum heimum í ríki litarins á landi.

Sýningin mun standa til 4. nóvember.

pbb@frettabladid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele
ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

NÝJAR PAKKNINGAR

BETRA VERÐ

# Nicotinell®

# TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!




## NICOTINELL

## - ÞRJÁR GÓÐAR LEIÐIR TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík
28. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
29. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
12. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
13. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
Miðasala daglega í Iðnó í síma 562 9700 frá kl. 11 - 17 og á midi.is
Pabbinn
PABBINN Á TÚR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS
midi.is THORSSON PRODUCTIONS

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
7.9. 07 kl. 20
8.9. 07 kl. 20
15.9. 07 kl. 20
18.9. 07 kl. 14
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Salurinn
FÖSTUDAGUR 7. SEPTEMBER KL. 20
OPNUNARTÓNLEIKAR Í TÍBRÁ
IRINA ROMISHEVSKAYA
MEZZÓSÓPRAN OG
JÓNAS INGIMUNDARSON
PÍANÓLEIKARI
PURCELL, HÄNDEL, SCARLATTI, VIVALDI, ROSSINI, GLUCK, BIZET, TCHAIKOVSKY, GLINKA
FRÁBÆR MEZZÓSÓPRAN FRÁ MOSKVU
ÖRFÁ SÆTI LAUS!
TÓNLEIKAR Í SAMSTARFI VIÐ RÚSSNESKA SENDIRÁÐIÐ
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS SPK SPARISJÓÐURINN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

4 5 6 **7** 8 9 10

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

- 20.00 Tónleikar á vegum **Ung Nordisk Musik** eru haldnir í Fríkirkjunni í kvöld. Flutt verða verkin Cinque miniature eftir **Markku Klami** frá Finnlandi, The Elimination of Metaphysics eftir **Davíð Franzson**, Sonata fyrir alto saxófón og píanó eftir **Juho Miettinen** frá Finnlandi, Sketch eftir **Regin Petersen** frá Danmörku, Rho Cas eftir **Ari Romppanen** frá Finnlandi, Mit Titel eftir **Sigurd F. Olsen** frá Noregi og Hide and Seek eftir hina norsku **Stine Sørlie**.
- 22.00 Hljómsveitin **Jakobínarína** heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri í kvöld.

GERÐUBERG
www.gerduberg.is
Síðasta sýningarhelgi!!
Ég bið að heilsa
Sýning á bútasaumsverkum í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar
Erró - Kvenfólk
Grafíkverk í eigu Listasafns Reykjavíkur
Af hjartans list!
Alþýðulistamaðurinn Ágúst Jónsson sýnir málverk í Boganum
Vissir þú...
að í Gerðubergi er góð aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og móttökur. Sjá www.gerduberg.is
Sýningarnar standa til 9. september og eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Sími 575 7700



STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

# Sest á Salinn

Á laugardag kl. 16 verður dagskrá flutt á Sal Menntaskólans í Reykjavík sem helguð er skáldsögunni Tímaþjófnum eftir Steinunni Sigurðardóttur. Tilefnið er útkoma sögunnar á ensku hjá Eddu í þýðingu Rory McTurk. Á þessu hausti er liðið 21 ár frá því að Tímaþjófurinn, fyrsta skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur, kom út. Bókinni var frábærlega vel tekið af gagnrýnendum og öðrum lesendum. Í kjölfar útgáfunnar fylgdi mikil umfjöllun og snörp skoðanaskipti, þar sem hæst bar ritgerð og fyrirlestur Helgu Kress prófessors, með heitinu „Dæmd til að hrekjast“.

Tímaþjófurinn varð metsölubók á Íslandi og hefur síðan komið út á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Frakklandi og hvarvetna hlotið frábæra dóma.

Hún var nýlega endurútgefin í Danmörku og í Svíþjóð. Í Frakklandi var gerð kvikmynd eftir Tímaþjófnum. Á Sal Menntaskólans mun Alda Björk Valdimarsdóttir ræða verkið en aðalpersóna bókarinnar starfaði einmitt í Menntaskólanum, þar sem Steinunn stundaði reyndar nám á sínum tíma. Afar fátítt er að salurinn sé lánaður undir uppákomur sem þessa enda sögufrægur staður. **- pbb**

KRINGLU KRÁIN
60' Hljómsveitin
Special
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

10% aukaafsláttur af flestum vörum
GOLFÚTSALA
enn meiri afsláttur
Pro Quip Silk Touch Ryder Cup regngallinn
Besti gallinn skv. Todays Golfer.
Jakki og buxur aðeins kr. 17.900
Síðasti opnunardagur GolfOutlet fyrir vetrardvala er á laugardaginn!
Rafmagnsgolfkerra
Powerhouse Freedom
28 AH geymir kr. 37.900
Fjarstýrð kr. 45.900
Opið föstudag 13-18, laugardag 11 til 16
LYNX Black Cat járnasett
Með þyngdarstillingu á haus, frá kr. 34.900
Lynx
HOWSON Attacker Rescue
Margverðlaunaður hálfviti. Herra og dömu, verð aðeins kr. 3.920
Howson
Barna- og unglingagolfsett
í poka verð frá kr. 8.900
Pútter, kylfa og kúlur kr. 3.900
Golfboltar-afsláttur af heilum kössum
Wedge frá kr. 2.320
Golfpokar frá kr. 2.900
Heil golfsett frá kr. 19.900
½ golfsett í poka kr. 9.900
Golfskór 30 – 60% afsláttur
Pútterar frá 1.500
HIPPO HEX driver
Verðlauna driverinn
Carbon – titanal haus, með nýja laginu. Gefur beinni og lengri högg.
Verð aðeins kr. 13.900
HiPPO
Golf Outlet
Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800

# CHRIS CORNELL ÁRITAR Í DAG KL. 16:00

## Í SKÍFUNNI LAUGAVEGI



**Já, þú last rétt, þetta er ekkert grín!**

**Í tilefni stórtónleikanna annað kvöld áritar sjálfur Chris Cornell nýjustu plötuna sína Carry On í verslun Skífunnar á Laugavegi kl. 16 í dag.**

**Ekki missa af einstöku tækfæri til að komast í návígi við sannkallaða rokkgoðsögn.**




**MIÐASALA Á TÓNLEIKANA Í FULLUM GANGI**

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · www.skifan.is


JENS LEKMAN


THE GO! TEAM

## > Í SPILARANUM

Jens Lekman - Night Falls Over Kortedala
Vilhelm - The Midnight Circus
Liars - Liars
Hard-Fi - Once Upon a Time In the West
The Go! Team - Proof of Youth

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Fjölbreytni í fyrirrúmi

Dagskrá Iceland Airwaves, sem hefst í október, er óðum að taka á sig endanlega mynd og stefnir í afar fjölbreytta og skemmtilega tónlistarhátíð. Auk bandarísku hljómsveitarinnar Grizzly Bear, sem staðfesti nýverið komu sína, hefur Amiina ásamt bresku sveitunum Slow Club og Late of the Pier skráð sig til leiks. Koma þær tvær síðastnefndu fram á tónleikum bresku útgáfunnar Moshi ásamt hinni efnilegu íslensku sveit Retro Stefson. Á síðasta ári spiluðu The Klaxons, sem vann Mercury-verðlaunin fyrir skömmu, og Tilly and the Wall á tónleikum Moshi-útgáfunnar í Hafnarhúsinu og því ljóst að um spennandi viðburð verður að ræða.

Nýsjálenska hljómsveitin Cut Off Your Hands, sem þykir sjóðheit á tónleikum, hefur einnig boðað komu sína á Airwaves. Verður þetta í fyrsta sinn sem nýsjálensk sveit kemur fram á hátíðinni. Á meðal fleiri sveita sem hafa bæst í hópinn eru Jagúar, Búdrýgindi, Hraun, Changer, Morðingjar, Computer Club frá Bretlandi, XXX Rottweiler og Worm is Green. Miðasala á hátíðina hefst miðvikudaginn 12. september.


AMIINA



## > Plata vikunnar

Architecture in Helsinki - Places Like This

★★★★

„Þó að sumarið sé á enda þá sér AiH okkur fyrir framlengingu á því. Ekkert bætir eins mikið og hjartans kæti sem AiH á greinilega nóg af.“

SHA



## TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

# *Talið niður að Airwaves*

Nú eru tæpar sex vikur þangað til Iceland Airwaves-hátíðin 2007 skellur á og þess vegna alveg kominn tími til að kíkja aðeins á dagskrána. Þegar þetta er skrifað eru komin 130 nöfn á listann yfir þá sem koma fram á hátíðinni á þeim fimm dögum sem hún stendur yfir (17.–21. október) þannig að það er ljóst að eins og undanfarin ár verður erfitt að velja og hafna.

Af erlendu atriðunum verða þessi að teljast algjört möst:


BONDE DO ROLE

**!!!** – Ein af brautryðjendasveitum NY pönk-fönk bylgjunnar.
**Bonde do Role** – ásamt CCS heitasta nafnið í brasilísku poppi. Platan hennar With Lasers er skemmtileg og bandið ku vera villt á sviði.
**Buck 65** – Hip-hop-blús snillingur frá Kanada.
**Deerhoof** – San Francisco-indísveit sem er búin að vera að lengi. Nýja platan hennar, Friend Opportunity, er afbragð.
**Chromeo** – 80's litaður danstónlistardúett frá Kanada.
**Lali Puna** – Þýskt gæðarafpopp frá Morr.
**Late Of The Pier** – Ný bresk sveit sem lofar mjög góðu. Rafrænt glysrokk.
**Loney, Dear** – Sænskur eðall.
**Of Montreal** – Heitasta bandið í ár. „Arcade Fire ársins 2007“ eða þannig …
**The Teenagers** – Stórskemmtileg ensk/frönsk sveit í miklu uppáhaldi hjá músíkpressunni. Laganöfnin Scarlett Johansson og Fuck Nicole segja kannski eitthvað um stemninguna.

Og svo má ekki gleyma Bloc Party, Kasper Björke, Khonnor og Trentemöller …

Íslenska deildin er svo algjört allsnægtaborð og allir að gera sitt besta. Hvað með Bloodgroup, Esju, Gavin Portland, Hjaltalín, Jakobínarínu, Motion Boys, Mr. Sillu & Mongoose, Retro Stefson, Skáta og Sprengjuhöllina? Eða kannski Cocktail Vomit, Mig, FM Belfast, Hairdoctor, I Adapt, Kimono, múm, Reykjavík!, Seabear, Severed Crotch og Úlpu? Nú eða …

Tóndæmi og tengla má finna á icelandairwaves.com






# Hjartaknúsari snýr aftur

**Bretinn viðkunnanlegi James Blunt mun um miðjan mánuðinn senda frá sér sína aðra breiðskífu. Á platan að fylgja eftir ofurhittaraplötunni Back to Bedlam sem kom út árið 2005. Steinþór Helgi Arnsteinsson forvitnaðist um nýju plötuna.**


**JAMES BLUNT** Breski hjartaknúsarinn sló í gegn með laginu You're Beautiful fyrir tveimur árum. Önnur plata hans kemur út síðar í mánuðinum. Blunt gerir sér ekki miklar vonir um að hún njóti viðlíka vinsælda og fyrri platan, sem selst hefur í ellefu milljónum eintaka.

James Hillier Blount, betur þekktur sem James Blunt, fæddist árið 1974 í Englandi en faðir hans var háttsettur innan breska hersins. Seinna gekk Blunt sjálfur til liðs við herinn og gegndi stöðu kapteins í Kosovo. Aðeins ári eftir að Blunt hætti í hernum hafði hann landað samningi hjá EMI-plötufyrirtækinu. Hann vakti líka athygli hjá Lindu Perry, fyrrverandi meðlimi í 4 Non Blondes og heilans á bak við Pink, sem fékk hann til liðs við sig hjá plötufyrirtækinu Custard í Bandaríkjunum.

### Óvæntar vinsældir

Eftir misvel heppnaðar tilraunir í Bretlandi á smáskífumarkaðnum gerði lagið You're Beautiful allt vitlaust. Lagið fór á toppinn og platan, Back to Bedlam, skaut X & Y plötu Coldplay ref fyrir rass á breiðskífulistanum. Lagið fór síðan eins og eldur um sinu um allan heim og ekki leið á löngu áður en það toppaði bandaríska Billboard-listann. Hafði breskt lag ekki náð þeim áfanga síðan Candle in the Wind með Elton John hafði gert slíkt.

Síðan þá hefur frægðarsól Blunt risið hátt. Aðrar smáskífur af Back to Bedlam hafa gert garðinn frægan og sjálfur hefur Blunt verið mikið í sviðsljósinu og komið fram meðal annars í Saturday Night Live og hjá Opruh Winfrey. Blunt hefur samt ítrekað reynt að forðast sviðsljósið og vill yfirleitt lítið segja um sitt einkalíf. Slíkt hefur hins vegar reynst sem bensín á bál pressunnar.

### Ibiza-ævintýri

Nýja platan, All the Lost Souls, var tekin upp í Los Angeles hjá Tom Rothrock sem einnig annaðist upptökustjórn á Back to Bedlam. Blunt hefur hins vegar sagt að mikið af plötunni hafi hann samið á Ibiza.

Fyrsta smáskífulagið, 1973, varð þannig til eftir eitt hressilegt kvöld á skemmtistaðnum Pacha á partíeyjunni frægu. Lagið var samið í samvinnu við Mark Batson, sem er helst þekktastur fyrir að vinna með bandarískum hip-hop listamönnum, til dæmis Dr. Dre, The Game, Beyoncé og Jay-Z.

Lagið 1973 er nú þegar tekið að hljóma á útvarpsstöðvum um allan heim en hefur ekki slegið eins rækilega í gegn og til dæmis You're Beautiful enda 1973 frábrugðið flestu öðru sem Blunt hefur sent frá sér. Lagið náði þó inn á topp tíu í Bretlandi.

### Vill sýna þroska

„Fyrir mér er engin pressa í gangi,“ útskýrir Blunt. „Eftir að hafa selt yfir 11 milljón plötur veit ég að líkurnar á að það endurtaki sig eru hverfandi. Í stað þess að setja það sem markmið reyni ég frekar að gera plötu sem ég hef virkilega gaman af og er virkilega sáttur með. Platan er eitthvað sem ég get sagt að sýni þroska minn og þróun sem lagahöfundur og sem tónlistarmaður, sýnir breytingarnar í mínu lífi og skráir og ritar á þann hátt.“

Blunt hefur einnig sagt að lögin á plötunni hafi meira verið samin með hljómsveit í huga en lögin á Back to Bedlam. Í fréttatilkynningu segir jafnframt að platan eigi sérstaklega að heilla aðdáendur Carly Simon og James Taylor. Hvað sem því líður geta allir James Blunt-aðdáendur fagnað útgáfu All the Lost Souls um miðjan septembermánuð.

# Langt upptökuferli I Adapt

Þriðja plata íslensku harðkjarnasveitarinnar I Adapt, Chainlike Burden, er komin út. Upptökur á plötunni hófust í febrúar á síðasta ári og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þá. „Þetta er langur tími fyrir stutta plötu,“ segir söngvarinn Birkir Fjalar Viðarsson um upptökuferlið. „Ég fékk söngvírus í hálsinn og síðan vorum við ekki með nógan pening til að bóka stúdíó lengi í einu. Þetta gekk allt rosalega hægt. Svo kom tímabil þar sem við vorum ekki sáttir við hljóminn og byrjuðum að „mixa“ allt upp á nýtt. Það er búið að leggja mikið í þetta þannig að þetta geti komið sæmilega út. Við vildum að þetta væri langbesta platan okkar,“ segir hann.

I Adapt fer í tveggja vikna tónleikaferðalag um austurströnd Bandaríkjanna í byrjun október, en platan kemur einnig út þar í landi og í Kanada. „Við fórum síðast til Bandaríkjanna í mars á þessu ári. Það gekk miklu betur en við þorðum að vona þannig að um leið og sá túr var búinn ákváðum við að fara strax út aftur.“

I Adapt spilar næst á Sköllfest í Tónlistarþróunarmiðstöðinni 11. september ásamt Blacklisted frá Bandaríkjunum, Celestine, Dys, Kimono, Drep, Retron, The South Coast Killing Companu, Diabolus og Skít.

- fb


**I ADAPT** Rokkararnir í I Adapt hafa gefið út sína þriðju plötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Rúbín

**Óskum Rúbín til hamingju með „Grand Opening"**
**á einum glæsilegasta veislu / ráðstefnu og skemmtistað landsins**

Rúbín er staðsett í Öskjuhlíðinni, gengið inn við hliðina á Keiluhöllinni.

Komið og upplifið... Rúbín

Opnum í kvöld á **miðnætti** - Dansleikur með hinum frábæru Stuðmönnum
Miðasala við innganginn verð kr. 1.800

Álafoss productions | Egils | LUXOR www.luxor.is Lýsingarhönnun og sala | FLOTUN GÓLFVERKTAKI • 660 6461 | KAUPTHING | SP-FJÁRMÖGNUN | Rafkaup Ármúla 24 • Sími 585 2800

sense | SECURITAS | FASTUS | LogoFlex | VÍDD | LAGNAKERFI ehf. Jón M. Magnússon | S.GUDJÓNSSON

Straumver ehf. | LitaLínan | Reykjavíkur Verktakar | STIKUVÍK | Fagval ehf | SAMVERK | ART-BÍLALIST

# Metsölulisti Eymundsson

kiljur

**1. Flugdrekahlauparinn**
Khaled Hosseini



Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

**2. Viltu vinna milljarð?**
Vikas Swarup



Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Bókin sat 28 vikur samfellt í fyrsta sæti kiljulistans.

**3. Konungsbók**
Arnaldur Indriðason



Mögnuð og spennandi saga sem fjallar um það hverju má fórna og hverju verður að fórna fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

**4. Saffraneldhúsið**
Yasmin Crowther



Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást, fjölskyldubönd og klofna sjálfmynd. Höfundur verður gestur Bókmenntahátíðar.

**5. Blóðberg**
Ævar Örn Jósepsson



Sex starfsmenn af virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka hafa farist í hörmulegu slysi, ...eða var þetta kaldrifjað morð?

**6. Tvíburarnir**
Tessa de Loo



Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem eru aðskildar sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

**7. Svartfugl**
Gunnar Gunnarsson



Bakgrunnur Svartfugls er eitthvert frægasta morðmál Íslandssögunnar. Mikil saga af mögnuðu fólki. Íslensk klassík sem á erindi við nýja tíma.

**8. Ísprinsessan**
Camilla Läckberg



Heillandi sakamálasaga um ástir og örlög tveggja kynslóða. Bækur Camillu fara nú sigurför um heiminn.

**9. Predikarinn**
Camilla Läckberg



Camilla skrifar hér um lífshlaup, tilfinningar og þrár af næmum skilningi. Hér er á ferðinni einstaklega góður sögumaður.

**10. Móðurlaus Brooklyn**
Jonathan Lethen



Lionel Essrog, einkaspæjari í Brooklyn, er með Tourette. Þegar lærifaðir hans er myrtur ákveður Lionel að hafa uppi á morðingjanum, ...hvað sem það kostar.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

-hvað ert þú að lesa!

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




„Ég er aldrei með hring. Eini hringurinn sem ég hef verið með er sá sem ég fékk fyrir meistaratitilinn. Ég þarf að venjast þessu."

**TONY PARKER** í vandræðum með að þurfa að ganga með giftingarhring eftir að hafa kvænst leikkonunni Evu Longoria úr Aðþrengdum eiginkonum.





„Ég er búinn að leigja svanakjólinn hennar Bjarkar."

**RAINN WILSON** um hverju hann ætli að vera í á Emmy-verðlaunahátíðinni en Wilson er tilnefndur fyrir leik sinn í The Office.

„Þú veist hvernig fólk spyr stundum: „Hver er ástin í lífi þínu?" Ég vona að ég hafi ekki hitt þann einstakling ennþá þar sem ég er einhleyp. Það væri dapurlegt."

**WINONA RYDER** um þann eina rétta í viðtali við Vogue.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Garðar Thor Cortes einn arftaka Luciano Pavarotti

**Íslenski tenórinn Garðar Thor Cortes er einn fimm söngvara sem gætu erft vinsældir Pavarottis.**

Greinahöfundurinn Adam Sweeting hjá Telegraph í Bretlandi veltir því fyrir sér hverjir muni nýta sér skarðið sem hafi myndast við fráfall Pavarottis, þessa mesta tenórs fyrr og síðar, og nefnir Garðar til sögunnar auk fjögurra annarra.

Garðar Thor var steinsofandi þegar Fréttablaðið vakti hann en hann var nýkominn til eyjunnar Jersey á Ermarsundi þar sem hann á að syngja á styrktartónleikum Kiri Te Kanawa í kvöld. Honum þótti óneitanlega mikill heiður að vera nefndur í sömu andrá og ítalski hetjutenórinn en taldi þetta ótímabærar vangaveltur. „Röðdin hans var einstök og það verður erfitt fyrir nokkurn mann að feta í fótspor hans," segir Garðar. „Ég var á æfingu áðan með Kiri og það var fátt annað rætt en andlát Pavarottis," bætir Garðar við.

Sweeting nefnir einnig Ítalann Andrea Bocelli sem lengi hafi dreymt um að verða „alvöru" óperusöngvari en gagnrýnendur hafi skotið þær hugmyndir í kaf og sagt tenórnum að halda sig við það sem hann geri best, að syngja léttsígild og poppuð lög. Næstur á lista er Alfie Boe og á eftir honum er Russell Watson. Þá nefnir Sweeting einnig Paul Potts, lagerstarfsmanninn sem sló eftirminnilega í gegn í Britain's Got Talent.



**PAUL POTTS** Sló í gegn í Britain's Got Talent.

**ERFITT HLUTSKIPTI** Garðar er sagður geta fetað í fótspor Pavarottis en hann verði þó að forðast auglýsingamennsku eins og heitan eldinn.



**FRANZ FERDINAND** Hljómsveitin Franz Ferdinand heldur óvænta aukatónleika á Organ laugardaginn 15. september.

# Óvæntir tónleikar

Hljómsveitin Franz Ferdinand, sem spilar á Nasa 14. september, heldur óvænta aukatónleika á skemmtistaðnum Organ kvöldið eftir. Sveitin óskaði sjálf eftir því að halda aukatónleika á enn minni stað í Reykjavík fyrir föruneyti sitt og aðdáendur. Verður takmarkað magn miða sett í sölu.

Franz Ferdinand ætlar að kynna efni af væntanlegri plötu sinni á tónleikum sínum hér á landi. Mun Jakobínarína sjá um upphitun á Nasa, en uppselt varð á þá tónleika fyrir löngu.

Sveitin sló í gegn með frumburði sínum sem hafði að geyma lög á borð við Take Me Out, Michael og This Fire. Ári síðar gaf hún út plötuna You Could Have It So Much Better sem fékk einnig mjög góðar viðtökur. Miðasala á tónleikana á Organ hefst laugardaginn 8. september.

# Gulli Briem til Noregs

Trommuleikarinn Gunnlaugur Briem farinn til Noregs þar sem hann heldur námskeið fyrir norska trommuleikara í samvinnu við Listaskólann í Stafangri.

Gulli hefur áður haldið fyrirlestra um trommuleik í Noregi en einnig í Asíu árið 2005 í samvinnu við breska hljóðfæraframleiðandann Premier.

Hann ætlar á námskeiðinu að leika nokkur þekkt lög sem hann hefur útbúið sérstaklega fyrir Norðmennina og tala um trommusettið og hlutverk þess. Til stendur að þessi dagskrá verði flutt á Íslandi á haustmánuðum.



**GULLI BRIEM** Gunnlaugur Briem heldur námskeið fyrir norska trommara.



Fjallahjól
24 gírar og læsanlegir demparar.
Verð 44.000
kr. 35.200
Útsala 20%
útsala
Borgarhjól
18 gírar. Bretti, bögglaberi og standari fylgja með.
Verð 33.500
kr. 23.450
Útsala 30%
Fjallahjól
24 gírar og dempari.
Verð 37.800
kr. 30.240
Útsala 20%
Fjallahjól
24 gírar og diskabremsur.
Verð 48.000
kr. 38.400
Útsala 20%
Borgarhjól
Þægilegt borgarhjól með 24 gírum. Einnig til í herra útfærslu.
Verð 45.200
kr. 36.160
Útsala 20%
Barnahjól
6 gírar og dempari fyrir 6-8 ára.
Verð 24.900
kr. 17.430
Útsala 30%
Dömu borgarhjól
Þægilegt dömu borgarhjól með 21 gírum.
Verð 33.900
kr. 23.730
Útsala 30%
Stelpuhjól
Fyrir 4-6 ára létt og gott.
Verð 12.900
kr. 9.030
Útsala 30%
Strákahjól
Fyrir 4-6 ára létt og gott.
Verð 12.900
kr. 9.030
Útsala 30%
MARKIÐ
www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40
PIPAR • SÍA • 71714




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| KNOCKED UP VIP | kl. 5 - 8 - 10:50 | |
| DISTURBIA | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| LICENSE TO WED | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 8 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 10:10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 3:45 | L |
| **KRINGLUNNI** | | |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 3:40 - 6:30 - 8:30 -10:30 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14. |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 4 DIGITAL | L |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| VEÐRAMÓT | kl. 8 -10 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 10 | 7 |
| **KEFLAVÍK** | | |
| KNOCKED UP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| ASTRÓPÍA | kl. 8 - 10 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| **SELFOSSI S. 482 3007** | | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 - 10 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 | 12 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:50 | L |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 3, 6 og 9 | 14 |
| DISTURBIA | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP íslenskt tal | kl. 4 | L |
| THE BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 14 |
| RATATOUILLE íslenskt tal | kl. 3.35 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| VEÐRAMÓT | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| KNOCKED UP | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| KNOCKED UP LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 - 10.10 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS | | |
|---|---|---|
| KL. 5.30 Away From Her | | |
| KL. 8 Sicko | | |
| KL. 10.30 Sicko / Shortbus | | |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| EVENING | kl. 5.30 - 8 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 - 10 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| VEÐRAMÓT | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| SURFS UP ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DISTURBIA | kl. 8 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 10.10 | 14 |

MIÐASALA Á midi.is


# *Ljúfsárar melódíur Soundspell*

Hljómsveitin Soundspell hefur gefið út sína fyrstu plötu, An Ode to the Umbrella, hjá útgáfufyrirtækinu Tudda. Sveitin er skipuð fimm piltum sem eru aðeins sextán til átján ára.

Upptökustjórar plötunnar eru hinn bandaríski Ronan Chris Murphy og Albert Ásvaldsson, meðlimur Canora. Chris Murphy, sem hefur tekið upp plötur með King Crimson, var einnig á tökkunum á síðustu plötu Canora. „Það var frábært að vinna með honum. Þetta er dýrlegur maður," segir Alexander Briem, söngvari Soundspell, um samstarfið með Chris Murphy. Sveitin skrifaði undir plötusamning hjá Tudda á síðasta ári aðeins degi eftir að Albert hafði heyrt demó-upptöku þeirra. Tónlist Soundspell er bæði ljúfsár og melódísk og svipar nokkuð til þess sem breskar sveitir á borð við Coldplay og Muse hafa sent frá sér í gegnum árin. „Við vorum staðráðnir í því að leika okkur með þetta Britpopform. Við höfum reynt að halda því en þetta getur líka farið aðrar leiðir hjá okkur," segir Alexander.



**SOUNDSPELL** Alexander Briem, Áskell Harðarson, Bernharð Þórsson, Jón Gunnar Ólafsson og Sigurður Ásgeir Árnason eru meðlimir Soundspell.

Útgáfutónleikar verða haldnir í Austurbæ í kvöld. Hefjast þeir klukkan 21.00 og verður húsið opnað klukkutíma fyrr. Miðaverð er 1.500 krónur en 1.000 í forsölu í Músík og myndum. **- fb**

# Cornell heimtar ferskan lax í búningsherbergið

**Chris Cornell kom til landsins í gær en rokkarinn úr Soundgarden og Audioslave heldur tónleika í Laugardalshöll á morgun. Cornell hyggst verja góðum tíma með aðdáendum sínum og ætlar að árita í Skífunni á Laugaveginum í dag.**

„Það er náttúrlega magnað að hann skuli ætla að gefa sér tíma í þetta og ef mig misminnir ekki er þetta í fyrsta skipti sem tónlistarmaður af þessari stærðargráðu gerir svona," segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Concert sem heldur tónleikana. Reikna má með miklum mannfjölda til að berja rokkgoðið augum og segir Ísleifur að bæði verði bætt við starfsfólki og öryggisgæsla aukin til muna.

Cornell ætlar að sjá til þess að aðdáendur hans fái sitthvað fyrir sinn snúð því reiknað er með að hann spili í rúma tvo klukkutíma en engin upphitunarhljómsveit verður á undan kappanum. Áhorfendur verða því að vera ansi stundvísir ef þeir ætla sér að drekka rokkvökva Cornell frá fyrstu mínútu. Í dag klukkan 16 áritar Cornell svo plötur sínar og annan varning í Skífunni á Laugaveginum.

En þrátt fyrir hörkulegt útlit og rokkaða framkomu verður ekki annað séð en að Cornell hugsi vel um mataræðið og heilsuna. Á netinu er að finna upplýsingar um hvaða kröfur Cornell setur fyrir búningsherbergi sín, svokallaðan „rider". Þar má meðal annars sjá að brennivín og bjór eru illa séðir hlutir. Ávextir og grænmeti eru hins vegar vel þegnir og þar eru tómatar og avókadó ofarlega á lista. Hvað mataræðið varðar er kjúklingur og fiskur efst á óskalistanum en þó er tekið fram að fiskurinn megi ekki vera eldisfiskur heldur eigi að koma úr sínu eðlilega umhverfi. Og þá er því sérstaklega beint til tónleikahaldara að þeir hafi fjölbreytta fæðu á borðstólum og að hljómsveitin sé ekki par hrifin af flatbökum og öðrum skyndibita en eins og margir muna var annað uppi á teningnum þegar rapparinn Snoop Dogg kom til landsins, hann vildi nánast eingöngu djúpsteikta kjúklinga frá KFC.



**HUGSAR UM HEILSUNA** Cornell vill engan Bakkus baksviðs heldur kýs ávexti, vatn og gos í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Veisla fyrir hlustirnar

Valgeir Sigurðsson er þekktastur fyrir vinnu sína sem upptökumaður og upptökustjóri. Hann hefur mikið unnið með Björk, en líka Bonnie Prince Billy, CocoRosie, múm, Sigur Rós, Slowblow, Seabear, Maps og mörgum fleiri. Áður en Valgeir sneri sér að mestu að upptökuvinnu í hljóðverinu sínu, Gróðurhúsinu, var hann meðlimur í nokkrum hljómsveitum, þar á meðal Unun og þeirri ágætu sveit Birthmark.

Það eru tíu lög á Ekvilíbríum. Meirihluti þeirra er án söngs, en Bonnie Prince Billy syngur tvö, Dawn McCarthy eitt og J. Walker eitt. Margir hljóðfæraleikarar koma við sögu, þ.á m. Nico Muhly, Una Sveinbjarnardóttir, Hildur Guðnadóttir, Samuli Kosminen og Óskar Guðjónsson. Orðið Ekvilíbríum merkir jafnvægi og það hæfir plötunni vel – tónlistin er í rólegum, seiðandi og umleikandi stíl.

Grunnkrafan sem maður gerir til sólóplötu með upptökustjóra umfram aðrar plötur er að hljómurinn sé flottur og hljóðheimurinn spennandi. Og Valgeir veldur ekki vonbrigðum. Hljómurinn er brakandi ferskur og hljóðheimurinn bæði fallegur og óvenjulegur. Tónlistin er samtal hins nýja og þess gamla. Hún er forrituð að hluta, en hefðbundin hljóðfæri; strengir, gítarar, hljómborð, mandólín, saxófónn og trommur, eru líka áberandi.

Lögin eru nokkuð fjölbreytt. Skröltandi taktur einkennir upphafslagið, A Symmetry, en í lokalaginu, Lungs for Merrilee, er enginn taktur, bara hægt stígandi hljóðveggur sem nuddar þægilega á manni hlustirnar. Bæði þessi lög eru á meðal bestu laga plötunnar, en Winter Sleep sem Faun Fables-söngkonan Dawn McCarthy syngur og Bonnie Prince Billy-lögin, Evolution of Waters og Kin, eru líka mjög flott.

Ekvilíbríum á margt sameiginlegt með tónlist sumra þeirra listamanna sem Valgeir hefur unnið með, t.d. Björk og múm. Platan hefur samt alveg sinn karakter og hefur mjög sterkan heildarsvip.

Á heildina litið er þessi fyrsta sólóplata Valgeirs Sigurðssonar vel heppnuð og sannfærandi. Veisla fyrir hlustirnar sem allir áhugamenn um framsækna og metnaðarfulla popptónlist ættu að kynna sér. **Trausti Júlíusson**



**TÓNLIST**

**Ekvilíbríum**

Valgeir Sigurðsson

★★★★

Þessi fyrsta sólóplata upptökustjórans Valgeirs Sigurðssonar stendur undir þeim miklu væntingum sem gerðar eru til hennar. Róleg og seiðandi lög og frábær hljómur.

# Hiphop er ekki krakkatónlist

Heimasíðan hiphop.is hefur göngu sína á ný á laugardag eftir tveggja ára hlé. Af því tilefni verða haldnir tónleikar á Organ þar sem Bent, Sesar A, Dabbi T, Móri og Beatur troða upp. Ætla þeir að flytja töluvert af nýju efni.

„Það komu upp tæknimál og út af vinnu og öðru hef ég ekki haft tíma til að koma henni í gang," segir Ómar Ómar, sem starfrækir síðuna. „Ég hef verið í sumar að púsla síðunni saman. Það er búið að vera þvílíkur þrýstingur á mig allan tímann sem hún hefur verið niðri að koma henni aftur í gang. Þannig að það er mikil eftirvænting eftir vefnum."

Á tónleikunum stendur gestum til boða að kaupa nýja plötu, Lifandi orð, sem inniheldur nýtt og áður óútgefið íslenskt rapp með fjölda flytjenda. Verður hún seld í takmörkuðu upplagi. Á meðal flytjenda eru Sesar A ásamt Rósu, Class B ásamt Earmax, 1985!, Beatmakin Troopa, Grænir fingur og Heimshugar. „Mig langaði að gera „mix"-diskinn til að sýna fram á breiddina sem er komin í hiphopið. Þetta er orðin rosalega fjölbreytt sena og það er kominn tími til að fólk átti sig á því að þetta er ekki bara einhver krakkatónlist," segir Ómar.

Húsið verður opnað klukkan 20 og er 20 ára aldurstakmark. Miðaverð er 800 krónur.

- fb



**ÓMAR** Ómar Ómar starfrækir heimasíðuna hiphop.is sem er að fara í gang á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


## Óskum eftir starfsfólki

Starfsfólk óskast í sal á veitingastaðina Banthai og Na na Thai sem fyrst.

**Við notum:**
**Vel valið hráefni t.d.**
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd (innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira

Viðkomandi verður að tala íslensku.

**Upplýsingar í síma 896 3536**

Matseðill á www.thaimatur.com

na na thai
Thai Restaurant & Store

BANTHAI
Laugavegi 130


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikstjórinn **Tim Burton**, sem á að baki myndir á borð við Edward Scissorhands og Sleepy Hollow, var heiðraður á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir æviframlag sitt til kvikmyndalistarinnar. „Þetta er mikill heiður fyrir mig," sagði Burton, sem er 49 ára. „Þetta hefur mikla þýðingu fyrir mig og vonandi hvetur þetta mig til að halda áfram mínu striki." Burton sagði að verðlaunin væru betri en óskarinn. „Þetta er miklu flottara en að fá í hendurnar nakinn sköllóttan mann."



**Sir Paul McCartney** verður plötusnúður á útvarpsstöð BBC, Radio 1, í tilefni af fertugsafmæli hennar. Alls munu tíu þekktir tónlistarmenn stjórna útvarpsþætti á stöðinni og spila uppáhaldslögin sín. McCartney stjórnar fyrsta þættinum hinn 17. september. Á meðal þeirra sem fylgja í kjölfar hans verða Ozzy Osbourne, **Noel Gallagher**, Debbie Harry, Gwen Stefani, **Dave Grohl** og Norman Cook, betur þekktur sem Fatboy Slim.



Fyrrverandi umboðsmaður söngkonunnar **Mariah Carey** hefur höfðað mál gegn henni vegna meintrar skuldar. Umboðsmaðurinn, Jerry Blair, var rekinn eftir að metsöluplata hennar, The Emancipation of Mimi, kom út. Blair telur að hann hafi átt stóran þátt í að koma Carey aftur á kortið eftir mörg mögur ár og vill því fá hluta af tekjunum af plötunni og tónleikum tengdum henni.



Hjartaknúsarinn **Brad Pitt** hefur viðurkennt að andlit sitt sé farið að láta á sjá. Pitt, sem er 43 ára, segir að það sem hafi gengið á í lífi sínu undanfarin ár eigi mestan þátt í útlitsbreytingunum. Pitt breyttist frá því að vera eiginmaður Jennifer Aniston í fjögurra barna föður við hlið **Angelinu Jolie** á aðeins þremur árum og virðist það hafa tekið sinn toll. Pitt segist jafnframt vera ákaflega ánægður með breytingarnar í lífi sínu eftir að hann kynntist Jolie.






## > Tugmilljóna styrktarsamningur

HSÍ og N1 skrifuðu undir styrktarsamning í gær en úrvalsdeild karla og kvenna mun bera nafn fyrirtækisins næstu þrjú árin. Úrvalsdeildin heitir þar með N1-deildin. Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, sagði á blaðamannafundi í gær að samningurinn væri tugmilljóna virði. Guðmundur Ágúst Ingvarsson, formaður HSÍ, staðfesti á sama fundi að samningurinn væri stærsti samstarfssamningur sem HSÍ hefði skrifað undir lengi. HSÍ mun nota fé samningsins til þess að kynna deildina og handboltann rækilega en umgjörð leikja verður verulega tekin í gegn í vetur.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON: VALUR MÆTIR VIKING MALT Í FORKEPPNI MEISTARADEILDARINNAR

# Óttast að fólk haldi að þetta verði auðvelt



Íslandsmeistarar Vals munu í dag og á morgun mæta Viking Malt frá Litháen í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í handbolta. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, býst við mjög erfiðum leikjum og segir að nauðsynlegt verði að fá góðan stuðning frá áhorfendum.

„Við hlökkum mikið til og verður gaman að fá að taka þátt í opnunarleiknum í Vodafone-höllinni," sagði Óskar Bjarni. „En þetta er hörkulið sem við mætum, fólk áttar sig ekki almennilega á því. Ég hef kynnt mér þetta lið og til að mynda er meðalaldur liðsins um 31 ár. Þetta eru strákar sem hafa spilað í Evrópukeppnunum síðastliðin tíu ár. Þeir eru líkamlega sterkir og mjög reyndir. Það verður ekkert gefins í þessum leik."

Viking Malt hefur unnið litháísku deildina síðustu tvö ár en litháískur handbolti hefur ekki verið hátt skrifaður undanfarin ár. Landsliðið hefur til dæmis ekki komist á stórmót í handbolta lengi vel.

„Litháen er sterkasta Eystrasaltsþjóðin og deildin hefur kannski áður verið sterkari. En þrjú, fjögur bestu liðin eru mjög sterk."

Hann vonast til að áhorfendur fjölmenni í Höllina, sem tekur 1.200 áhorfendur í sæti. „Það er setið allan hringinn og það er okkar von að skapa góða gryfjustemningu. Við erum með ungt lið en strákarnir þurfa einfaldlega að stíga upp. Þetta verður erfitt en ég óttast að fólk haldi að leikirnir verði auðveldir fyrir okkur."

Sigurvegari leikjanna kemst í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og spilar í riðli með Celje Lasko frá Slóveníu, Gummersbach frá Þýskalandi og Veszprem frá Ungverjalandi. Allt stórlið sem íslenskir handboltaunnendur þekkja vel til.

Óskar Bjarni býst við að geta notað sitt sterkasta lið í dag. „Hvorki Ernir Arnarson né Baldvin Þorsteinsson voru með gegn Stjörnunni en ég geri fastlega ráð fyrir því að þeir verði með í dag. Þá verð ég mjög ánægður með hópinn minn."



**BRYNJAR BJÖRN** Hefur staðið sig vel hjá Reading.

Brynjar Björn Gunnarsson:

## Framlengdi við Reading

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Brynjar Björn Gunnarsson framlengdi samning sinn við Reading í gær til ársins 2009 en Brynjar greindi frá nýja samningnum á bloggsíðu sinni, blogg.visir.is/brynjar.

Brynjar sagði að viðræður hefðu tekið sex vikur og það væri mikill léttir að málinu væri lokið.

- hbg

# Þróttur stigi frá efstu deild

**Þróttur er aðeins stigi frá því að tryggja sér sæti í Landsbankadeildinni eftir jafntefli gegn Þór, 2-2. ÍBV hefur ekki gefist upp og heldur pressu á Fjölni.**

**FÓTBOLTI** Þróttur hefði getað tryggt sér sæti í Landsbankadeildinni með sigri á Þór í gær en tókst ekki. Þórhallur Hinriksson skoraði jöfnunarmark Þróttara í uppbótartíma leiksins í gær og Þrótt vantar því aðeins eitt stig í síðustu þremur leikjum sínum til að tryggja sætið í Landsbankadeildinni. Þór heldur áfram að sigla lygnan sjó í deildinni þrátt fyrir stigið.

Mikil barátta er um þriðja og síðasta sætið í Landsbankadeildinni að ári og um það berjast ÍBV og Fjölnir.

ÍBV hélt pressunni á Fjölni með því að leggja Njarðvík. Fjölnir er fjórum stigum á undan en hefur leikið einum leik færra en ÍBV. Næstu andstæðingar Fjölnis eru efstu liðin, Grindavík og Þróttur, en í lokaumferðinni fer Fjölnir til Eyja í leik sem gæti skorið úr um hvort liðið kemst í Landsbankadeildina.

ÍBV á einnig eftir að leika gegn bæði Grindavík og Þrótti þannig að lokaumferðir deildarinnar verða æsispennandi og skemmtilegar án vafa.

- hbg



**GAMLAR KEMPUR** Þróttarinn Hjörtur Hjartarson er hér í harðri baráttu við Þórsarann Lárus Orra Sigurðsson en báðir eru eldri en tvævetur í bransanum. Lárus hafði góðar gætur á Hirti í gær en honum tókst ekki að skora. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## ÚRSLIT

### 1. deild karla:

| | |
|---|---|
| Þróttur-Þór | 2-2 |
| Haukur Páll Sigurðsson, Þórhallur Hinriksson - Einar Sigþórsson 2. | |
| KA-Fjarðabyggð | 1-1 |
| Alaksandar Linta - Jón Gunnar Eysteinsson, víti. | |
| Njarðvík-ÍBV | 1-3 |
| Alfreð Elías Jóhannsson - Ian Jeffs, Ingi Rafn Ingibergsson, Andri Ólafsson. | |
| Víkingur-Reynir | 2-0 |
| Sigurður Víðisson, Jón Pétur Pétursson. | |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Þróttur | 19 | 14 | 2 | 3 | 41:19 | 44 |
| **2. Grindavík** | **18** | **13** | **2** | **3** | **35:16** | **41** |
| 3. Fjölnir | 18 | 12 | 3 | 3 | 51:19 | 39 |
| **4. ÍBV** | **19** | **10** | **5** | **4** | **34:18** | **35** |
| 5. Fjarðabyggð | 19 | 9 | 4 | 6 | 21:14 | 31 |
| **6. Þór** | **19** | **5** | **5** | **9** | **30:36** | **20** |
| 7. Víkingur Ó. | 19 | 5 | 4 | 10 | 22:31 | 19 |
| **8. Leiknir R.** | **18** | **4** | **6** | **8** | **18:24** | **18** |
| 9. Stjarnan | 18 | 4 | 4 | 10 | 34:39 | 16 |
| **10. Njarðvík** | **19** | **3** | **7** | **9** | **18:29** | **16** |
| 11. KA | 19 | 4 | 4 | 11 | 12:41 | 16 |
| **12. Reynir S.** | **19** | **3** | **6** | **10** | **21:51** | **15** |






**UNDRANDI** Jón Eggert sést hér sitja á varamannabekk Framara síðasta vetur. Hann skilur ekki viðbrögð Valdimars. MYND/ALEKSANDAR DJOROVIC

Formaður handknattleiksdeildar Fram:

## Mjög undrandi á hegðun Valdimars

**HANDBOLTI** Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, segir að viðbrögð Valdimars Þórssonar komi sér á óvart enda taldi hann félagið hafa gert samkomulag við Valdimar í góðu.

„Þetta kemur mér mjög á óvart. Við ræddum nær eingöngu við föður hans og við náðum sáttum við hann. Það var allt í mesta bróðerni. Öll okkar samskipti við þá hafa verið í góðu lagi þannig að þessi tíðindi koma mér á óvart. Þó svo að við höfum verið að deila um þessa greiðslu voru samskiptin í lagi og við enduðum á að skrifa undir samkomulag sem ég taldi menn vera sátta um,“ sagði Jón Eggert við Fréttablaðið í gær.

Jón staðfestir að Fram hafi neitað að skrifa undir félagaskiptin við Malmö fyrr en sátt hafi náðst vegna eingreiðslunnar.

„Samskipti okkar við Malmö voru alltaf á þann veg að ákveðin upphæð sem þeir vildu greiða væri ekki nóg enda stóð í samningnum að Valdimar mætti fara fyrir þessa ákveðnu upphæð ef um stórlið væri að ræða. Við litum á þessa fyrirframgreiðslu sem laun og við teljum mjög eðlilegt að hann endurgreiði okkur þann pening. Meðan þeir neituðu að greiða okkur aftur kom ekkert til greina að samþykkja félagaskiptin enda stóðum við í öðrum skilningi en þeir á túlkun samningsins,“ sagði Jón Eggert en voru eingreiðslan og félagaskiptagreiðslan ekki tvö óskyld mál?

„Hann var samningsbundinn og það var ekki búið að ná samkomulagi við Malmö um lokagreiðslu. Meðan það var ekki búið að ná samkomulagi skrifuðum við ekki undir félagaskiptin,“ sagði Jón. - hbg

# Íhugar að lögsækja Fram

**Handknattleikskappinn Valdimar Þórsson íhugar alvarlega þessa dagana að lögsækja handknattleiksdeild Fram. Valdimar segir félagið hafa þvingað sig til að endurgreiða peninga sem hann telur sig hafa rétt á að halda.**

**HANDBOLTI** Valdimar Þórsson skoðar það alvarlega þessa dagana hvort hann eigi að fara í hart gegn handknattleiksdeild Fram. Ástæðan er sú að Fram vildi ekki skrifa undir félagaskipti til sænska félagsins HK Malmö fyrr en Valdimar hefði endurgreitt fé sem hann fékk frá Fram er hann skrifaði undir samning við Safamýrarliðið í sumar.

„Ég er að skoða mína stöðu í málinu og er að íhuga lögsókn enda taldi ég ekki rétt af Fram að krefja mig um þessa peninga,“ sagði Valdimar við Fréttablaðið. Ef Valdimar lætur verða alvöru úr málinu verða tveir handboltamenn í málaferlum við félagið en Sigfús Páll Sigfússon hefur þegar farið með sitt mál alla leið í héraðsdóm til að fá sig lausan frá Fram.

Í samningi Valdimars við Fram er tekið fram að hann sé laus frá félaginu berist tilboð í hann upp á 20 þúsund evrur, sem eru tæplega 1,8 milljónir króna. Malmö var tilbúið að greiða þessa upphæð fyrir Valdimar, sem fer út til Svíþjóðar eftir að Malmö fær það staðfest frá Fram að Valdimar sé laus fyrir áðurnefnda upphæð.

„Eftir að ég er kominn út byrja Framarar allt í einu að biðja um endurgreiðslu á peningagreiðslu sem ég fékk við undirskrift samningsins. Mér fannst þeir ekki eiga rétt á því enda var ekkert ákvæði um slíkt,“ sagði Valdimar en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hljómar þessi greiðsla upp á tíu þúsund evrur, eða tæplega 900 þúsund íslenskar krónur.

Fram neitaði að skrifa undir félagaskiptin fyrr en það fengi peningana til baka. Valdimar leitaði þá aðstoðar lögfræðinga og í kjölfarið var haft samband við HSÍ og þess krafist að sambandið gæfi út leikheimild fyrir Valdimar með sænska félaginu. Við þeirri bón varð HSÍ ekki. Lögmaður Valdimars taldi enn fremur að ef Fram teldi sig eiga inni pening hjá leikmanninum ætti félagið að sækja það sjálfstætt. Fram ætti aftur á móti að samþykkja félagaskiptin þar sem HK Malmö væri búið að fullnægja ákvæðum samnings Valdimars.

Valdimar bauð að lokum sátt í málinu, sem var samkvæmt heimildum Fréttablaðsins 5.000 evrur. Því tilboði var hafnað af Fram. Að lokum sættist Valdimar á kröfur Framara svo hann gæti gengið í raðir sænska félagsins, þar sem hann var þegar byrjaður að æfa með félaginu og var fluttur út með konu og barn.

„Þetta var eina leiðin í stöðunni. Það var ekkert hægt að bíða með þetta lengur. Félagið hefði hugsanlega leitað að öðrum leikmanni ef félagaskiptin hefðu ekki gengið í gegn og ég vildi ekki missa af því að spila með liðinu. Þess vegna samdi ég þó svo að ég væri ekki sáttur. Ég er fyrst og fremst feginn að vera laus frá Fram og kominn til Malmö. Við sjáum svo hvað setur,“ sagði Valdimar en samningar náðust ekki fyrr en um síðustu helgi og félagaskiptin fóru í gegn síðastliðinn mánudag. henry@frettabladid.is



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Valdimar sést hér með Kjartani Ragnarssyni, stjórnarmanni hjá Fram, fyrr í sumar. Valdimar er ekki sáttur við Kjartan og félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA




LEGACY SUBARU



Subarueigendur vita að veturnir geta oft verið harðir hér á landi. Það er því mikilvægt að vera með drif á öllum þegar keyrt er í hálkunni. Þetta vita Subarueigendur.

Boxer vélin liggur lárétt í vélarrýminu svo þyngdarpunktur bílsins er mjög lágur sem gerir hann miklu stöðugri í öllum akstri. AWD sídrifið tryggir það að aflið dreifist jafn og örugglega til hjólanna.

Þeir sem kaupa sér Subaru einu sinni, hala áfram að kaupa sér Subaru. Þeir vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar.

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Subaru Legacy eru klárlega bestu kaupin í dag. Þú finnur varla bíl með þessa eiginleika í þessum verðflokki.

Það ætti því enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru Legacy. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir.

**Svo er hann ekki bara flottur á veturna, heldur allt árið.**

SYMMETRICAL AWD

Sjálfskiptur Sedan **2.680.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.830.000,-**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525-8000 | Opið: Mán. 10 - 18, þri.-fös. 9 - 18, lau. 12 - 16.

Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464-7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990



**Í HVAÐA NÚMERI?** Eiður Smári Guðjohnsen verður númer 9 á móti Spáni. Þegar hann var síðast á bekknum með landsliðinu lék hann í númeri 18. NORDICPHOTOS/GETTY

Eiður Smári Guðjohnsen með íslenska landsliðinu:

# Ekki á bekknum í átta ár

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen byrjar á varamannabekknum í leiknum á móti Spáni á laugardaginn að eigin sögn. Hann er að jafna sig af meiðslum sem hafa haldið honum frá æfingum og keppni um tíma.

Það er langt síðan Eiður hefur verið í þeirri stöðu að sitja á varamannabekk landsliðsins. Það gerðist síðast fyrir tæpum átta árum, í frægum leik við Frakka á Stade de France 9. október 1999.

Eiður Smári var þar að leika sinn fjórða landsleik og kom þá inn á sem varamaður fyrir Ríkharð Daðason á 54. mínútu leiksins. Staðan var þá 1-2 fyrir Frakka en Eiður Smári átti mikinn þátt í jöfnunarmarki íslenska liðsins sem Brynjar Björn Gunnarsson skoraði aðeins tveimur mínútum eftir að Eiður kom inn á.

Þetta var fjórði landsleikur Eiðs Smára en hann hafði komið inn af bekknum í hinum þremur. Í fyrsta leiknum hafði hann leyst föður sinn af hólmi og í öðrum leik skoraði hann sitt fyrsta landsliðsmark.

Eiður Smári var síðan í byrjunarliði Íslands í næsta landsleik sem var 2-1 sigurleikur gegn Svíum 16. ágúst árið eftir og hefur verið í byrjunarliðinu í síðustu 42 landsleikjum. - óój

# Óli þjálfari er furðulegur

**Knattspyrnumaðurinn Allan Dyring hjá FH hefur aðeins leikið í 43 mínútur í sumar. Hann fær því klárlega best borgað á mínútu í Landsbankadeildinni enda er Allan atvinnumaður. Hann hugsar meira um peninga en fótbolta.**



**ALLAN DYRING** Í leik með FH gegn Val á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/GLORÍA

**FÓTBOLTI** Það hefur lítið farið fyrir Dananum Allan Dyring í sumar enda lítið sem ekkert leikið með FH-ingum og fjöldi manna heldur að hann sé löngu farinn heim. Svo er alls ekki. Allan er atvinnumaður á fullum launum hjá Íslandsmeisturunum og hann er með samning við FH fram í desember.

Mínútur Allan í deildinni eru klárlega þær dýrustu enda hefur hann aðeins leikið í 43 mínútur í sumar. Það er ekki einu sinni einn hálfleikur. Allan hefur aðeins tekið þátt í fjórum leikjum og það gegn fjórum neðstu liðunum í deildinni. Lengst fékk Allan að spila í 19 mínútur en styst í 5 mínútur.

Allan hefur ekki spilað síðan 3. júlí og það sem meira er þá var hann síðast í leikmannahópi FH 28. júlí. Allan hefur því ekki komist í leikmannahóp FH í síðustu sex leikjum.

„Málið er að ég hef reynt að tala við Óla en hann vill alls ekkert tala við mig. Ég veit ekki af hverju en það verður að segjast að Óli er frekar furðulegur,“ sagði Allan við Fréttablaðið.

„Þetta er samt allt í lagi. Nú er ég bara að reyna að standa mig á æfingum og ég tel mig hafa sýnt fram á að ég sé nógu góður til að komast í hópinn en Óli er því greinilega ekki sammála. Þetta fór illa í mig til að byrja með en nú er ég farinn að hlæja að þessu því ég veit ég er nógu góður til að spila. Ég geri mér einnig grein fyrir því að ég mun ekki spila meira með FH.“

Allan segir að ekki hafi kastast í kekki á milli hans og Ólafs þrátt fyrir þessa stöðu og þá staðreynd að Ólafur vilji ekki tala við hann. Daninn bað á endanum um að fara á lán til annars félags áður en félagaskiptaglugginn lokaði en það vildu FH-ingar ekki þýðast.

Því hefur verið fleygt að ástæðan fyrir því að Allan fái svo lítið að spila sem raun ber vitni sé sú að hann fái greidda ákveðna upphæð fyrir hvern leik og FH sé því að spara sér peningana. Allan segir þær sögur ekki eiga við rök að styðjast.

„Þetta hefur ekkert að gera með minn samning. Ég er atvinnumaður á föstum launum og svo fæ ég bónusa fyrir titla. Þess vegna óska ég þess innilega að við vinnum alla titla. Þá fæ ég í það minnsta góðan pening á endanum og það án þess að gera nokkurn skapaðan hlut.

Ég get ekki kvartað, venjulega myndi ég ekki hugsa um peningana en fyrst ég er ekki að spila þá hugsa ég eðlilega um peningana og það er smá sárabót að fá góðan bónus áður en ég hætti hjá FH,“ sagði Allan, sem segist hafa áhuga á því að vera að minnsta kosti eitt ár í viðbót á Íslandi en þegar hafa nokkur félög sett sig í samband við hann og lýst yfir áhuga á viðræðum þegar samningur hans við FH rennur út. henry@frettabladid.is.

**ALLAN DYRING**

| Leikir í sumar | mínútur |
|---|---|
| 24.05 gegn HK | 8 mínútur |
| 29.05 gegn Fram | 19 mínútur |
| 14.06 gegn KR | 11 mínútur |
| 03.07 gegn Víkingi | 5 mínútur |
| Samtals: | **43 mínútur** |
| Síðast í leikmannahópi FH: | 28. júlí |
| Utan hóps: | 6 leikir |
| Í hóp en kom ekki af bekk: | 6 leikir |

BANDARÍKIN ERU NÆR EN ÞÚ HELDUR



www.dhl.is

Nú brúar DHL bilið til Bandaríkjanna. Með beinum og betri tengingum við þéttriðið flutningsnet DHL um gjörvöll Bandaríkin getum við afhent sendingar þínar til Bandaríkjanna næsta virka dag. 34.000 starfsmenn DHL í Bandaríkjunum eru til þjónustu reiðubúnir. Kynntu þér þjónustuna á **www.dhl.is** og prófaðu hana næsta virka dag.

DHL afhendir sendingar þínar til Bandaríkjanna næsta virka dag

# BT




## TOSHIBA

PSAE0E-04T01GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1ML
Intel Core Duo T2080
15.4" TFT WXGA TruBrite
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512Mb)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

**OFFICE 2007**



Ef keypt er með tölvu
**9.999**
~~14.999~~

**1GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Intel® Core Duo**
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**120GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

**30.000 kr. VERÐLÆKKUN!**

**99.999**
~~129.999~~

BT LÁN™
Verð frá:
**2.897**
59 mánaða

## Panasonic

SDR-H20EB-S
Panasonic Camcorder 30gb

30GB Harður diskur
Mega O.I.S (Optical Image Stabilizer)
32x Optical Zoom
Hristivörn sem ver harða diskinn
2.7" LCD skjár
Tekur upp í 16:9 Recording
512MB SD kort fylgir
Ný MPEG2 Engine
Colour Night View
SD korta inngangur
Pictbridge

**ENGAR SPÓLUR! ENGINN KOSTNAÐUR!**



VAR AÐ LENDA

**30GB** **30GB Harður diskur**
Getur tekið upp allt að 27 klst án þess að stoppa.

**One Touch DVD Copy**
Skelltu kvikmyndinni þinni beint á Dvd disk í tölvunni með því að ýta á einn takka.

**Optical Image Stabilizer**
Hristivörn er í linsu í stað stafrænna leiðréttinga eftirá. Þessi tækni tryggir minni hristing án þessa að fórna myndgæðum.

**2,7"** **2,7" Breiðtjaldsskjár**
Taktu upp í widescreen og skoðaðu í widescreen.

**49.999**

BT LÁN™
Verð frá:
**4.992**
12 mánaða

Verð frá:
**2.830**
24 mánaða




## FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:NOM1-NSUM7-LA1
FSC AMILO LA1703 AMD
AMD Sempron 3500+
15,4" CrystalView skjár
- 1280 x 768 upplausn
UniChrome Pro skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni (533)
80GB SATA Harður Diskur
Innbyggt þráðlaust net
DVD Skrifari - Dual Layer
Windows Vista Basic

**VÁÁÁ!!!**

**20.000 kr. VERÐLÆKKUN!**

**49.999**

**15,4" WXGA TrueBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**AMD Sempron**
Aflmikill örgjörvi frá AMD. Útbúinn PowerNow! Technology.

BT LÁN™
Verð frá:
**2.830**
24 mánaða

## TOSHIBA

PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
15.4" TFT WXGA
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows® Vista Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð




**VÁÁÁ!!!**

**69.999**

**20.000 kr. VERÐLÆKKUN!**

**120GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

**1GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

BT LÁN™
Verð frá:
**2.103**
59 mánaða

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

## > Steve Martin

„Það er mjög erfitt að vera einn af fallegasta fólki heims, það er raunar byrði. Stundum fer ég í partí þar sem hinar 49 fallegu manneskjurnar eru ekki og verð mjög einangraður þar sem ég er fallegastur á staðnum. Ef ég veit fyrir fram að ég verð með „minna fallega fólkinu" reyni ég að klæða af mér fegurðina en það virðist bara hafa öfug áhrif og gera mig enn fallegri," sagði Steve í viðtali við People Magazine eftir að tímaritið valdi hann meðal 50 fallegustu manneskja heims. Steve leikur í The Lonely Guy á Stöð 2 kl. 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON HELDUR SAMBANDI VIÐ GAMLA SJÓNVARPSVINI

# *Mannvinurinn og eiturlyfjafíkillinn*



Fyrir nokkrum áratugum hittust tveir efnilegir ungir menn, þeir Stephen Fry og Hugh Laurie, í Cambridge-háskóla á Englandi og stigu þar sín fyrstu spor á leiklistarbrautinni. Síðan þá hafa þeir unnið mörg stórvirkin en hæstum hæðum hafa þeir náð í samvinnu. Þættirnir um Blackadder hefðu vart verið svipur hjá sjón án þeirra, hvað þá Jeeves & Wooster. Færri þekkja ef til vill gamanþættina A Bit of Fry and Laurie en þeir eru vel þess virði að komast í með hvaða tiltækum ráðum sem er. Hjá Fry og Laurie mætast tveir bestu eiginleikar Englendinga: fágun sem byggir á aldagömlum merg í bland við nístandi kaldhæðið grín, gjarnan með töluvert súrrealískum blæ.

Þessa dagana þjóna þeir félagarnir okkur á sjónvarpsskjánum sem fulltrúar sumars og vetrar. Fyrsta röðin af þáttunum Kingdom, þar sem Fry leikur samnefndan hjartahlýjan lögmann í enskum smábæ, hefur runnið sitt skeið á enda og við tekur dóphausinn mannasiðalausi dr. House, sem Laurie ljáir líf í samnefndum amerískum þáttum. Sem fyrr eru blóðbræðurnir eins og tvær hliðar á sama peningi. Gæðablóðið Peter Kingdom getur ráðist á mann með kjaftshöggi og bitið hann í fótinn meðan Gregory House leggur starf sitt og orðspor að veði til að bjarga lífi sjúklinga sinna. Samt er Kingdom góði kallinn og House vondi kallinn. Fry hefur fyllt ágætlega upp í sjónvarpstóm sumarsins með mannlegri smábæjarnostalgíu en það er gott að vita að Laurie er mættur með sinn safaríka durt til að halda okkur við kassann í vetur. Smjatt.

Því er við að bæta að hér á síðunni var fyrir tveimur vikum fjallað um málarana Atla og Gísla, sem gert hafa garðinn frægan í auglýsingum. Þar voru þeir sagðir danskir og einkalífi þeirra lýst í þaula en í raun eru þeir íslenskir og einkahagir þeirra dálkahöfundi að mestu ókunnir. Heimildir blaðsins reyndust því ekki áreiðanlegar að þessu sinni.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.25 Grænir fingur** SJÓNVARPIÐ



▶ **23.30 Final Destination** STÖÐ 2



▶ **20.00 Dumb and Dumberer: When Harry Met Lloyd** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.50 Laguna Beach** SIRKUS



▶ **22.50 Backpackers** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 14-2** Í þættinum er fjallað um fótboltasumarið frá ýmsum hliðum. Rýnt verður í leiki efstu deilda karla og kvenna, spáð í spilin með sérfræðingum, stuðningsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og góðum gestum. e.

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Músahús Mikka** (22:28)

**18.23 Strákurinn** (1:6)

**18.30 Ungar ofurhetjur** (17:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Orðin að engu** (The Poof Point) Bandarísk gamanmynd frá 2001. Myndin fjallar um tvo vísindamenn sem finna upp tímavél en hún virkar ekki eins og við var búist. Leikstjóri er Neal Israel og meðal leikenda eru Mark Curry, Jan Broberg Felt, Matthew Grace og Tia Iwasaki.

**21.30 Ævintýri Riddicks** (The Chronicles of Riddick) Bandarísk ævintýramynd frá 2004. Myndin er framhald myndarinnar Pitch Black og á að gerast fimm árum síðar. Riddick er eftirlýstur glæpamaður sem berst gegn illum öflum í sólkerfinu. Leikstjóri er David Twohy, en með aðalhlutverk fara Vin Diesel, Colm Feore og Judi Dench.

▶**23.25 Grænir fingur** (Greenfingers) Bresk bíómynd frá 2000 byggð á sannri sögu um fanga sem tekur þátt í garðyrkjukeppni. Leikstjóri er Joel Hershman og meðal leikenda eru Clive Owen og Helen Mirren. e.

**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Peter Pan**

**08.00 Airheads**

**10.00 Bewitched**

**12.00 Dumb and Dumberer: When Harry Met Lloyd**

**14.00 Peter Pan**

**16.00 Airheads**

**18.00 Bewitched**

▶**20.00 Dumb and Dumberer: When Harry Met Lloyd**

**22.00 The Matrix Revolutions**

**00.05 Dark Water**

**02.00 Picture Claire**

**04.00 The Matrix Revolutions**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**

**07.25 Kalli á þakinu**

**07.50 Litlu Tommi og Jenni**

**08.10 Í fínu formi 2005**

**08.25 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (15.120)

**10.15 Sisters** (2.24)

**11.00 Whose Line Is It Anyway?**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Forboðin fegurð** (65.114)

**13.55 Forboðin fegurð** (66.114)

**14.40 Lífsaugað** (e)

**15.20 Blue Collar**

**15.50 Kringlukast**

**16.13 Ævintýri Jonna Quests**

**16.38 Cubix**

**17.03 Barney**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**

**19.40 The Simpsons** (17.22)

**20.05 Stelpurnar** (3.10)

**20.30 So You Think You Can Dance** (23.23) Nú er komið að úrslitastundinni. Hver verður næsta dansstjarna Bandaríkjanna? 2007.

**22.00 The Lonely Guy** Rómantísk gamanmynd með Steve Martin í aðalhlutverki. Larry Hubbard er feiminn náungi sem veit ekki hvað hann á að gera þegar hann kemur að kærustunni í rúminu með öðrum gaur. 1984.

▶**23.30 Final Destination 3** Sjálfstætt framhald Final Destination myndanna sem slógu í gegn þegar þær komu út. Aðalhlutverk: Ryan Merriman, Kris Lemche, Mary Elizabeth Winstead. Stranglega bönnuð börnum.

**01.00 Club Dread** (Broken Lizard´s Club Dread)

**02.40 Undefeated**

**04.10 Blue Collar**

**04.35 Stelpurnar** (3.10)

**05.00 The Simpsons** (17.22)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**16.55 PGA Tour 2007 - Highlights** (Deutsche Bank Championship)

**17.50 Það helsta í PGA mótaröðinni** Inside the PGA Tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni. Fylgst er með gangi mála í mótaröðinni, birt viðtöl við kylfinga auk þess sem þeir gefa áhorfendum góð ráð.

**18.15 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.

**18.45 EM 2008** (Spánn - Ísland) Útsending frá leik Spánverja og Íslendinga í undankeppni EM sem fram fór í mars.

**20.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 07/08** Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.

**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Qwest Field)

**22.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

**22.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

**23.40 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

## SÝN2

**18.00 Premier League 2007/2008** (Aston Villa - Chelsea) Útsending frá leik Aston Villa og Chelsea

**19.40 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.10 Premier League 2007/2008** (Reading - West Ham) Útsending frá leik Reading og West Ham.

**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.50 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.25 Vörutorg**

**17.25 7th Heaven** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Friday Night Lights** (e)

**20.00 Charmed** (9.22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Áfjáður í að létta á grunsemdum Piper í sinn garð, segir Leo henni frá sínum helstu leyndarmálum. Þvert á tilætlanir hans lenda heillanornirnar í bráðri lífshættu í kjölfarið.

**21.00 The Biggest Loser** (7.12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Nú kynnumst við tveimur trúlofuðum pörum sem fá tækifæri á að vinna sér inn draumabrúðkaup og hefja heilbrigðara líf.

**22.00 Law & Order. Criminal Intent** (7.22) Leikari leikaranna Vincent D'Onofrio, hér í hlutverki lögreglustjórans Robert Goren kafar djúpt í leitinni að lausninni og hættir ekki fyrr en hann skilur orsök glæpsins.

▶**22.50 Backpackers** (10.26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir segja skilið við hversdagsleikann í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu. Alls eru þetta 26 þættir þar sem ekki er stuðst við neitt handrit og ýmislegt óvænt kemur upp á.

**23.20 C.S.I. New York** (e)

**00.10 House** (e)

**01.00 World's Most Amazing Videos** (e)

**01.50 3 Lbs** (e)

**02.40 High School Reunion** (e)

**03.30 Da Vinci's Inquest** (e)

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


GRÆNMETIS-, HRÁFÆÐIS- & DESERTANÁMSKEIÐ SOLLU



DESERTANÁMSKEIÐ 15. okt. og 16. okt. Nánari upplýsingar á www.himneskt.is

FRAMHALDS-HRÁFÆÐISNÁMSKEIÐ 4. okt.* og 10. okt. Nánari upplýsingar á www.himneskt.is

FRAMHALDS-NÁMSKEIÐ 24. sept. og 25. sept. Nánari upplýsingar á www.himneskt.is

**Byrjendanámskeið**

Frábært námskeið fyrir þá sem langar til að taka til í mataræðinu sínu & læra að nota meira heilsuhráefni í matargerðinni. Á þessu námskeiði kenni ég ykkur að útbúa einfalda & fljótlega, holla & bragðgóða grænmetis- & baunarétti ásamt himneskum eftirréttum. Athugið að allir þessir réttir passa vel með kjöti & fiski en standa líka einir & sér sem hin fullkomna grænmetismáltíð. Formið á námskeiðinu er fræðsla & sýnikennsla.

**Námskeiðið er eitt kvöld frá kl. 19–22. Námskeiðsdagar: 17. september*, 18. september, 8. október og 9. október. Verð 5.000 kr. Kennari er Sólveg Eiríksdóttir. Væn uppskriftamappa ásamt fullri máltíð fylgir. Skráning á solla@himneskt.is**

**Hráfæðisnámskeið**

Frábært námskeið fyrir byrjendur í hráfæði. Þið lærið allt um hvað hráfæði er. Á þessu námskeiði kenni ég ykkur að taka hráfæðið meira inn á matseðilinn ykkar. Þið lærið að útbúa einfalda, fljótlega, holla & bragðgóða hráfæðisrétti, ásamt himneskum eftirréttum.

Við búum til mjólk úr hnetum, möndlum & fræjum, salöt, hrákex, álegg, aðalrétti & himneskan eftirrétt.

**Námskeiðið er eitt kvöld frá kl. 19–22. Námskeiðsdagur: 12. september. Verð 5.000 kr. Kennari er Sólveg Eiríksdóttir. Væn uppskriftamappa ásamt fræðsluefni og fullri máltíð fylgir. Skráning á solla@himneskt.is**

HIMNESK HOLLUSTA

* UPPSELT Á NÁMSKEIÐIÐ

Himnesk hollusta | Sundaborg 5 | 104 Reykjavík | Sími 554 7273 | Fax 554 7374 | www.himneskt.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Stelpurnar

Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. Nýir og skemmtilegir leikarar hafa slegist í hópinn, þar á meðal hin frábæra Helga Braga. Stelpurnar hafa þrívegis unnið til Edduverðlauna og eru ómissandi skemmtun fyrir alla sem kunna að meta ekta íslenskan húmor.



### ▶ Við mælum með ÆVINTÝRI RIDDICKS Sjónvarpið kl. 21.30

Bandarísk ævintýramynd frá 2004. Myndin er framhald myndarinnar Pitch Black og á að gerast fimm árum síðar. Riddick er eftirlýstur glæpamaður sem berst gegn illum öflum í sólkerfinu. Leikstjóri er David Twohy en með aðalhlutverk fara Vin Diesel, Colm Feore, Thandie Newton og Judi Dench.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Stofa sex
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Tímakornið
**19.40** Pollapönk
**20.10** Kvöldtónar
**21.00** Kampavín og kalóríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.30 Fréttir**
**19.00 Hollyoaks** (9.260)
**19.30 Hollyoaks** (10.260)
**20.00 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
**20.25 Kenny vs. Spenny** Kenny og Spenny eru í eilífri samkeppni en hér fáum við að fylgjast með þeim félögum keppa í alls kyns fáránlegum þrautum til að komast að því hver er bestur.
▶ **20.50 Laguna Beach** Skemmtilegur raunveruleikaþáttur þar sem fylgst er með ríku og fallegu unglingunum í Laguna Beach. Þátturinn hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum sem og hér og landi.
**21.20 Jake 2.0** (8.16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Er hann nú sterkari og sneggri en nokkur annar og ákveður leyniþjónusta Bandaríkjanna að nýta sér krafta hans. Hörkuspennandi þættir.
**22.00 Bones** (16.21) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
**22.45 Life on Mars** Önnur röð breskra þátta þar sem segir frá lögreglumanninum Sam Tyler, sem lendir í alvarlegu slysi og þegar hann vaknar er hann staddur á árinu 1973. Hvað er hér að baki, tímaferðalag eða er hann að dreyma?
**23.40 MTV Video Music Awards 2006**
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Down to Earth **13.00** Miss Marple **14.00** Passport to the Sun **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Spa Of Embarrassing Illnesses **17.45** Posh Nosh **18.00** Silent Witness **19.00** New Tricks **20.00** Swiss Toni **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Silent Witness **22.00** Dad's Army **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Silent Witness **2.00** Down to Earth **3.00** A Place in France **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** Binka **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**11.55** Rabatten **12.20** Kender du typen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Tjenesten - nu på TV **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Danni **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Nettet **21.20** Forbandelsen **22.50** Stone Killer **5.30** Den lille røde traktor **5.40** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**11.35** Furi og den magiske skogen **13.00** Orson og Olivia **13.30** Øya **14.05** Tikopia **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Charlie og Lola **16.15** Karsten og Petra **16.20** Sauen Shaun **16.30** Miniplanetene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Valg 07 - Partilederdebatt **19.45** Inspektør Lynley **21.10** Kveldsnytt **21.25** Friidrett: Golden League fra Zürich **22.25** Historien om Barry White **23.15** Svarte Orm **5.30** Olsen **6.00** Små Einsteins

## SVT 1

**13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Att vara lite extra **15.30** Niklas mat **16.00** Lisas sagoshow **16.20** KatjaKaj och BenteBent **16.30** Fåret Shaun **16.35** Häxan Surtant **17.00** Lilla Melodifestivalen **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Down With Love **20.40** Mia och Klara **21.10** Rapport **21.20** Kulturnyheterna **21.30** En vampyrs bekännelse **23.30** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa


Frá kr. 1.430.000
Getz

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*

✓ Flottur ✓ Hagstæður
✓ Rúmgóður ✓ Traust bílaumboð
✓ Öruggur ✓ Góð þjónusta

Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



512 Auglýsingasími 50 50



– Mest lesið

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Þetta var hreinn þrældómur og ég hef aldrei lagt eins hart að mér á ævinni.“*

Sigurður A. Magnússon um þýðinguna á Ódysseifi eftir Joyce. Pressan, mars 1992.

„Ég held að það sé alveg rétt. Þetta voru sjö dagar í viku og tíu tímar á dag, í næstum þrjú ár. Þegar því var lokið hellti ég mér í að þýða Walt Whitman til að ná mér niður. Þegar ég lít á bókina nú hugsa ég bara „Hvernig í dauðanum fór ég að þessu?“ segir Sigurður í dag.

# Spaugstofan með breyttu sniði í vetur

„Við ætlum nú að haga þessu eftir veðri og vindum en auðvitað erum við með okkar óskalista þótt ég vilji nú síður gefa hann upp,“ segir Örn Árnason, einn forsprakka hinnar sívinsælu Spaugstofu. Nokkrar breytingar verða hjá fimmmenningunum því þeir hafa í hyggju að bjóða úrvali góðra gesta að taka þátt í að skrifa og leika í þáttaröð vetrarins. Örn vildi ómögulega gefa upp hverjir þetta væru en bætti því við að þetta þyrftu ekkert endilega að vera leikarar heldur gætu gestirnir verið fólkið sem hefði verið hvað mest í umræðunni hverju sinni. „Við ætlum að poppa og peppa þáttinn aðeins upp, síðasti vetur gekk mjög vel og við ætlum auðvitað að reyna að gera enn betur núna,“ segir Örn.

Það er reyndar engin nýlunda hjá Spaugstofunni að hafa aukaleikara hjá sér en að þessu sinni verður þetta aðeins meira í ætt við hinn bandaríska Saturday Night Live, sem nýtur gríðarlegra vinsælda þar vestra.

Fyrsti fundurinn hjá þeim félögum var áætlaður í gærkvöldi en þó gat brugðið til beggja vona enda Sigurður Sigurjónsson fastur fyrir norðan að leikstýra Óvitunum eftir Guðrúnu Helgadóttur hjá Leikfélagi Akureyrar. Tökur hafa hins vegar verið skipulagðar í næstu viku. Spaugstofan varð til árið 1985 en hefur starfað í núverandi mynd síðan 1989. Þrjúhundruðasti Spaugstofuþátturinn fór í loftið í mars síðastliðnum. - fgg



**BREYTINGAR Í VETUR** Búast má við góðum gestum hjá Spaugstofumönnum í vetur, leikurum jafnt sem öðru málsmetandi fólki. Örn Árnason er spenntur fyrir vetrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** sæti **6.** frá **8.** merki **9.** hrygning **11.** ung **12.** stoðvirki **14.** laust bit **16.** í röð **17.** hamfletta **18.** hjör **20.** hróp **21.** mjög.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gól **3.** skammstöfun **4.** skordýr **5.** móða **7.** forskot **10.** að **13.** gogg **15.** hreinsiefni **16.** vætla **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** af, **8.** hak, **9.** got, **11.** ný, **12.** grind, **14.** glefs, **16.** íj, **17.** flá, **18.** löm, **20.** óp, **21.** afar.

**LÓÐRÉTT: 1.** gagg, **3.** eh, **4.** sandfló, **5.** ský, **7.** forgjöf, **10.** til, **13.** net, **15.** sápu, **16.** íla, **19.** ma.






**PABBASTELPA** Kristján ásamt Rannveigu dóttur sinni á góðri stundu fyrir norðan. FRÉTTABLAÐIÐ/MYNDRÚN

KRISTJÁN JÓHANNSSON: STÓRTÓNLEIKAR Á SUNNUDAGINN

# Syngur til heiðurs Pavarotti

„Við vorum ágætis mátar þótt við stæðum aldrei á sviðinu saman. Við skiptumst á sýningum um allan heim og hann var mikill listamaður,“ segir Kristján Jóhannsson stórtenór, sem heldur tónleika á Akureyri nú á sunnudaginn. Eins og fram kom í fjölmiðlum í gær andaðist hetjutenórinn Luciano Pavarotti eftir harða baráttu við krabbamein og Kristján dregur ekki dul á virðingu sína fyrir honum, segir hann hafa verið konung söngvaranna.

„Pavarotti söng fram á síðasta dag og dó sem tenór. Þetta var mikill listamaður en eins og svo oft hjá svona snillingum hélt hann sig mikið til hlés. En þetta var ágætis maður og fráfall hans gerir það að verkum að ég mun beita mér enn frekar á sunnudaginn,“ útskýrir Kristján. Hann mun tileinka starfsbróður sínum eitt lag á tónleikunum og heiðra þannig minningu hans.

Kristján er kominn heim í heiðardalinn, norður á Akureyri, og þar hefur honum verið tekið með kostum og kynjum. Sveitungar tenórsins stöðva hann úti á götu til að ræða málin og þá þótti honum vænt um þegar afgreiðslumaður í fataverslun bað hann um eiginhandaráritun eftir að hann hafði keypt pils. „Konunni minni finnst ég alltaf breytast þegar ég kem heim. En ég veit ekkert hvort það er til góðs eða ills,“ segir Kristján og skellir upp úr. Hann var þá staddur við Pollinn og horfði á lítinn bát sigla meðfram bænum. „Ég væri sko alveg til í að vera þarna um borð,“ bætir óperusöngvarinn við.

Kristján var nýkominn af æfingu með stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Guðmundi Óla Gunnarssyni, og píanóleikaranum Daníel Þorsteinssyni. Þótt fráfall Pavarotti setji einhvern svip á tónleikana ætlar Kristján þó helst að syngja til móður sinnar, Fanneyjar Oddgeirsdóttur, sem verður níræð 14. september næstkomandi. „Ég er virkilega spenntur og mér finnst ég vera í góðu formi. Vonandi get ég gefið áheyrendum góða kvöldstund,“ segir Kristján. Með honum á sviðinu verður gríska sópransöngkonan Sofiu Mitropoulos og einn fyrsti nemandi Kristjáns, ítalski barítóninn Corado Alessandro Cappitt.

freyrgigja@frettabladid.is



**PAVAROTTI** Lést á miðvikudag eftir harða baráttu við krabbamein

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Pálmi Gestsson,** leikarinn góðkunni, er óðum að jafna sig eftir að hafa slasast á hestbaki í sumar. Grínistinn er orðinn rólfær og nýtti tækifærið vel í vikunni og skellti sér austur til að skjóta hreindýr. Ekki var að sökum að spyrja hjá Pálma, sem lét eymsl ekki aftra sér og kom heim með glæsilegan tarf.



Stöð 2 er farin á fulla ferð við að kynna haustdagskrá sína. Greinilegt er að forsvarsmenn stöðvarinnar leggja nánast allt traust á þá þrjá drengi sem eitt sinn stjórnuðu Strákunum því þeir **Pétur Jóhann Sigfússon, Sverrir Þór Sverrisson og Auðunn Blöndal** koma við sögu í helstu vopnum stöðvarinnar; þeir leika allir í nýrri þáttaröð af Stelpunum en auk þess leikur Pétur aðalhlutverkið í Næturvaktinni, Sverrir verður með morgunsjónvarp og Auðunn Blöndal hrekkir fræga fólkið í Tekinn.



Aðeins meira af sjónvarpi því Skjár einn og **Þorsteinn Guðmundsson** hafa gert með sér samkomulag um að sá síðarnefndi stjórni spjallþætti á sjónvarpsstöðinni eftir áramót. Eins og kom fram í Fréttablaðinu var þátturinn í bígerð og hefur nú þegar verið gerður svokallaður pilot. Skjár einn er jafnframt farinn að leita eftir leikurum og aukaleikurum í þáttinn en ekki fæst uppgefið til hvaða verka þeir eiga að hverfa. - fgg






# Myndavél Áslaugar stolið

Ljósmyndarinn Áslaug Snorradóttir varð fyrir þeirri ógæfu að aðalvinnutæki hennar, myndavél af gerðinni Fuji GX 680 var stolið í síðasta mánuði. „Hún var í stórri svartri ferðatösku á hjólum, sem hvarf af heimili mínu á Dalbraut þrjú um miðjan ágúst. Í töskunni er medium-format filmumyndavél, fjórar linsur og fylgihlutir,“ útskýrði Áslaug, sem segir missinn mikinn. „Þetta er vinnutæki mitt til síðustu tólf ára. Það eru ekki til nema þrjár svona vélar á Íslandi í dag,“ sagði hún.

Áslaug segir vélina vera ómetanlega með öllu. „Hún er tólf ára gömul, þannig að þetta er ekki heldur mjög spennandi þýfi, og svo er ég tilfinningalega tengd henni líka. Þess vegna langar mig svo ofboðslega að fá hana aftur og býð mjög góð fundarlaun,“ sagði Áslaug, sem nú vinnur að gerð matreiðslubókar ásamt Rúnari Marvinssyni.

Vélin hvarf á sama tíma og framkvæmdir stóðu yfir á heimili Áslaugar, en hún var sjálf í útlöndum. „Myndavélin er ekki tryggð, af því að húsið var allt galopið á meðan á vinnunni stóð. Ég held að þjófar ímyndi sér að þetta sé allt í lagi, af því að það sé allt saman tryggt,“ sagði Áslaug. „Þessi græja fæst ekki einu sinni lengur. Það er til ein í Taívan, svo ég þyrfti að fara þangað til að kaupa nýja,“ bætti hún við.

Hægt er að hafa samband við Áslaugu í síma 862 9098 eða á lupina@internet.is. Hún heitir veglegum fundarlaunum fyrir gripinn góða. - sun



**MIKILL MISSIR** Áslaug saknar vélarinnar góðu, sem hefur verið aðalvinnutæki hennar síðustu tólf árin, og heitir góðum fundarlaunum.



# MEGAS

## & SENUÞJÓFARNIR

### FRÁGANGUR




★★★★★

**„Á heildina litið er Frágangur frábær plata. Ein af bestu plötum Megasar.“**
Trausti Júlíusson,
Fréttablaðið 31. júlí 2007

★★★★★

**„Það verður sagt strax að Frágangur er með því besta sem Megas hefur gert, og er þá mikið sagt.“**
Gísli Árnason,
Morgunblaðið 27. júlí 2007

**STÓRTÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL**
**13. OKTÓBER - MIÐASALA HAFIN**

sena

okkar heimur // þín skemmtun

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









## BAKÞANKAR
**Bergsteins Sigurðssonar**

### *Mitt framlag*

Mér er stundum legið á hálsi fyrir að sjá ekki heildarmyndina. Og það réttilega. Gefum okkur að ég kæmist í tæri við óskabrunn. Áður en ég myndi eftir vágestum á borð við örbirgð, sjúkdóma og styrjaldir væri ég líklega búinn að sólunda óskunum í eitthvað fáfengilegt á borð við að fólk hætti að kalla kjúkling kjúlla eða að plebbadrykkjum á borð við Pepsi Max yrði útrýmt. Þetta er eiginlega það eina í heiminum sem truflar mig að einhverju ráði. Með öðrum orðum hugsa ég ekki sérlega stórt.

**HELSTU** afleiðingar lítilfjörlegra pælinga eru skortur á ástríðu – kolunum sem kynda hugsjónirnar – og birtist aðallega í tómlæti gagnvart „stóru málunum“. Ég hef líklega sterkari skoðanir á hvítu gallabuxunum sem ég sá Egil Ólafsson einu sinni í á Laugaveginum en á hlýnun jarðar. Við þetta ástand verður vitaskuld ekki lengur unað. Það er ekki lengur töff að vera töff og standa á sama um allt og alla. Það eina sem blífur nú til dags er að láta málin sig varða, fá nóg af þessu öllu saman og steyta hnefa í mótskælaskyni, helst gegn einhverju merkilegra en Pepsi Max.

**ÉG** er sem sagt í leit að ástríðu – hugsjón til að helga mig og berjast fyrir. Sem er heilmikil skuldbinding og ekkert til að flana að. Byrja kannski á að taka þátt í vitundarvakningu eða þjóðarátaki, til dæmis skógrækt, og vinn mig smátt og smátt upp í froðufellandi grænmetisætu sem slettir lífrænu skyri á alþingismenn. Umhverfismál eru heppilegur upphafspunktur, víðfeðmur málaflokkur sem er mikið í umræðunni og auðvelt að flétta við aðra þætti daglegs lífs, til dæmis samgöngur, sem eru í brennidepli þessa dagana.

**ÉG** hef nokkuð skýra afstöðu gagnvart bæði umferðarteppu og slysum: ég er á móti þeim. Ég hef því ákveðið að leggja mitt af mörkum í þágu umferðaröryggis og umhverfisverndar og fengið mér reiðhjól. Með þessu móti ek ég ekki á neinn og bjarga ábyggilega lífi fjölda leikskólabarna sem að öðrum kosti myndu tærast upp í svifryki. Ég ætla reyndar ekki að losa mig við bílinn alveg strax. Ég lofa aftur á móti að nota hann bara í ítrustu neyð og ætla alltaf að hjóla í vinnuna. Nema auðvitað þegar það er rigning og mótvindur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 7. sept., 250. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.26 | 13.26 | 20.24 |
| Akureyri | 6.06 | 13.10 | 20.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


